# FRÉTTABLAÐIÐ

118. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 23. MAÍ 2019





# Tökum ekki þátt í feluleiknum

UNICEF biðlar til almennings um að ganga í breiðfylkingu í því skyni að útrýma ofbeldi gegn börnum á Íslandi í sameiningu. Okkar er ábyrgðin.

➔ 14 og 16

## Þingið í gíslingu Miðflokksins

**SKOÐUN** „Daga og nætur eru þingfundirnir undirlagðir af ræðum þingmanna úr einum þingflokki þar sem hver þingmaðurinn fer í ræðustól á fætur öðrum og samflokksþingmennirnir tínast í andsvör við þann fyrri. Að ógleymdu hólinu hvers til annars, það er gott að fá klapp á bakið.“ Þetta segir Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í aðsendri grein í blaðinu í dag þar sem hún gagnrýnir Miðflokkinn fyrir að „taka þingið í gíslingu“ í umræðu um þriðja orkupakkann. Hún segir málþóf séríslenskt fyrirbrigði og vill að endurskoðað verði hvernig þinghaldi er háttað. „Núverandi fyrirkomulag, þar sem fámennur hópur stjórnarandstæðinga getur tekið þingið í gíslingu, gengur ekki til framtíðar.“ – ósk / sjá síðu 20

**Hver þingmaðurinn fer í ræðustól á fætur öðrum og samflokksþingmennirnir tínast í andsvör við þann fyrri.**



Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks

## Útlit fyrir sigur Nigels Farage

**BRETLAND** Útlit er fyrir að Brexitflokkurinn undir forystu Nigels Farage vinni stórsigur í Evrópuþingskosningunum í Bretlandi. Flokkurinn mælist stærri en Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn samanlagt og gæti vel orðið sá stærsti á Evrópuþinginu.

Framboðið er hugsað sérstaklega til þess að þrýsta á stjórnvöld að breyta um stefnu í útgöngumálum og vill Farage koma samningslausri útgöngu aftur á borðið. Breska þingið hefur hafnað þeim möguleika, líkt og reyndar öllum öðrum til þess.

Félagsskapurinn sem stendur að Brexitflokknum með Farage er afar umdeildur. Þar eru meðal annars byltingarsinnaðir kommúnistar, fólk sem hefur komið Harvey Weinstein til varnar og fyrrverandi formaður sem sagði íslam fela í sér undirgefni við nauðgara. – þea / sjá síðu 10

## Þörf á líknandi þjónustu mun tvöfaldast

**HEILBRIGÐISVÍSINDI** Niðurstöður vísindamanna við King's College-rannsóknarháskólann í Lundúnum sýna fram á að fjöldi þeirra einstaklinga sem eru dauðvona og þarfnast líknandi þjónustu mun nær tvöfaldast í heiminum á næstu fjórum áratugum.

Vísindamennirnir, sem birtu niðurstöður sínar í vísindaritinu The Lancet í gærkvöld, áætla að árið 2060 muni 48 milljónir manna deyja árlega í kjölfar alvarlegra heilsutengdra veikinda og þjáninga, eða um 47 prósent allra dauðsfalla. Þetta er 87 prósenta aukning þegar miðað er við stöðuna eins og hún var í heiminum árið 2016.
– khn / sjá síðu 8

## Upptakan ólögleg en ekki tilefni til þess að sekta

**DÓMSMÁL** Persónuvernd sér ekki tilefni til þess að sekta Báru Halldórsdóttur vegna upptöku hennar á samtali Miðflokksmanna á Klaustri bar í nóvember þótt upptakan hafi farið í bága við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Báru er hins vegar gert að eyða upptökunni og senda Persónuvernd staðfestingu á því að það hafi verið gert. Þetta segir í úrskurði Persónuverndar um málið.

Með tilliti til lengdar upptökunnar kemst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að hún hafi falið í sér rafræna vöktun. Það brjóti í bága við lög um persónuvernd þar sem gefa þarf merki eða gera viðvart um vöktun og ábyrgðaraðila hennar á áberandi hátt þegar slík vöktun er stunduð á almannafæri.

Að mati Persónuverndar ber þó að líta til þeirra skýringa Báru að „hún hafi tekið umræddar samræður upp þar sem hún hafi talið ummæli í þeim hafa þýðingu í ljósi stöðu þátttakenda“ og að hún hafi verið á Klaustri fyrir tilviljun. Einnig er litið til þeirrar umræðu sem varð í samfélaginu „um háttsemi þjóðkjörinna fulltrúa“.

**Þegar litið er til alls framanhreinds, einkum tilgangs vinnslunnar og kringumstæðna að öðru leyti, eru ekki efni að mati Persónuverndar til að leggja á sekt.**

Úr úrskurði Persónuverndar

Þá segir í úrskurðinum að rannsókn málsins hafi ekki leitt í ljós nokkurn samverknað „sem væri til þess fallinn að hafa íþyngjandi áhrif, né heldur skapað forsendur til að taka afstöðu af eða á til réttmætis áðurnefndra skýringa“.

„Þegar litið er til alls framangreinds, einkum tilgangs vinnslunnar og kringumstæðna að öðru leyti, eru ekki efni að mati Persónuverndar til að leggja á sekt,“ segir aukinheldur í úrskurði Persónuverndar.
– þea






## Veður




Norðaustan eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað að mestu og súld á köflum, en heldur bjartara og stöku síðdegisskúrir suðvestan til á landinu. Léttir heldur til norðanlands og dregur úr úrkomu, en áfram síðdegisskúrir syðra.

SJÁ SÍÐU 30

# Titillinn í höfn



Selfoss tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta með 35-25 sigri á Haukum á Selfossi í gær. Langri bið Selfyssinga eftir fyrsta Íslandsmeistaratitlinum er lokið. Þeir áttu erfitt með að hemja tilfinningarnar í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá leiknum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Deilir ást sinni á Hatara með heimsbyggðinni

**EUROVISION** „Ég ákvað að búa til hóp þar sem aðdáendur Hatara gætu komið saman og deilt efni sín á milli, kynnt tónlist þeirra fyrir hvert öðru og hjálpað þeim að vinna Eurovision,“ segir Biljana Božović, frá Svartfjallalandi, sem stofnaði alþjóðlegan aðdáendaklúbb Hatara á Facebook. Hún bjóst ekki við að fjöldi meðlima yrði jafn mikill og raun ber vitni, en í hópnum eru yfir þúsund manns.

Hópurinn samanstendur af fólki úr öllum áttum, á ólíkum aldri sem á það sameiginlegt að elska Hatara. „Fólkið er á öllum aldri en flestir eldri en þrjátíu. Það sýnir mér að aldur er afstæður þegar kemur að tónlist og skilaboðum Hatara.“



**Biljana Božović, stofnandi alþjóðlegs aðdáendahóps Hatara.**

Hún segir Íslendinga eigi að vera stolta af framlagi Íslands í Eurovision og boðskapnum. „Textarnir, krafturinn, orkan og allur and-kapítalíski boðskapurinn. Frábært!“

Aðspurð að því hvað henni fannst um það þegar Hatari sýndi palestínsk flögg á úrslitakvöldi keppninnar segir Biljana að henni hafi fundist það frábært. „Mér fannst þau svo hugrökk.“

Biljana hafði ekki heyrt af Hatara fyrir Eurovision. „Ég heillaðist í fyrsta sinn sem ég heyrði Hatrið mun sigra.“

Meðlimir hópsins vonuðust eftir sigri í Eurovison en segja að þrátt fyrir að Hatari hafi ekki náð toppsætinu séu þeir hinir sönnu sigurvegarar Eurovision 2019. – bdj

## Ingvar valinn besti leikarinn

**MENNING** Ingvar E. Sigurðsson var í gær valinn besti leikarinn á Critics' Week hátíðinni, hliðardagskrá Cannes-kvikmyndahátíðarinnar. Verðlaunin hlýtur hann fyrir leik sinn í myndinni Hvítur, hvítur dagur í leikstjórn Hlyns Pálmasonar.



**Ingvar E. Sigurðsson.**

Myndin var frumsýnd á hátíðinni en hún kemur fyrst í sýningar hér á landi þann 6. september. Ingvar leikur föður og lögreglustjóra í litlu sjávarþorpi og hefur uppskorið mikið lof gagnrýnenda á hátíðinni. „Öflug saga, vel útpæld og fersk,“ sagði til að mynda í The Hollywood Reporter um myndina á meðan gagnrýnandi MUBI sagði myndina hreinlega sláandi. – þea

# Kvenprestar neita að sitja fundi með Ólafi

**Stjórn félags kvenpresta skoraði á fulltrúa á héraðsfundi að standa upp og ganga út ef fyrrverandi sóknarprestur í Grensáskirkju myndi mæta. Hann hefur verið sakaður um áreitni í garð kvenna. Sr. Ólafur mætti ekki á fundinn.**



Biskup leysti Sr. Ólaf Jóhanneson frá störfum í desember síðastliðnum. Ákvörðun biskups var metin ólögleg af stjórnvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**TRÚMÁL** Stjórn Félags prestvígðra kvenna hvatti alla fundargesti á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, sem haldinn var í gær, til að sitja ekki fundinn ef séra Ólafur Jóhannsson myndi mæta til fundarins. Ólafur var sóknarprestur í Grensáskirkju þegar konur innan kirkjunnar sökuðu hann um áreitni árið 2017 og hefur verið í leyfi frá störfum síðan.

Héraðsfundur er haldinn árlega í hverju prófastsdæmi innan kirkjunnar þar sem farið er yfir starf vetrarins. Má líkja þessum fundum við aðalfundi fyrirtækja og félagasamtaka þar sem skýrsla stjórnar liggur fyrir auk þess sem kosið er í hin ýmsu ráð innan kirkjunnar. Séra Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigskirkju og prófastur á svæðinu, segir um sextíu manns hafa verið boðaða á fundinn og hafa þar atkvæðisrétt. Séra Ólafur hafi þar ekki atkvæðisrétt þar sem annar prestur er starfandi sóknarprestur í Grensáskirkju. Sá hafi verið boðaður á fundinn.

Þar sem héraðsfundur prófastsdæma eru opnir öllum þeim sem annt er um kirkjunnar mál var talið líklegt að séra Ólafur myndi mæta á fundinn. Því sendi stjórn félags kvenpresta póst á alla þá sem höfðu fengið boð á fundinn frá prófasti. „Öll höfum við rétt á að starfa í öruggu vinnuumhverfi og sjálfsögð krafa að velferð þolenda sé öðrum hagsmunum rétthærri í kirkjunni okkar. Í ljósi nýafstaðinna atburða er varða málefni Ólafs Jóhannssonar hvetur stjórn Félags prestvígðra kvenna alla fundargesti er boðuð eru og munu sitja héraðsfund í dag í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra til að taka ábyrga afstöðu með þolendum Ólafs,“ segir í bréfi kvenpresta. „Það gerið þið með því að sitja ekki fundinn ákveði Ólafur að birtast óvelkominn, heldur hvetjum við ykkur til að rísa á fætur og ganga út af fundinum. Er það von stjórnar að samstaða myndist um þessi mótmæli er varða hag okkar allra sem störfum fyrir kirkjuna.“

> **Það gerið þið með því að sitja ekki fundinn ákveði Ólafur að birtast óvelkominn, heldur hvetjum við ykkur til að rísa á fætur og ganga út af fundinum.**
>
> Úr bréfi Félags prestvígðra kvenna

Nú um mánaðamótin verður Grensásprestakall lagt niður og sameinað Bústaðaprestakalli. Ekki er vitað hvað verður um gömlu sóknarprestsstöðu séra Ólafs við þá breytingu. Staða sóknarprests í sameinuðu prestakalli verður að öllum líkindum auglýst. Biskup leysti Ólaf frá störfum í desember síðastliðnum og hafa stjórnvöld komist að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun biskups hafi verið ólögleg. sveinn@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Tilboðsveislunni lýkur um helgina**

Skoðaðu blaðið á husa.is



# Tilboðsveisla

## Sumarblóm á geggjuðu verði



**Stjúpur, 10 stk.**

**999 kr**

JOTUN

Öll pallaolía frá Jotun

**20% afsláttur**



Broil King

**49.990 kr**

~~61.990 kr~~

**Gasgrill Crown 310**

8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.

3000317



Nýtt

**Sumarblóma Confetti, nokkrar gerðir**

Sumarblómablanda, blönduð sumarblóm í 15 eða 21 cm potti. Hægt að hengja upp, krókur fylgir.

Verð frá:

**1.990 kr**

~~2.690 kr~~



Allir útipottar

**20% afsláttur**

50% afsláttur

**Sýpris í útipottinn**

80-100 cm.

**999 kr**

~~1.990 kr~~



AUTHOR®

20% afsláttur

**42.000 kr**

~~52.500 kr~~

**Reiðhjól Outset, fjalla og götuhjól**

26" Trophy, 17" og 19" hjól, grind, svart/appelsínugult, Shimano 21 gírar, þyngd 14,1 kg.

3901414



IKRA mogatec

**4.995 kr**

**Rafmagnsorf**

350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, framlengjanlegt skaft.

5086616

Sjáðu verðið!



TEXAS

26% afsláttur

**33.995 kr**

~~45.995 kr~~

**Bensínsláttuvél Razor 4610**

139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.

5085301



TEXAS

20% afsláttur

**11.995 kr**

~~14.995 kr~~

**Rafmagnssláttuvél**

Texas Smart. 1200W, sláttubreidd 32 cm, hæðarstillingar 30-60mm

5085114

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Sendi nektarmyndir af barnsmóður sinni á yfir 200 netföng

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í gær að karlmaður sem grunaður er um að hafa beitt barnsmóður sína kynferðislegu ofbeldi, meðal annars með dreifingu nektarmynda af henni, skuli sæta tveggja vikna gæsluvarðhaldi.

Maðurinn er grunaður um að hafa sent myndirnar á 235 netföng og að hafa birt þær á samfélagsmiðlum. Myndirnar á hann meðal annars að hafa sent til fjölskyldu konunnar, vina hennar, foreldra barna í bekk sonar þeirra og fleiri.

Fram kemur í úrskurðinum að rannsókn málsins hafi hafist í febrúar þegar konan lagði fram kæru á hendur manninum. Hún lýsti því í skýrslutökum að síðastliðin fjögur ár hefði maðurinn beitt hana miklu andlegu ofbeldi, og sagði hann hafa tryllst þegar hún vísaði honum út af heimili sínu. Í kjölfarið hefði hann byrjað að dreifa um tuttugu nektarmyndum af henni, sparkað í síðu hennar, hellt yfir hana mjólk og slegið son þeirra kinnhest.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að í febrúar og mars hafi 121 tölvupóstur verið sendur á 235 mismunandi netföng, en talið er að fleiri en einn viðtakandi geti verið að baki nokkrum þeirra póstfanga. Afrit af meirihluta tölvupóstanna var sent konunni.

Maðurinn hefur neitað að tjá sig við lögreglu, að öðru leyti en því að hann kannist ekki við netföngin sem tölvupóstarnir voru sendir úr. Héraðsdómur féllst á að rökstuddur grunur væri um að hann hefði gerst sekur um brotin, og taldi ekki útilokað að hann gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að eyða rafrænum sönnunargögnum, gangi hann laus. **– sks**

## Fleiri boðaðir þingfundir vegna málþófs

**STJÓRNMÁL** Forsætisnefnd Alþingis ákvað í gær að bæta við þingfundum í dag og á morgun en til stóð að báðir dagar færu í nefndafundi. Ætla má að ákvörðunin sé tekin sökum þess að störf þingsins hafa riðlast eftir málþóf þingmanna Miðflokksins í umræðum um þriðja orkupakkann síðustu daga.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar sem hefur haft málið til meðferðar, segir sjálfsagt að bæta við fleiri þingfundardögum. „Málfrelsi þingmanna er auðvitað mikilvægt. Það er alveg ljóst að Miðflokksmenn telja sig þurfa fleiri klukkutíma til að ræða sín á milli um orkupakkann þó að ekkert nýtt hafi komið fram um málið og öllum spurningum verið svarað margoft.“

> **Það er alveg ljóst að Miðflokksmenn telja sig þurfa fleiri klukkutíma til að ræða sín á milli um orkupakkann.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar



Með þessu eru sjö þingfundadagar eftir. Þingsins bíður ærið verkefni en líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær bíða þess á fimmta hundrað verkefni. Alls bíður 71 lagafrumvarp nú fyrstu umræðu í þinginu og tíu önnur bíða annarrar umræðu. Þá eru 105 lagafrumvörp í meðförum nefnda. Auk þess þarf að afgreiða 113 þingsályktunartillögur og 142 fyrirspurnir þingmanna áður en af þinglokum verður hinn 5. júní.

Í umræðum í gær var varpað fram þeirri hugmynd hvort virkja ætti 71. grein þingskaparlaga. Þá getur forseti þings skorið á hnútinn og stöðvað umræður eða stytt þær.

Þingmenn Miðflokksins voru á sínum stað, í ræðustól þingsins það er að segja, við upphaf þingfundar í gær. **– dfb**

# IV. orkupakkinn samþykktur

**Ráðherraráð ESB hefur samþykkt allar reglugerðir fjórða orkupakkans. Breytingar innleiða hreinni orkugjafa. Sérfræðingur í orkurétti segir líklegt að orkupakkinn fari í ferli hjá EES innan fárra mánaða.**

**ORKUMÁL** „Þetta snýst um að það er verið að bregðast við áskorunum á orkumörkuðum sem að tengjast markmiðum ESB að auka, og á endanum nýta eingöngu, hreina orkugjafa. Svona breytingar eru ekki gerðar nema vegna áskorana. Þetta er ekki gert af því bara,“ segir Kristín Haraldsdóttir, lektor við lagadeild HR og sérfræðingur í orkurétti.

Í gær samþykkti ráðherraráð ESB síðustu fjórar gerðirnar í fjórða orkupakkanum, oft kallaður vetrarpakkinn. Búið var að samþykkja fyrstu fjögur atriðin [MOU1] , það fyrsta í maí í fyrra og þrjú í desember síðastliðnum. Með samþykkt ráðherraráðsins lýkur þriggja ára vegferð sem á að tryggja lagalega umgjörð utan um breytingar í átt að hreinni orkugjöfum.

Kristín, sem er vel kunnug þriðja orkupakkanum, segir fjórða orkupakkann að mestu leyti snúast um að þörf er á að nálgast markmið ESB sem tengjast orkumálum með heildstæðum hætti. Þessi orkupakki snýr að markmiðum um innri markað með raforku og þá sérstaklega vernd neytenda, loftslagsmarkmið sem snerta meðal annars notkun hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa og markmiðum um orkuöryggi,“ segir Kristín. „Ætlunin er að stuðla að því að aðgerðir sem gripið er til til þess að ná einu markmiði vinni ekki gegn öðru. Það er verið að bregðast við áskorunum sem m.a. tengjast því að raforkumarkaðurinn er að verða samtengdari og ýmis stjórnunarleg og tæknileg vandamál sem eru því samfara.“



Með samþykkt ráðherraráðsins lýkur þriggja ára vegferð í átt að hreinni orkugjöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukin notkun óstöðugra orkugjafa, eins og sólar- og vindorku, fela í sér kerfisleg vandamál, auk þess sem hvatar til að auka notkun hreinna orkugjafa hafi leitt til þess að dregið hefur úr fjárfestingum í stöðugri orkugjöfum á borð við kjarnorku. „Með því er dregið úr orkuöryggi. Síðast en ekki síst eru raforkumarkaðir að breytast og smærri framleiðendur og raforkunotendur hafa orðið mikilvægari leikendur á framboðshliðinni. Til þess að styðja við þessa þróun þarf að uppfæra kerfin og reglurnar.“

> **Það gæti komið upp slíkur ágreiningur í kringum fjórða orkupakkann. Við höfum ekki talið að orkuöryggi eigi heima í EES-samningnum. Sama á við um innviðauppbygginguna, sem margir hafa haldið fram að sé í þriðja orkupakkanum, en er ekki.**
>
> Kristín Haraldsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík



Fram kemur í fréttatilkynningu frá Evrópuráðinu að stefnt sé að því að 32 prósent allrar orku innan ESB komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Er það gert til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sem dæmi um það sem fjórði orkupakkinn tæklar eru sólar- eða vindorka sem fólk framleiðir sjálft. Geta einstaklingar og fyrirtæki framleitt eigin orku. Ef til verður umframorka fer hún inn á sameiginlega dreifikerfið, og verður mælt með þartilgerðum snjallmælum.

Reglugerðirnar sem snúa meðal annars að hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum voru samþykktar á síðasta ári, þessar sem voru samþykktar í gær voru umdeildari og snúa m.a. að stjórnskipan. „Upphaflegu tillögurnar gerðu ráð fyrir því að ACER fengi meira hlutverk en nú er gert ráð fyrir. Orkumál eru viðkvæm víðar en á Íslandi.“

Það er alls óvíst hvenær fjórði orkupakkinn kemur til kasta Alþingis. „Tíminn sem það tók að afgreiða þriðja orkupakkann hjá sameiginlegu EES-nefndinni, nærri 10 ár, var óvenjulega langur. Sérstaklega þar sem efni hans átti klárlega undir EES-samninginn,“ segir Kristín. Fjórði orkupakkinn tekur gildi 1. janúar 2020. Hafa þá aðildarríkin 18 mánuði til að innleiða hann. Í tilviki Íslands fer hann fyrst inn á borð sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þar þarf að meta hvort allt sem í honum er falli undir EES-samninginn og hvort þörf sé á að semja um aðlögun.

**arib@frettabladid.is**



ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE

# ASÍ svarar fullum hálsi



Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands.

**KJARAMÁL** „Þetta snýst um að segja upp kjarasamningi gagnvart atvinnurekanda sem af ásetningi ætlar sér ekki að standa við þann kjarasamning sem Samtök atvinnulífsins skrifuðu undir fyrir hans hönd.“ Þetta segir Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Hann segir það ekki rétt sem hefur verið haldið fram að Efling geti ekki rift kjarasamningnum. Allir samningar séu riftanlegir „… þá sérstaklega ef um er að ræða alvarleg og veruleg brot á honum, þá er gagnaðilinn ekki bundinn af honum. Það er svo einfalt,“ segir hann.

Efling hefur krafist fundar með Samtökum atvinnulífsins vegna vanefnda atvinnurekanda. Um er að ræða hópuppsögn hótelstjórans Árna Vals Sólonssonar á launakjörum starfsfólks síns, sem send var út eftir samþykkt kjarasamninganna. Efling segir að í uppsagnarbréfinu komi fram að uppsögnin sé til að lækka launakostnað vegna væntanlegs kostnaðarauka sem hljótist af kjarasamningnum.

Efling vísaði í nýja ályktun miðstjórnar ASÍ, þar sem fram kom að stéttarfélögunum væri áskilinn réttur til að rifta kjarasamningum gagnvart þeim atvinnurekendum sem ekki virtu þá samninga sem gerðir hafa verið.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði á þriðjudag að honum kæmu „gífuryrði“ forsvarsmanna Eflingar ekki lengur á óvart og að hann væri reiðubúinn að funda með þeim og ræða „mistúlkanir“ á einstaka atriðum kjarasamnings.

Magnús segir að staðan sé mjög einföld. Ef atvinnurekandi skrifi undir kjarasamning um tiltekna kauphækkun en upplýsi jafnframt um það að hann ætli að lækka laun starfsfólksins sem nemur kauphækkuninni, þá myndu stéttarfélögin aldrei hvetja starfsfólkið til að samþykkja þann samning.

„Ef það á að taka þetta af fólkinu þá á gagnaðili okkar að vera heiðarlegur og segja okkur frá því fyrirfram, þannig að hægt sé að bregðast við því við atkvæðagreiðsluna.“ **– bg**





Vissir þú að…
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi




Orkan úr iðrum jarðar og fallvötnum er gullkýr okkar Íslendinga. Nú er karpað um hvað gera skuli við tekjurnar.

# Þjóðarsjóður leggst misvel í þingmenn

**Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, telur frumvarp um Þjóðarsjóð illa ígrundað. Óvarlegt sé að láta einkaaðila sýsla með sjóðinn. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir mikilvægt að lágmarka kostnað ríkisins.**

**ALÞINGI** Ekki virðist vera eining á þingi um frumvarp Bjarna Benediktssonar um að setja á laggirnar þjóðarsjóð. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að einkaaðilar annist sjóðinn og að tekjur af sjávarútvegi og ferðaþjónustu renni ekki í sjóðinn eru helstu ásteytingarsteinar þverpólitískrar samstöðu um málið.

Markmið sjóðsins er að treysta fjárhagslegan styrk ríkissjóðs til að mæta afleiðingum af meiri háttar ófyrirséðum áföllum sem þjóðarbúið verður fyrir. Sjóðurinn, sem á að heita Þjóðarsjóður, á að hafa það hlutverk að varðveita og ávaxta fjármuni sem ríkissjóður leggur honum til. Framlögin verða jafnhá öllum tekjum sem ríkið hefur af arðgreiðslum, leigutekjum og öðrum tekjum vegna nýtingar orkuauðlinda á forræði ríkis.

„Í frumvarpinu er lagt til að einkaaðilar á fjármálamarkaði sjái um að gæta Þjóðarsjóðs og ávaxta hann. Við teljum mikilvægt að umsýsla um þessa fjármuni verði í höndum Seðlabanka Íslands,“ segir Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar í efnahags- og viðskiptanefnd. „Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til norska olíusjóðsins og látið að því liggja að fyrirmynd útfærslunnar sé sótt til norska olíusjóðsins. Það er hins vegar af og frá. Síðasta haust var ákveðið að halda eignastýringu norska sjóðsins áfram innan sjálfstæðrar einingar í norska seðlabankanum.“

> **Við teljum mikilvægt að umsýsla um þessa fjármuni verði í höndum Seðlabanka Íslands.**
>
> Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar





Óli Björn Kárason.

Óli Björn Kárason er formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Hann segir gild rök fyrir því að útvista sjóðnum. „Við höfum horft til þess að með því að fela sjálfstæðum aðilum að ávaxta sjóðinn getum við minnkað kostnað við að reka hann og þannig sparað ríkissjóð fé,“ segir Óli Björn. „Þetta er gert að ákveðinni fyrirmynd sem lífeyrissjóðirnir hafa unnið eftir og er samþykkt af Fjármálaeftirliti. Því er eðlilegt að þessi leið sé farin.“

Talið er að stærð sjóðsins, sem muni taka um hálfan annan áratug að byggja upp, verði tæpir 300 milljarðar íslenskra króna. Ekki er gerð grein fyrir því í frumvarpinu hvenær Þjóðarsjóður verði orðinn hæfilega stór þannig að hægt verði að verja tekjunum í önnur verkefni. Þá er ekki gert ráð fyrir því að það sé hægt í frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Því munu stjórnvöld þurfa að breyta lögum þegar þau vilja nýta fjármunina í önnur verkefni.

Oddný segist einnig gagnrýna að eingöngu tekjur af orku renni í sjóðinn. „Við hefðum einnig viljað sjá tekjur af öðrum auðlindum, svo sem veiðigjald af nytjastofnum sjávar. Tekjur af veiðigjaldi eru hreinar auðlindatekjur og því rökrétt að þær rynnu í sjóð frekar en tekjur af fjármagni ríkisins í orkufyrirtækjum,“ segir Oddný. „Það var lagt upp með að setja á laggirnar þjóðarsjóð í pólitískri sátt en nú er ljóst að sú þverpólitíska sátt er ekki fyrir hendi.“ **sveinn@frettabladid.is**

> ## Arðurinn verði meiri
>
> Í nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar er gefið í skyn að arður af orkuauðlindum vaxi verulega á næstu árum vegna sterkrar stöðu Landsvirkjunar. Tekjur Landsvirkjunar voru 65 milljarðar króna í fyrra og hagnaður fyrirtækisins var 22,5 milljarðar. Eignir Landsvirkjunar eru metnar á um 550 milljarða króna.

# Þungbært að sitja undir ásökunum



Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis

**ALÞINGI** Skrifstofa Alþingis sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem segir að það sé starfsmönnum þungbært að sitja undir ásökunum um að hafa greitt Ásmundi Friðrikssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokks, tilhæfulausa reikninga vegna akstursendurgreiðslna.

Skrifstofustjóri Alþingis skrifar undir yfirlýsinguna. Þar segir að í kjölfar umræðu á þingfundi í gær, þar sem því var haldið fram að rökstuddur grunur væri um að Ásmundur hefði dregið sér almannafé og að engin viðbrögð hefðu verið í þá átt að setja á fót rannsókn á því, sé mikilvægt að ítreka að engin gögn bendi til að rangt hafi verið haft við. Þegar málið hafi ratað á borð forsætisnefndar í annað sinn hafi akstursbók Ásmundar verið skoðuð án þess að þar væri að finna eitthvað sem vekti grun um misferli.

Það sé rétt að minna á að Ásmundur endurgreiddi að eigin frumkvæði akstursgreiðslur sem hann hafði fengið þegar hann var í þáttagerð fyrir ÍNN á sínum tíma. Þar hafi hann viðurkennt mistök.

„Það er starfsmönnum skrifstofu Alþingis þungbært að sitja undir ásökunum um að greiða tilhæfulausa reikninga og gæta ekki að meðferð almannafjár,“ segir í yfirlýsingunni.

Eins og greint hefur verið frá fékk Ásmundur 4,6 milljónir endurgreiddar vegna aksturskostnaðar fyrir árið 2017. Tekist hefur verið á um þessar endurgreiðslur.

Siðanefnd Alþingis sendi frá sér álit í síðustu viku þar sem sagði að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, hefði brotið gegn ákvæðum siðareglna þingsins með ummælum sínum í Silfrinu í febrúar síðastliðnum um að rökstuddur grunur væri um að Ásmundur hafi dregið sér almannafé. **– bg**

**NEW COMPLEXION RESCUE**
Hydrating Foundation Stick SPF 25




bareMinerals fæst aðeins í Kringlu og Smáralind.

FULL OF HYDRATING, CLEAN COVERAGE

FREE OF PORE-CLOGGING OILS

bareMinerals
THE POWER OF GOOD

**BAREMINERALS DAGAR 23. – 29. MAÍ**
**20% afsláttur af öllum bareMinerals vörum.**
**Kaupauki fylgir* ef þú kaupir 2 vörur eða fleiri.**
**á meðan birgðir endast.*

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Byrði vegna alvarlegra mannskæðra sjúkdóma tvöfaldast fyrir árið 2060

**Vísindamenn áætla að árið 2060 muni 48 milljónir manna deyja á hverju ári í kjölfar alvarlegra lífsógnandi sjúkdóma. „Það er siðferðilega og efnahagslega áríðandi að stuðla að tafarlausri innleiðingu og eflingu líknandi þjónustu í heilbrigðiskerfum heimsins," segir höfundur fyrstu rannsóknar sinnar tegundar á langtímaþróun á þessu ört stækkandi sviði heilbrigðisþjónustunnar.**



Rannsóknarhöfundar spá því að byrði heilbrigðiskerfa vegna líknandi meðferða muni tvöfaldast fyrir árið 2060. NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISVÍSINDI** Rannsóknarniðurstöður vísindamanna við King's College-rannsóknarháskólann í Lundúnum sýna fram á að fjöldi þeirra einstaklinga sem eru dauðvona og þarfnast líknandi þjónustu mun nær tvöfaldast í heiminum á næstu fjórum áratugum.

Vísindamennirnir, sem birtu niðurstöður sínar í vísindaritinu The Lancet í gærkvöld, áætla að árið 2060 muni 48 milljónir manna deyja árlega í kjölfar alvarlegra heilsutengdra veikinda og þjáninga, eða um 47 prósent allra dauðsfalla. Þetta er 87 prósenta aukning þegar miðað er við stöðuna eins og hún var í heiminum árið 2016. Hópurinn áætlar jafnframt að aukningin muni eiga sér stað þvert á landamæri, en að hún muni skiptast ójafnt eftir efnahag. Þannig verði aukningin mest í lág- og miðtekjulöndum.

„Það er siðferðilega og efnahagslega áríðandi að stuðla að tafarlausri innleiðingu og eflingu líknandi þjónustu í heilbrigðiskerfum heimsins," segir Katherine Sleeman, yfirlæknir breska rannsóknarsjóðsins og sérfræðingur við Cicely Saunders-stofnunina í líknandi þjónustu hjá King's College. Hún er fyrsti höfundur rannsóknarinnar.

„Líknandi þjónusta getur linað þjáningar sjúklinga og aðstandenda þeirra, ásamt því að spara heilbrigðiskerfum og samfélögum háar fjárhæðir. Til að við getum tekið skilvirkar ákvarðanir þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og stefnumörkun, þá er nauðsynlegt að skilja bæði núverandi og tilvonandi eftirspurn eftir líknarmeðferð."

Í niðurlagi rannsóknarinnar ítreka höfundar að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða í ljósi þessa til að „stemma stigu við stórkostlegri veikingu heilbrigðiskerfa".

Rannsókn Sleeman og félaga er sú fyrsta sinnar tegundar en hún tekur til hnattrænnar þróunar á eftirspurn eftir líknandi þjónustu vegna heilsutengdra veikinda og þjáninga. Líkan þeirra byggir á gögnum Alþjóðabankans og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um tekjur, launaþróun, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, kyn, aldur og faraldsfræði og tíðni ákveðinna sjúkdóma og veikinda.

Á meðal þess sem kemur fram í niðurstöðunum er að krabbamein verður helsta ástæða aukinnar eftirspurnar eftir líknandi þjónustu, ásamt hækkandi lífslíkum. Áætlað er í niðurstöðum hópsins að dauðsföll sökum krabbameins verði 16 milljónir á ári árið 2060, en það er 109 prósenta aukning frá árinu 2016. Hins vegar verður hlutfallslega mest aukning í tilfellum heilabilunar sem verður, samkvæmt líkani Sleeman, kvilli sem mun draga sex milljónir manna til dauða árlega árið 2060. Aukning sem nemur 264 prósentum þar sem viðmiðunarárið er 2016.

> **Líknandi þjónusta getur linað þjáningar sjúklinga og aðstandenda þeirra, ásamt því að spara heilbrigðiskerfum og samfélögum háar fjárhæðir.**



Dr. Katherine Sleeman, fyrsti höfundur rannsóknarinnar

„Niðurstöður okkar undirstrika þörfina fyrir eflingu heilbrigðiskerfa og -þjónustu á hnattræna vísu með tilliti til aðgengis að nauðsynlegum lyfjum, þjálfun starfsfólks og almenningsfræðslu," segir Sleeman. „Við höfum með þessari rannsókn kynnt fyrstu traustu vísbendingarnar um stærðargráðu þess vanda sem blasir við að óbreyttu."

Höfundarnir lýsa ákveðinni óvissu með tilliti til skráningar dánarorsaka, sem tekið er tillit til við líkanagerðina, en hún er oft af skornum skammti í lágtekjulöndum.

Carlos Centeno og Natalia Arias-Casais, sérfræðingar við rannsóknarstofnun Háskólans í Navarra í líknarmeðferð, segja í áliti sínu um rannsókn Sleeman og félaga að niðurstöðurnar séu sláandi.

„Rannsóknin er tímabært innlegg í umræðuna um líknandi þjónustu sem grundvallarþátt í almennri heilbrigðisþjónustu," rita Centeno og Arias-Casais. „Höfundarnir hafa fært hinum alþjóðlega hópi heilbrigðisstarfsfólks mikilvægt innlegg í þessa umræðu og auðgað skilning okkar á stærðargráðu og áskorunum þessa vandamáls."

Í klínískum leiðbeiningum Landspítala um líknarmeðferð segir að einstaklingum með langvinna og alvarlega lífsógnandi sjúkdóma haldi áfram að fjölga vegna breytrar aldurssamsetningar þjóðarinnar og framfara í tækni og meðferð. „Líknarmeðferð gegnir lykilhlutverki við að mæta þörfum og bæta lífsgæði þessara sjúklinga," segir þar enn fremur. „[...] hefur líknarmeðferð breyst frá því að vera eingöngu meðferð sem beitt er við lífslok í meðferð sem er veitt í öllu sjúkdómsferlinu og hefst við greiningu á lífsógnandi og alvarlegum sjúkdómi." **kjartanh@frettabladid.is**

**Áætlaður fjöldi þeirra sem látast í heiminum vegna langvinnra og lífsógnandi sjúkdóma**




Munur milli 2016 og 2060: 22.306.000.
Aukning: 87%.

# Gagnaþjófar halda tölvukerfi Baltimore-borgar í gíslingu

**BANDARÍKIN** Fyrir rúmum tveimur vikum brutust nafnlausir hakkarar inn í netþjóna Baltimore-borgar í Maryland í Bandaríkjunum. Í kjölfar þess læstu óprúttnu nafnleysingjarnir öllum aðgangi að gögnum sem geymd voru á áðurnefndum netþjónum sem olli því meðal annars að millifærslur til stjórnardeilda Baltimore og fasteignagreiðslur urðu óvirkar og tölvupóstþjónusta borgarinnar liggur niðri.

Lausnargjaldið sem gagnaþjófarnir krefjast er 13 Bitcoin, sem nemur rúmlega 12 milljónum íslenskra króna, sem borgarstjóri Baltimore segir borgina neita að greiða. National Public Radio greinir frá því að alríkisrögleglan og leyniþjónustan rannsaki nú málið, og að borgin hafi nú þegar ráðið til sín teymi sérfræðinga til aðstoðar við endurbygginu gagnagrunnsins.

Netöryggissérfræðingar telja að borgin gæti verið marga mánuði að ná sér aftur á strik, en netárásin er aðeins ein af 20 slíkum víðsvegar um Bandaríkin á árinu.

Atlanta-borg í Georgíu í Bandaríkjunum varð fyrir barðinu á svipaðri árás í mars í fyrra. Þá heimtuðu gagnaþjófar um 50.000 Bandaríkjadali, eða rúmlega 6 milljónir króna í lausnargjald. Borgin hafnaði tilboðinu, sem gagnaþjófarnir svöruðu með því að eyða öllum gögnum sem þeir höfðu stolið. Að sögn Atlanta Journal-Constitution kostaði endurbyggingin Atlanta-borg 17 milljónir Bandaríkjadala, meira en tvo milljarða króna.

Tölvunarfræðingurinn og netöryggissérfræðingurinn Avi Rubin sagði árásina hafa átt að vera viðvörun til annarra borga. „Allt sem þarf er einn veikur hlekkur og það er það sem hakkararnir ráðast á," sagði Rubin.

Hlekkirnir áðurnefndu eru oftar en ekki veikleikar sem stafa af notkun gamals hugbúnaðar eða vélbúnaðar, og samkvæmt National Public Radio var Baltimore-borg sek um hvort tveggja. **– pk**



Lausnargjald sem gagnaþjófarnir krefjast er 13 bitcoin. NORDICPHOTOS/GETTY


Alrafmagnaður
e-tron
e-tron
Nýr Audi e-tron 55.
Audi e-tron 55 hefur verið beðið með eftirvæntingu. Nú er hægt að ganga frá pöntun á þessum glæsilega alrafmagnaða jeppa sem er væntanlegur. Audi e-tron 55 dregur 417 kílómetra (skv. WLTP staðlinum) á rafmagni og þú kemst allra þinna ferða á endurnýtanlegri íslenskri orku.
Það er góð upplifun að aka Audi e-tron 55.
Verð frá 9.390.000 kr.
Væntanlegur
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is / 590 5000
H

# Farage og félagar á feikimiklu flugi

**Brexitflokkurinn mælist langstærstur fyrir Evrópuþingskosningar sem fara fram í Bretlandi í dag. Flokkurinn vill með sigri senda skýr skilaboð um útgöngumálið.**

**BRETLAND** Þótt Nigel Farage, hávær Brexitliði og leiðtogi hins nýja Brexitflokks (e. Brexit Party), hafi lent í því leiðinlega atviki á þriðjudag að ósáttur maður hellti mjólkurhristingi yfir hann er hann væntanlega nokkuð sáttur þessa dagana. Flokkur hans mælist langstærstur í Bretlandi í aðdraganda Evrópuþingskosninga sem fara fram í dag.

Könnun sem Opinium birti í gær sýnir Brexitflokkinn með 38 prósenta fylgi. Það er meira en Íhaldsflokkurinn, sem er með tólf prósent, og Verkamannaflokkurinn, með sautján prósent, samanlagt. Sömuleiðis er það vel meira en fylgi fyrri flokks Farage, UKIP, fékk í síðustu kosningum, 28 prósent.

Samkvæmt greiningu Europe Elects stefnir í að Brexitflokkurinn, sem líkt og nafnið gefur til kynna er andvígur aðild Breta að ESB og þrýstir á harða útgöngu, verði sá stærsti á Evrópuþinginu eftir kosningarnar, með 28 sæti. Næst kæmi ítalski flokkurinn Bandalagið, einnig andvígur ESB, og svo Evrópusinnaði flokkurinn Kristilegir demókratar frá Þýskalandi.



**Farage gengur afar vel í kosningabaráttunni.** NORDICPHOTOS/AFP

## Umdeildur félagsskapur

Farage er umkringdur fjölmörgum umdeildum Bretum í þessum nýja flokki. Þar má meðal annars finna Paul Nuttall, fyrrverandi leiðtoga UKIP, sem telur loftslagsbreytingar lygi, tvo fyrrverandi meðlimi flokks byltingarsinnaðra kommúnista og Catherine Blaiklock, sem sagði af sér formennsku í Brexitflokknum vegna rasískra ummæla meðal annars um að íslam fæli í sér undirgefni við nauðgara.

Þá eru fjölmargir úr viðskiptalífinu í framboði. Meðal annars Lance Forman sem fagnar því að með Brexit þurfi ekki lengur að hlýða reglugerðum um matvælaöryggi. Michael McGough sagði af sér sem gjaldkeri flokksins eftir að The Guardian greindi frá ummælum þar sem hann sagði ótækt að Miliband-bræður kæmust til valda vegna þess að þeir hefðu engar rætur í Bretlandi, vísaði þannig til þess að þeir eru gyðingar.

Annunziata Rees-Mogg er önnur og hefur verið áberandi í kosningabaráttunni. Hún er systir Jacobs Rees-Mogg, eins leiðtoga Brexitsinnaðra í Íhaldsflokknum. Annunziata hefur meðal annars ritað greinar þar sem hún útskýrir hvernig sé hægt að græða á því vandamáli að fjöldi barna deyi af völdum vatnsskorts. Hinn skoski David Coburn, áður í UKIP, hefur kallað arabískættaða þingmenn SNP nöfnum þekktra íslamskra öfgamanna. Ann Widdecombe hefur svo komið Harvey Weinstein til varnar og varið svokallaðar „afhommunarbúðir“, eða hugmyndina um að hægt sé að „lækna“ samkynhneigð. Þessi listi er hvergi nærri tæmandi.

Bretar þurfa, eins og áður hefur komið fram, að taka þátt í Evrópuþingskosningunum þótt þeir séu á útleið úr sambandinu. Ástæðan er sú að útgöngu hefur verið frestað fram í október.

Framboð Brexitflokksins er ekki hugsað til þess að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins og ofboðslega lítið er að finna um stefnu flokksins fyrir kosningarnar á heimasíðu hans. Markmið bæði flokksins og væntanlegra kjósenda hans er öllu heldur, samkvæmt greiningu og viðtölum sem birtust á vef The New York Times, að senda skýr skilaboð um óánægju með það hvernig ríkisstjórn Theresu May og Íhaldsflokksins hefur haldið á spilunum í útgöngumálinu.

Farage hefur til að mynda sagt í kosningabaráttunni að með sigri sé hægt að koma möguleikanum á samningslausri útgöngu aftur á borðið. Þeim möguleika, líkt og reyndar öllum öðrum hingað til, hefur breska þingið hafnað.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is


NÝTT
Sírius
Rjómasúkkulaði
MEÐ TROMP BITUM
Sírius
Rjómasúkkulaði
MEÐ TROMPBITUM
TROMP
150 g
MEÐ TROMP BITUM
TAKTU ÞAÐ MEÐ TROMPI!
Nú geta hinir fjölmörgu aðdáendur Síríus
súkkulaðisins okkar tekið það með trompi!
NÓI SÍRÍUS
cocoa
HORIZONS

# Flest bendir til mjúkrar lendingar

**Dósent í hagfræði segir Íslendinga nú geta beitt peningastefnunni meira í líkingu við önnur lönd til þess að milda niðursveiflu hagkerfisins. Hingað til hafi hagsveiflur endað með gengisfalli og verðbólgu. Forstöðumaður hjá Júpíter væntir frekari vaxtalækkana.**

Dósent í hagfræði segir útlit fyrir að Íslendingum takist að komast í gegnum niðursveiflu í hagkerfinu án þess að hún verði mikil. Hægt sé að nota peningastefnuna til þess að mýkja lendinguna. Forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter segir ekki annað hægt að lesa úr orðum peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands en að vextir verði lækkaðir enn frekar.

Fjárfestar tóku í vel í þá ákvörðun peningastefnunefndar að lækka stýrivexti Seðlabankans um hálft prósentustig en til marks um það hækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar um tæplega 0,8 prósent og ávöxtunarkrafa á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum hríðféll í viðskiptum gærdagsins.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar var sérstaklega tekið fram að svigrúm nefndarinnar til þess að mæta efnahagssamdrætti – en bankinn spáir 0,4 prósenta samdrætti í ár – væri töluvert og þá sérstaklega ef verðbólga og verðbólguvæntingar héldust við markmið.

„Ef spá bankans um slaka rætist og verðbólga og verðbólguvæntingar fara niður í markmið ættu að vera forsendur fyrir því að lækka vexti enn meira horft inn á næsta vetur,“ segir Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter, í samtali við Markaðinn.

Hann segist vænta þess að Seðlabankinn lækki vexti um fimmtíu punkta fram á haust. Þá verði aðhald peningastefnunnar aðeins búið að minnka frá því sem það var fyrir áramót.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir vaxtalækkunina jákvæð tíðindi. Það muni miklu fyrir fyrirtæki að fjármagnskostnaður lækki nú þegar rekstrartekjur séu almennt að dragast saman.

„Frá seinna stríði hafa allar hagsveiflur endað með gengisfalli og verðbólgu en við erum að ná því nú að lenda hagkerfinu með öðrum hætti. Við getum notað peningastefnuna til þess í rauninni að mýkja lendinguna,“ útskýrir Ásgeir.

Þrír þættir skipti þar mestu máli.



Seðlabankinn spáir 0,4 prósenta samdrætti í ár en gerir svo aftur ráð fyrir hagvexti 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Við höfum ekki misst hagkerfið út í þenslu og ofhitun, líkt og venjan er yfirleitt, sem hefur komið fram með verðbólgu.**

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



„Í fyrsta lagi erum við, þrátt fyrir allt, með viðskiptaafgang enda hefur alls ekkert hrun átt sér stað í ferðaþjónustu, heldur hefur greinin aðeins verið að hægja á sér. Sú þróun var raunar hafin áður en WOW air féll. Viðskiptaafgangurinn myndar mikilvægan stuðning við krónuna.

Þá höfum við almennt séð meiri almennan sparnað á síðustu árum og minni einkaneyslu sem aftur leiðir til minni innflutnings og hærra jafnvægisgengis krónunnar. Við höfum ekki misst hagkerfið út í þenslu og ofhitun, líkt og venjan er yfirleitt, sem hefur komið fram með verðbólgu. Það er mjög jákvætt og veldur því að ekki er þörf á gengisleiðréttingu.

Í þriðja lagi búum við yfir öflugum gjaldeyrisforða. Seðlabankinn getur þannig leyft sér að minnka vaxtamun við útlönd með því að lækka vexti án þess að eiga á hættu að gengið gefi eftir. Það gátum við til dæmis ekki árin 2008 og 2001,“ segir Ásgeir.

Allt þetta þýði að við séum farin að geta beitt peningastefnunni meira í líkingu við önnur lönd til þess að milda niðursveifluna.

**Von á frekari lækkunum**

Agnar Tómas segir að með vaxtalækkuninni í gær hafi Seðlabankinn fært aðhaldsstig peningastefnunnar á sama stað og það var síðasta haust. Ekki sé hægt að lesa annað úr orðum bankans en að vextir verði lækkaðir enn frekar.

**Með vaxtalækkuninni í gær er bankinn þannig að færa aðhaldsstig peningastefnunnar á sama stað og það var í spennu síðasta haust.**

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter



„Verðbólguvæntingar, bæði til skemmri og lengri tíma, virðast vera komnar í kringum þrjú prósent á þá mælikvarða sem bankinn horfir mest á í dag sem þýðir einfaldlega að fyrir vaxtaákvörðunina var aðhaldsstig Seðlabankans um 1,5 prósent. Síðasta haust, þegar bankinn taldi enn vera talsverða spennu í hagkerfinu, vildi hann ekki hleypa raunvaxtastiginu niður undir eitt prósent og var þá að halda því í kringum eitt prósent. Með vaxtalækkuninni í gær er bankinn þannig að færa aðhaldsstig peningastefnunnar á sama stað og það var í spennu síðasta haust,“ nefnir Agnar og bætir við:

„Þess vegna er ekki hægt að lesa annað úr orðum bankans, og það kom líka skýrt fram á fundinum með seðlabankastjóra í gærmorgun, en að hann muni að óbreyttu – og að því gefnu að verðbólguvæntingar hækki ekki á ný – halda áfram að lækka vexti, þó svo að það sé ekki nema einfaldlega til þess að draga úr aðhaldinu og færa það í meira samræmi við þann slaka og hjöðnun verðbólgu sem er fram undan í hagkerfinu.“

kristinningi@frettabladid.is

# Bankinn tók ekki þátt þrátt fyrir lægra gengi

Landsbankinn, þriðji stærsti hluthafi Stoða, tók ekki þátt í nýafstaðinni hlutafjáraukningu fjárfestingafélagsins þrátt fyrir að hluthöfum hafi gefist kostur á því að skrá sig fyrir nýju hlutafé á gengi sem var um 25 prósentum lægra en áætlað bókfært virði félagsins.

Bankinn var sá eini af helstu hluthöfum Stoða, sem er eitt stærsta fjárfestingafélag landsins, sem ákvað að taka ekki þátt í forgangsréttarútboði félagsins en útboðinu lauk síðastliðinn fimmtudag. Bankinn átti 15 prósenta hlut í fjárfestingafélaginu fyrir hlutafjáraukninguna.

Samtals söfnuðust um 3,7 milljarðar króna í forgangsréttarútboðinu, samkvæmt heimildum Markaðarins, en hluthafar gátu greitt fyrir nýja hluti í félaginu með bæði reiðufé eða hlutabréfum. Helstu hluthafar Stoða, innlendir sem erlendir, tóku þátt í útboðinu að Landsbankanum undanskildum.

Eignarhaldsfélagið S121, sem lagði Stoðum til um 2,3 milljarða króna í nýtt hlutafé, er stærsti hluthafi fjárfestingafélagsins með tæpan 65 prósenta hlut og Arion banki, sem lagði félaginu til rúmlega 700 milljónir króna, sá næststærsti með liðlega 20 prósenta hlut.

Eigið fé Stoða var 18,3 milljarðar króna í lok mars og nemur eftir hlutafjáraukninguna, sem var ætlað að styrkja enn frekar fjárfestingargetu félagsins, um 22 milljörðum króna. Stoðir hafa á síðustu vikum fjárfest í Símanum og Arion banka fyrir samanlagt um 9 milljarða króna. **– hae, kij**



**Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.**

**22**

**milljarðar króna er eigið fé Stoða í kjölfar hlutafjáraukningarinnar.**

# Ráðfærði sig ekki áður við formanninn

Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur við Yale-háskóla og bankaráðsmaður í Landsbankanum, ráðfærði sig ekki við formann bankaráðs áður en hún samþykkti að taka við formennsku í hæfisnefnd, sem á að meta hæfi þeirra sem sóttu um embætti seðlabankastjóra. Þetta staðfesti hún í samtali við Markaðinn í gær.

Markaðurinn greindi frá því í gær að samkvæmt heimildum gætti óánægju innan Landsbankans með skipan Sigríðar í nefndina, ekki hvað síst að hún hefði samþykkt að taka starfið að sér án þess að bera það fyrst undir formann bankaráðs.

Sigríður segir í samtali við Fréttablaðið að hún hafi tilkynnt Helgu Eiríksdóttur, formanni bankaráðs, um skipunina um 2-3 tímum áður en hún var gerð opinber.

„Þar af leiðandi hafði hún meira en nægan tíma til að láta mig vita ef henni þætti þetta vera í andstöðu við hlutverk mitt í bankaráði. Það er regluvörður sem á í raun að samþykkja þetta en á hinn bóginn, þar sem hún er formaður, þá tel ég eðlilegt að hún hefði mátt koma með sín sjónarmið ef einhver voru og þau voru engin á þeim tímapunkti,“ segir Sigríður.

„Mér þótti mjög, mjög mikilvægt að tilkynna Helgu áður en þetta yrði gert opinbert til þess að gefa henni færi á að koma fram með sín sjónarmið. Ég tel að ég hefði getað breytt um stefnu áður en þetta var gert opinbert. Ef hún hefði sett sig á móti þessu á einhvern hátt þá hefði ég tekið þau sjónarmið mjög gild.“

**Ef hún hefði sett sig á móti þessu á einhvern hátt þá hefði ég tekið þau sjónarmið mjög gild.**

Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur við Yale-háskóla



Spurð hvort venjan sé að upplýsa formann bankaráðs um mál af þessu tagi áður en ákvarðanir eru teknar segist Sigríður ekki vita til þess að reglur kveði á um það. Fréttablaðið hefur öruggar heimildir fyrir því að venjan sé sú að slíkt sé ávallt gert.

Þá segir Sigríður að enginn bankaráðsfundur hafi átt sér stað eftir skipunina. Bankaráð eigi í tölvupóstsamskiptum á milli funda en engar athugasemdir vegna málsins hafi borist henni í þeim samskiptum.

Í frétt Markaðarins kom einnig fram að tveir umsækjendur um starf seðlabankastjóra hefðu skilað inn formlegri kvörtun vegna skipunar Sigríðar. Umsækjendurnir gagnrýna að Sigríður leiði hæfisnefndina á sama tíma og hún sé í bankaráði Landsbankans enda eigi bankinn, sem stærsti viðskiptavinur Seðlabanka Íslands, verulegra hagsmuna að gæta sem snýr að ýmsum ákvörðunum Seðlabankans.

**Hvernig bregstu við þessari gagnrýni?**

„Ég vil taka fram að þetta er hæfisnefnd þar sem ég met hæfi umsækjenda með tveimur öðrum nefndarmönnum. Hæfismatið er leiðbeinandi en ekki ráðgefandi. Ráðherra er sá sem á endanum velur seðlabankastjóra. Að sjálfsögðu sé ég vankanta á þessu en ég sit í bankaráði fyrir hönd ríkisins og þetta var vitað. Þetta kom ekki ljós eftir að ákvörðunin var tekin,“ segir Sigríður. **– tfh**

# SUMARTILBOÐ!

## BRIMBORGAR

GEGGJUÐ TILBOÐ!

OPIÐ
VIRKA DAGA 9-17
LAUGARDAGA 12-16



### VOLVO V40 CROSS COUNTRY

**D2 Momentum Edition**
**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

-848.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN!



### MAZDA2 NISEKO

**1.5 bensín, 90 hö, beinskiptur**

Mazda2 er lipur í akstri hvort sem það er í borg eða úti á þjóðveginum. Hann sameinar kraft, lipurð, sparneytni og áreiðanleika. Niseko útfærslan er búin álfelgum, 7" snertiskjá, hita í sætum og snjallhemlun sem bregst sjálfkrafa við ef þörf er á.

Verðlistaverð: 2.390.000 kr.
**Sumartilboð: 2.190.000 kr.**

-200.000 KR.



### FORD KA+ ULTIMATE SPORT

**1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur**

Útvarp og geislaspilari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.

Verð með málmlit: 2.055.000 kr.
**Sumartilboð: 1.690.000 kr.**

-365.000 KR.



### CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV

**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugsað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörnin hefur 5 stillingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.
**Sumartilboð: 3.990.000 kr.**

-350.000 KR.



### PEUGEOT 2008 ALLURE

**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
**Sumartilboð: 3.390.000 kr.**

-260.000 KR.



***Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**brimborg.is**

# Vilja útrýma ofbeldi gegn börnum

**Ofbeldi gegn börnum er gríðarlega alvarlegt. Ný skýrsla UNICEF sýnir að rúmlega eitt af hverjum sex börnum verður fyrir einhvers konar ofbeldi á Íslandi. UNICEF biðlar því til almennings að mynda breiðfylkingu og vernda börnin okkar.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is



UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hóf í gær átak gegn ofbeldi á börnum á Íslandi. Átakinu fylgir ákall til almennings um að ganga í breiðfylkingu fólks sem tekur afstöðu gegn ofbeldi á börnum.

„Ofbeldi gegn börnum hefur lengi verið bæði stórt og hjartans mál hjá UNICEF, bæði alþjóðlega og hér heima. Tvær af okkar fyrri skýrslum hafa fjallað um ofbeldi,“ segir Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastýra innanlandsdeildar UNICEF á Íslandi.

„Þannig teygist sagan í raun aftur til ársins 2010 þegar við unnum greiningu á stöðu barna á Íslandi og upp úr því kom að ofbeldi var alvarlegt og mikið vandamál. Á sama tíma voru engir fjármunir í forvörnum gegn ofbeldi, eins og mátti samt sjá á öðrum vágestum sem tókst vel að tækla, eins og umferðarslysum og áfengis- og vímuefnanotkun og þess háttar. Byggt á þeirri niðurstöðu gáfum við út skýrslu 2013 þar sem við fengum tölur greindar hjá Rannsóknum og greiningu og birtum. Þá vakti það furðu okkar það væri enginn að skoða þessar tölur reglulega því þær eru til,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF.

Í skýrslunni sem þau gáfu út árið 2013 var lagður fram fjöldi tillagna til úrbóta sem unnar voru í samvinnu við bæði fagaðila og börn. Ein stærsta tillagan var að hér yrði sett á stofn svokallað Ofbeldisvarnarráð sem markvisst myndi vakta tölfræði, fylgjast með tíðni ofbeldis gegn börnum og gæta þess að forvarnaraðgerðir og úrræði væru í samræmi við tíðni ofbeldis og þann aldur eða þá hópa sem eru sérstaklega viðkvæmir.

Þau fagna því að stjórnvöld séu nú að taka málið fastari tökum og nefna sem dæmi forvarnaráætlun gegn ofbeldi sem liggi á Alþingi núna, en segja að þau hafi saknað þess í áætluninni að lögð væri áhersla á tölfræði og að nýta hana markvisst til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum.

„Í því felst svo mikill feluleikur. Það minnsta sem við getum gert sem samfélag er að horfast í augu við hversu stór hópur verður fyrir ofbeldi og gera allt sem við getum til að bregðast við því,“ segir Hjördís Eva.

### Kalla á sveitarfélögin

Hún segir sem dæmi að þau myndu vilja sjá sveitarfélögin nýta slíka tölfræði betur. Myndu þau óska eftir tölfræði árlega frá Rannsóknum og greiningu um börnin í sveitarfélaginu og ofbeldi gætu þau unnið forvarnaráætlanir sínar út frá þeim og borið það sem dæmi saman við þau gögn sem þau fá frá barnavernd um tilkynningar.

„Þá væri hægt að skoða hvaða hópa barna við erum að fá upplýsingar um að verði fyrir ofbeldi og finna þá hópana sem eru ekki að skila sér inn í kerfið. Þá fyrst erum við í raun og veru að reyna markvisst að útrýma ofbeldi gegn börnum eða fyrirbyggja það. Með því að nota tölfræðigögnin á þennan hátt til að finna þessi börn. Feluleikurinn felst líka í því að við erum ekki markvisst að reyna að leita þau uppi,“ segir Hjördís Eva.

Þau segja bæði að meðal stjórnvalda sé mikill og góður velvilji til að vinna að málefnum barna og þau hafi jafnvel aldrei fundið fyrir álíka miklum vilja þaðan. Þau segja þó mikilvægt að muna að þó að það sé í verkahring yfirvalda að takast á við vandann, þá sé það ekki almenningi óviðkomandi. Í skýrslu UNICEF má sjá að rúmlega eitt af hverjum sex börnum er beitt kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn.

„Þegar við sáum tíðnina og umfangið í gögnunum, þá sáum við að við verðum líka að beina orðum okkar að okkur sjálfum og samfélaginu öllu um að sýna meiri árvekni. Við vitum að þetta er oft flókið, þetta er lítið samfélag, en við erum að horfa upp á þá stöðu að allt of mörg börn eru beitt ofbeldi og þetta er ekki ofbeldi sem er á einhverju gráu svæði og einhverjir geta verið ósammála um. Þetta eru einhverjar grófustu tegundir ofbeldis, kynferðis- og heimilisofbeldi,“ segir Bergsteinn.

### Erfitt að viðurkenna ofbeldi

„Það er svo mikið traust í íslensku samfélagi, sem er frábært og við viljum halda í það. En það traust það virðist yfirfærast yfir á það að við eigum erfitt með að trúa og bregðast við þegar áhyggjur vakna af barni,“ segir Hjördís Eva.

Þau segja að vegna þess sé þrennt sem UNICEF finnst mikilvægt að ná fram svo að hægt sé að ljúka feluleiknum um ofbeldi gegn börnum. Það er í fyrsta lagi að almennir borgarar myndi með þeim breiðfylkingu til að enda feluleikinn, í öðru lagi að sveitarfélögin vakti tölfræðina og beri hana saman við önnur gögn og svo í þriðja lagi að allar stofnanir sem vinni með börnum setji sér samræmdar verklagsreglur svo að allir viti hvað þau eigi að gera og fylgi sömu reglum.

Þau segja að til að þetta gangi upp þurfi að auka verulega fjárfestingu í barnavernd og í raun markaðssetja hana upp á nýtt. Til að geta sett þrýsting á sveitarfélög og yfirvöld segja þau að mikilvægt sé að fá skýrt og gott umboð frá almenningi í átakið.

„Það er mikilvægt að fá stóran hóp af fólki í breiðfylkinguna sem ætlar að vera meðvitaðra og ætlar að bregðast við og vernda börnin okkar. Okkur langar að safna sem flestum inn svo við getum reglulega sent þeim upplýsingar um málaflokkinn og ef einhverjar breytingar verða þá verði fólk upplýst í gegnum okkur,“ segir Bergsteinn.

„Við viljum búa til byltingu fyrir börn og að ekkert barn þurfi að burðast með þessa reynslu í farteskinu. En ef barn lendir í þessari stöðu þá viti það hvert það getur leitað og hvað fullorðna fólkinu beri að gera,“ segir Hjördís.

Hún segir að þau hafi viljað tengja átakið við feluleikinn sem sé fyrsti leikurinn sem börn læra eftir fæðingu.

„Þau fela sig bak við lófana á sér og svo þróast það í feluleik úti í skógi eða á skólalóðinni en svo verður hann að einhverju sem er ekkert sérstaklega fallegt þegar þau eru farin að fela sársauka og vanlíðan yfir aðstæðum sínum,“ segir Hjördís Eva.

### Mikill samfélagslegur ávinningur

„Ef við tökum þetta allt saman verðum við að hugsa um þann gríðarlega samfélagslega ávinning sem mun skapast ef við erum meðvituð og ef við grípum inn í á réttum tíma. Við sjáum alveg líka að þeir einstaklingar sem eiga gott bakland og fá aðstoð geta unnið sig út úr áföllum. Þeir einstaklingar sem eru ekki með gott bakland eru ekki gripnir af kerfinu og þurfa að bera svo ógnarþungar byrðar. Yfirleitt á endanum færa þau sinn sársauka einhvern veginn yfir á samfélagið,“ segir Bergsteinn.

Þau segja bæði að hjá UNICEF sé ekki talað um að minnka ofbeldi, heldur um að útrýma því.

„Við erum ekki stórt samfélag og eigum að tækla þessa ógn og gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir hana. Við erum mjög meðvituð um að við þurfum mikla aðstoð frá almenningi. Því að einhverju leyti erum við að tala um að breyta viðhorfum. Þess vegna er ótrúlega mikilvægt að fólk skrái sig á síðunni okkar og heiti því þannig að það ætli að standa vörð um börn á Íslandi,“ segir Bergsteinn.

„UNICEF á Íslandi mun ekki hætta að tala um ofbeldi gegn börnum á Íslandi fyrr en ekkert barn þarf að burðast með þennan sársauka,“ segir Hjördís Eva.



Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastýra UNICEF.



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF.







### Drengir farnir að segja frekar frá

Hlutfall drengja og stúlkna í 9.-10. bekk sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins er það sama árið 2018. Árið 2012 sögðust 1,6% drengja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila. Sú tala rúmlega tvöfaldaðist árið 2018 og mælist 4%. Samkvæmt því er hlutfall drengja og stúlkna í 9.-10. bekk sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins það sama árið, 2018.

Þessi aukning vekur upp þær spurningar hvort tíðni þess að drengir séu misnotaðir af hálfu fullorðinna aðila hafi tvöfaldast á síðustu sex árum eða hvort að skömm í kringum kynferðislega misnotkun karlmanna hafi minnkað og gert þeim auðveldara fyrir að viðurkenna vandann í spurningakönnunum.

Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, segir að mögulega megi tengja þetta við aukna og opnari umræðu, sem er gríðarlega jákvæð þróun.

„Skýringin gæti einna helst falist í aukinni umræðu um málefni drengja undanfarin ár. Drengir eru því farnir að skilgreina kynferðisbrot gegn sér sem ofbeldi. Drengir eru farnir að segja frekar frá,“ segir Ólöf Ásta.

„Það er mjög jákvætt þegar börn greina frá kynferðisofbeldi óháð kyni, því þá er unnt að bregðast við og koma í veg fyrir að ofbeldið haldi áfram. Vissulega er það jákvæð þróun og ljóst að forvarnir og umræða virðist vera að skila sér til drengja einnig.“

Öll börn sem greina frá ofbeldi fá þjónustu hjá Barnahúsi. Barnahús tekur við tilvísunum frá dómstólum landsins og barnaverndum landsins.

Ólöf Ásta segir að opinská umræða sé af hinu góða. Það sé mikilvægt að horfast í augu við vandann og bregðast við.

„Öll fagleg umræða er af hinu góða en varast ber öfgar í öllum slíkum umræðum, sérstaklega hvað varðar börn sem eiga erfitt með að skilgreina umræðuna,“ segir Ólöf Ásta. „Halda þarf áfram faglegri fræðslu og forvörnum. Auka fræðslu og þekkingu fagaðila sem vinna með börnum svo unnt sé að greina fyrr ef börnum líður illa.“

# PIER

**SÍÐASTI SÉNS**
**LUNEVILLE HÆTTIR**




**SNYRTIBORÐ**. 60×42×H144 cm.
~~29.900 kr.~~ Nú 14.950 kr.

**KOMMÓÐA**. 66x40xH103 cm.
~~49.900 kr.~~ Nú 24.950 kr.

**NÁTTBORÐ**. 41x30xH80 cm.
~~16.990 kr.~~ Nú 8.495 kr.

**SÓFABORÐ**. 121x70xH47 cm.
~~49.900 kr.~~ Nú 24.950 kr.

**KOMMÓÐA**. 98x44xH85 cm.
~~59.900 kr.~~ Nú 29.950 kr.

PIER

# 20-50%

## AF ÖLLUM SUMARVÖRUM









**BISCO** stóll. 45×55xH85cm.
~~9.990 kr.~~ Nú 4.995 kr.

**UMBO** hliðarborð. D50xH51cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.

**TOMBO** snúningsstóll. L72xH92cm.
~~34.900 kr.~~ Nú 27.920 kr.







**AROMA** híbýlailmur. Margar gerðir.
~~2.490 kr.~~ Nú 1.743 kr.

**AROMA** Ilmkerti. Margar stærðir og gerðir.

**LACEY** sett. Stóll. ~~19.990 kr.~~ Nú 9.995 kr. Borð. ~~39.900 kr.~~ Nú 19.950 kr.
Bekkur. ~~29.900 kr.~~ Nú 14.950 kr.

PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 23. - 29. maí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

| SMÁRATORG | KORPUTORG | SELFOSS |
|---|---|---|
| LAU. OG SUN. 10-18 | LAU. OG SUN. 12-18 | LAU. OG SUN. 10-18 |
| VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 |

# Ofbeldi gegn börnum á netinu

Það hefur orðið bylting á samskiptum fólks á undanförnum árum, mjög svo hefur bæst í hóp þeirra forrita sem fólk getur notað til að hafa samskipti sín á milli. Það getur jafnvel reynst erfitt fyrir þann sem reynir að fylgjast með þróuninni að halda í við hana. Hér áður fyrr var síminn aðalmálið, svo kom farsíminn sem gjörbylti meira og minna öllum samskiptum sem gátu þá farið fram hvar sem er og hvenær sem er svo fremi sem menn höfðu samband. Internetið hefur bætt um betur og samskipti í gegnum tölvupóst voru einnig bylting á sínum tíma, en hann er eiginlega úreltur fyrir ungu kynslóðina. Þá má ekki gleyma þeirri „eitruðu“ blöndu að vera með bæði síma, textaskilaboð, internet og smáforrit í einu litlu tæki sem í dag er kallaður snjallsími.

Þeir sem eiga svona tæki, undirritaður þar á meðal, vita hvers þau eru megnug og líka að það er auðvelt að finna fyrir þörfinni til að vera „tengdur“. Sem fullorðnir einstaklingar, hafandi gengið í gegnum þessa breyttu tíma sjáum við líka að samskipti hafa breyst til muna. Það má greina fíkn í notkun og umgengni við þessi tæki í dag. Fíknin byggir á því að þurfa að fylgjast með, missa ekki af neinu, það myndar spennu og streituástand. Samanburður við aðra sem er mjög skaðlegur líkt og hversu mörg „like“ þessi eða hinn fær getur haft veruleg áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Sum forrit byggja á því að þú hafir fylgjendur eða „followers“ og safna börnin þeim nánast án þess að vita hverjir standa á bak við slíkt og verða berskjölduð fyrir þeim sem nýta sér það. Eitt versta formið af því að skilja út undan á netinu í dag hjá börnum og unglingum er að stofna lokaðar grúppur þar sem samskiptin fara fram án þess að hinn upplýsingaþyrsti krakki komist að þeim. Snjallt og almennt ekkert við prívat samskipti að athuga, en verra ef þau eru notuð til útilokunar annarra og þeim strítt á því.

Flest forritin byggja á því að send eru myndskilaboð, texti eða „icon“ og er á velflestum þeirra hægt að fylgjast með því sem gert hefur verið. Önnur eru þannig uppbyggð að myndefni og texti eyðist fljótlega eftir að það hefur verið lesið. Það þarf engan snilling til að átta sig á því hversu skaðlegt slíkt getur verið ef myndefnið er óviðeigandi eða særandi, hvað þá ef það er ítrekað. Umræðan um einelti á netinu hefur verið vaxandi og ofbeldi í gegnum internetið er að aukast með ýmsum hætti. Þá er aðgengi að ofbeldis- og klámefni auðveldara en áður með slíkum tækjum sem getur leitt til óæskilegrar hegðunar sem við höfum séð gagnvart öðrum. Þetta staðfestist í nýlegri skýrslu UNICEF varðandi ofbeldi gegn börnum, en aukning hefur orðið í kynferðisofbeldi barna gegn börnum sem er sérstakt áhyggjuefni. Börn geta búið við ofbeldi á heimili af margvíslegum toga líkt og kemur fram í umræddri skýrslu, en því til viðbótar gefur netið aukin tækifæri til óæskilegrar hegðunar. Símafíkn er óásættanleg, ennfremur er óásættanlegt að einelti, ofbeldi og stríðni séu viðhöfð á þessu oft lokaða og hulda samskiptaformi. Afleiðingarnar geta verið skelfilegar varðandi sjálfsmynd og andlega líðan þessara einstaklinga og getur slíkt jafnvel leitt til sjálfsvígs. Frekari vitundarvakningar er þörf!

**Þá er aðgengi að ofbeldis- og klámefni auðveldara en áður með slíkum tækjum sem getur leitt til óæskilegrar hegðunar sem við höfum séð gagnvart öðrum.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Engin meðferð í boði eftir heimilisofbeldi

**Fleiri drengir greina frá því að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu eða að hafa orðið vitni að því árið 2018 en 2012, örlítil fækkun er meðal stúlkna. Verulega vantar upp á meðferð og úrræði fyrir þessi börn.**

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, telur aukningu frekar vera til marks um það að börn séu líklegri til að segja frá en að ofbeldi gegn þeim hafi aukist og að á sama tíma skipti líka máli að skilgreining á heimilisofbeldi sé að víkka.

„Afleiðingarnar geta raunar verið alveg hinar sömu fyrir þau sem eru sjálf beitt líkamlegu ofbeldi og þau sem verða vitni að því. Við höfum miklar áhyggjur af þeim börnum sem koma hingað því þau hafa öll orðið vitni að ofbeldi, þó að þau hafi ekki endilega verið í sama herbergi,“ segir Sigþrúður.

Spurð hvort það sé algengara í aðstæðum heimilisofbeldis að börn séu ekki beitt ofbeldi og að foreldrar séu að reyna að hlífa þeim segir Sigþrúður að það sé sjaldnar þannig að móðirin skilgreini það þannig að þau séu beitt líkamlegu ofbeldi.

„Mæðurnar segja stundum að þau hafi ekki verið beitt líkamlegu ofbeldi en að vissulega stundum hafi þau verið hrist eða þeim hent inn í herbergi. Þannig að þær skilgreina ofbeldi stundum mjög þröngt svo það er erfitt að segja til um það hversu stór hluti barnanna hefur verið beittur líkamlegu ofbeldi,“ segir Sigþrúður.

**Líka ofbeldi að verða vitni að því**

Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur fram að aðeins 19 prósent þeirra kvenna sem koma þangað greina frá því að ofbeldi gegn börnum hafi verið eitt af því sem hafi gengið á inni á heimilinu.

„Sú tala hefur verið að skríða upp og er nú nærri 20 prósent. Það finnst mér góðs viti, að mæðurnar séu í auknum mæli að opna sig um það sem hefur gengið á inni á heimilinu, en auðvitað myndum við vilja sjá að hvort sem það er að hafa verið hristur til eða hent inn í herbergi eða bara að vera til staðar þegar ofbeldi er beitt sé það ofbeldi gegn börnum,“ segir Sigþrúður.

Síðustu ár hafa börn verið um 30 til 40 prósent af þeim sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Það er þó ekki beint hlutverk athvarfsins að veita þeim meðferð eða aðstoð við því ofbeldi sem þau verða vitni að eða verða fyrir áður en þau koma þangað. Sigþrúður segir að starfsfólk ræði við þau börn sem hafa náð sex ára aldri, en að börnin sem þar dvelja séu oftast yngri. Viðmiðið var ákveðið í samráði við barnasálfræðinga. Börn fái þó enga sérstaka meðferð í athvarfinu.

„Meginreglan hjá okkur er að tilkynna til barnaverndar þegar barn kemur til dvalar út frá því að það hafi þurft að flýja heimili sitt vegna ofbeldis og er í neyðarathvarfi,“ segir Sigþrúður.

Hún segir að það hafi tvennt komið á óvart eftir að þær tóku upp þessa meginreglu fyrir um ári.

„Við héldum að tvennt myndi gerast. Að hér myndum við sjá barnaverndarstarfsfólk alla daga og að einhverjar mömmur myndu ekki vilja vera hér þegar þessi regla var tilkynnt. En það gerðist hvorugt. Þannig að þetta breytir litlu um þá þjónustu sem barnið fær á meðan það dvelur hérna. Sjaldnast sjáum við barnaverndarstarfsfólk,“ segir Sigþrúður.

Spurð hvers vegna hún haldi að það sé segir hún að augljóslega sé eitthvað að í kerfinu. Það sé þó alltaf skýrt frá þeim að þær bjóði ekki upp á meðferð fyrir börn. Sigþrúður segir að það sé tilviljanakennt hvernig og hvort börn fái aðstoð, jafnvel þó að mál þeirra hafi verið tilkynnt til barnaverndar.

**Skortir samfélagslegt samþykki**

Hún segir að það sé „fúlt“ og „skrítið“ að þegar módel sé til sem virkar, eins og í Barnahúsi, þá séu aðeins slík úrræði í boði hér á landi fyrir börn sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi en ekki þau sem hafi búið við heimilisofbeldi.

„Það hefur náðst samkomulag um að kynferðisofbeldi sé aldrei undir neinum kringumstæðum í lagi, sama hvernig það birtist, eða hverjar aðstæður eru. Það er ekkert sem afsakar það eða tekur út ábyrgð okkar á því að bregðast við. En það er einhvern veginn ekki sama samþykki varðandi líkamlegt ofbeldi gegn börnum og enn síður þar sem því er ekki beint gegn börnunum, en þau verða vitni að því,“ segir Sigþrúður.

Hún segir að eflaust sé margt sem skipti máli þegar kemur að því en nefnir sem dæmi hræðslu fólks við að bregðast við, hugmyndir fólks um rétt fólks til að ala börn sín upp eins og því hentar þó að lögin segi allt annað, menningarmun og mismunandi uppeldisaðferðir. Hún telur að í samfélaginu sé mögulega of lítill skilningur á afleiðingum ofbeldis eða hvernig það er að vera barn á slíku heimili. Sigþrúður segir að henni finnist að bæði konum og börnum í þessari stöðu ætti að bjóðast meiri hjálp.

**Mínusstig varðandi nærri allt**

„Við vitum hvernig þetta er gert þegar börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi og vitum að það er leið sem virkar. Við þurfum samskilning á því að þetta eru óviðunandi aðstæður fyrir börn og þetta gefur þeim mínusstig varðandi næstum allt sem þau eiga eftir að upplifa um ævina. Þau eru líklegri til að lenda í næstum öllu slæmu en önnur börn, fái þau ekki aðstoð. Ég held að það hljóti að vanta skilning og opnun fyrir því. Þau eru kannski að alast upp hjá fólki sem er að gera sitt besta, en hefur ekki getu til að setja hagsmuni barnsins í fyrsta sæti, annars væru aðstæður ekki þessar,“ segir hún.

Sigþrúður segir að þrátt fyrir að margt vanti upp á svo að samfélagið taki betur á heimilisofbeldi hafi hún séð margt breytast á þeim árum sem hún hefur unnið að þessum málefnum. Það hafi þó flest snert konurnar sem eru beittar ofbeldi, og minna börnin og gerendur.

„Það er dásamlegt að það sé hlúð að fullorðnum þolendum en það er ekki verið að ráðast að rótinni. Það þarf að efla úrræði fyrir karlana og gera þau fjölbreyttari og það er ekki verið að sinna börnunum. Börn hafa ekkert rosalega langan tíma til að bíða. Maður er ekki barn í langan tíma. Það er svo ergilegt að börn upplifi eitthvað hræðilegt og svo sé enginn til að hjálpa þeim,“ segir Sigþrúður. lovisaa@frettabladid.is

**Börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi**




**Börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi**




**Það er svo ergilegt að börn upplifi eitthvað hræðilegt og svo sé enginn til að hjálpa þeim.**



Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!



**Grísarif**
BBQ
**1.168** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.669 KR/KG
-30%



-20%
**Dry aged nauta T-bone**
3 cm sneiðar
**3.998** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.998 KR/KG



-20%
**Lambalærissneiðar**
Orange
**2.398** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG




-15%
**Lambalæri**
Fullmeyrnað
**1.358** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.598 KR/KG



-30%
**Lambaframhryggjavöðvi**
Marineraður
**2.589** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.698 KR/KG

## GÆÐAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!



**Grísagrillsneiðar**
Marineraðar
**838** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.397 KR/KG
-40%




-20%
**Hamborgarar fylltir með chili**
2x100 gr skinpack
**471** KR/PK
**ÁÐUR:** 589 KR/PK



-30%
**Lambalærissneiðar**
Blandaðar
**1.749** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.498 KR/KG

## 20% AFSLÁTTUR AF NOW VÍTAMÍNUM




**Bláber**
125 gr
**239** KR/PK
**ÁÐUR:** 478 KR/PK
-50%



netto
Lægra verð – léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 23. - 26. maí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

# TILVERAN

## Öll ljós kveikt fram undir morgun

Þingfundi var frestað skömmu fyrir klukkan níu í gærmorgun þegar nefndarfundir voru í þann mund að hefjast. Þingfundurinn hafði þá staðið yfir í nítján klukkustundir þar sem þriðji orkupakkinn var á dagskrá. Þingmenn Miðflokksins skiptust á að stíga í ræðustól í fyrrinótt til að ræða þriðja orkupakkann. Flokkurinn er á móti innleiðingu EES-tilskipunar sem deilt hefur verið um að undanförnu.

Klukkan 8.39 tilkynnti Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, að nú væru nefndafundir í þann mund að hefjast. Því væri málið tekið af dagskrá og þingfundi frestað. Hann þakkaði starfsfólki Alþingis sérstaklega fyrir að gera mönnum kleift að láta þingfundinn, sem staðið hefði í rúmar 19 klukkustundir, fara fram.

## Neituðu að taka við gullinu

Formaður Körfuknattleikssambands Íslands, KKÍ, Hannes S. Jónsson, segir í samtali við Fréttablaðið að KKÍ líti mál ellefu ára stúlkna hjá körfuknattleiksdeild ÍR afar alvarlegum augum. Þau vilji þó gefa ÍR færi á að svara fyrir atvikið áður en brugðist verður við.

**Stúlkurnar í ÍR sem eru 11 ára skildu gullmedalíurnar sínar eftir á gólfinu og gengu út úr salnum.**

Stúlknalið ÍR í 11 ára flokki neitaði um síðustu helgi að taka við Íslandsmeistaratitlinum og skildi gullmedalíur sínar eftir á gólfinu þegar stúlkurnar gengu út úr salnum þar sem verðlaunaafhendingin fór fram. Þær neituðu að taka við bikar frá KKÍ vegna þess að sambandið hafði ekki orðið við beiðni þeirra um að fá að spila við drengi.

„Við hjá KKÍ lítum þetta alvarlegum augum, sérstaklega með hag barnanna að leiðarljósi. Að þær hafi ekki fengið gullpeninginn í hendurnar og að taka á móti bikar og að fá þá ánægju sem fylgir því að vera Íslandsmeistari. Við fordæmum þetta og númer eitt, tvö og þrjú finnst okkur þetta leiðinlegt gagnvart börnunum, en ekki bara börnunum í ÍR, heldur líka öðrum börnum sem tóku þátt í mótinu. Við viljum gefa körfuknattleiksdeild ÍR færi á að svara áður en að við tökum ákvörðun í þessu máli. Það verður væntanlega í kvöld,“ segir Hannes.







# Vikan

Mikið fjör var á Alþingi langt fram á nótt þar sem þriðji orkupakkinn var ræddur. Aðeins 35% fólks á vinnumarkaði hafa fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og einelti á vinnustað, ellefu ára stúlkur skildu gullverðlaun sín eftir á gólfinu og EasyJet fækkar ferðum til Íslands.




## Sekt upp á 50 þúsund krónur á dag

Aðeins 35 prósent fólks á vinnumarkaði hafa fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og einelti á vinnustað sínum. Þetta kemur fram í könnun sem Zenter rannsóknir gerðu 23. til 30 apríl. Úrtak 1.500 einstaklinga á vinnumarkaði fékk könnunina senda sem framkvæmd var á netinu. Svarhlutfall var 58 prósent.

**Ég velti fyrir mér hvort vinnuveitendur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni í þessum málum.**

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir niðurstöðurnar valda vonbrigðum og koma á óvart. Í jafnréttislögum sé gert ráð fyrir sérstakri jafnréttisáætlun í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 25. Er það skylda vinnuveitenda að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar eða skjólstæðingar séu beittir ofbeldi eða áreittir og því sé fræðsla nauðsynleg.

„Ég velti fyrir mér hvort vinnuveitendur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni í þessum málum,“ segir Katrín Björg. Jafnréttisstofa getur beitt dagsektum, allt að 50 þúsund krónum á dag, sinni fyrirtæki ekki þeirri skyldu að gera jafnréttisáætlanir.

## Færri ferðir EasyJet til Íslands

Breska flugfélagið EasyJet hefur dregið úr framboði flugferða til Íslands. Þetta kemur fram á vef Túrista. Þar kemur fram að þetta sé gert vegna minni eftirspurnar sökum hás verðlags.

„Við höfum dregið úr framboði vegna minnkandi eftirspurnar sem skrifast á hækkandi verðlag á Íslandi,“ hefur Túristi eftir Andy Cockburn, talsmanni EasyJet. Þó kemur fram að Ísland sé enn vinsæll áfangastaður.

EasyJet hefur flogið til Íslands frá árinu 2012 en undanfarið hefur dregið úr flugi til Keflavíkurflugvallar.

Túristi bendir á að ferðir til Íslands á vegum flugfélaganna Wizz Air og British Airways séu orðnar tíðari. Það vegi upp á móti fækkuninni hjá EasyJet.

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











**Glæsilegt heilsárshús við Austurbrúnir í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshrepps. Kjarri vaxin eignarlóð, fallegt útsýni, hitaveita, lokað svæði með rafmagnshliði eða símahliði. Húsið er skráð 111,6 fm auk gestahúss sem er skráð 13,5 fm eða samtals 125,1 fm. Húsið var byggt árið 2008 og er allur frágangur til fyrirmyndar. Húsið stendur á 6.694 fm kjarri vaxinni eignarlóð með fallegu útsýni. Í þessu húsi er hitaveita og steypt plata með gólfhita og þráðlausum stýringum. Stór sólpallur með skjólgirðingu er við húsið með útisturtu. Í húsinu er öryggiskerfi.**


STÖÐVUM
FELULEIKINN
Skrifaðu undir á unicef.is
Líðum ALDREI ofbeldi gegn börnum.
unicef
Á Íslandi búa 80.383 börn.
Fleiri en 13.000 þeirra verða fyrir ofbeldi.
Oft þora þau ekki að segja frá
– of oft lítum við undan án þess að bregðast við.
KVIKA
#stöðvumfeluleikinn fyrir #öllbörn
Unicef.is/feluleikur

## Auglýsingin



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is

Sannarlega var hún áhugaverð opnuauglýsingin sem birtist í Fréttablaðinu fyrr í þessari viku, það má jafnvel flokka hana sem sláandi, og margt og mikið má út af henni leggja. Á henni sáust andlit tæplega 300 einstaklinga, sem allir munu vera undir fertugu, og yfirskriftin var: „Ekki spila með framtíðina okkar.“ Auglýsingin var kostuð af þessu sama fólki og í texta sem fylgdi henni stóð: „Við styðjum áframhaldandi aðild Íslands að EES-samningnum. Við viljum frjálst, opið og alþjóðlegt samfélag og stöndum saman gegn einangrunarhyggju.“

Þessi skilaboð ættu að vera svo sjálfsögð og eðlileg að enga sérstaka nauðsyn bæri til að ítreka þau í flennistórri auglýsingu í víðlesnasta dagblaði landsins. Það að þetta unga fólk hafi séð ríka ástæðu til að gera einmitt það bendir sterklega til þess að öfl í þessu landi séu markvisst að grafa undan þessum sjálfsögðu markmiðum. Hafi horn í síðu EES-samningsins, líti alþjóðlega samvinnu sömuleiðis hornauga og aðhyllist einangrunarhyggju. Það þarf engan snilling á stjórnmálasviðinu til að sjá að svo er einmitt raunin.

Frjálslynt fólk sem aðhyllist samvinnu milli þjóða og virðir alþjóðastofnanir og mannréttindastofnanir hlýtur að hafa áhyggjur af framgöngu þingmanna Miðflokksins og Fólks flokksins sem hafa látið í ljós efasemdir um kosti EES-samningsins. Þessir sömu þingmenn bera svo á borð alls kyns fullyrðingar um þriðja orkupakkann, eins og til dæmis að hann feli í sér framsal á fullveldi og að Íslendingar muni með honum tapa yfirráðum yfir auðlindum sínum. Engu skiptir hvaða staðreyndir eru lagðar fram til að hrekja þessar fullyrðingar, á þeim er ekki tekið mark heldur er endurtekin með reglubundnum hætti romsan um vondu útlendingana og báknið í Brussel. Það er vitað að þegar hræðsluáróður er endurtekinn nógu oft, þá hefur hann áhrif. Efasemdum hefur verið sáð og hópur fólks hugsar: „Getur verið að þetta sé rétt?“ Einhverjir komast síðan að þeirri niðurstöðu að ógnin komi einmitt að utan, og veita flokkum sem básúnað hafa þann boðskap fylgi sitt í kosningum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, sagði á þingi á dögunum: „Ég spái því að í næstu kosningum fari flokkar eins og Miðflokkurinn og Flokkur fólksins í samkeppni um það hver er með digurbarkalegustu yfirlýsingarnar í garð EES-samningsins og hvort hagsmunum okkar sé ekki betur borgið utan EES.“ Þetta er alveg öruggleg hárrétt og flokkarnir munu hala inn eitthvað af atkvæðum út á slíkt tal og einnig gera lukku með boðskap sem elur á tortryggni gagnvart innflytjendum sem hafa aðra trú en kristni. Öfl eins og þessi hafa náð völdum í nágrannalöndum og með öllum ráðum þarf að forða því að þau öðlist áhrif hér á landi. Opnuauglýsingin góða er til marks um að ungt fólk ætli sér að standa vaktina og beita sér hraustlega gegn einangrunarhyggju. Þau ætla ekki að láta vanhæfa stjórnmálamenn ógna framtíð sinni.

**Opnuauglýsingin góða er til marks um að ungt fólk ætli sér að standa vaktina.**






### Halldór




### Frá degi til dags

**Gleymdu öllu**

**Öllu má snúa á hvolf. Þingmenn Miðflokksins, loks með tíu í mætingu, róa öllum árum að því að koma orkupakkanum í hendur embættismanna í Brussel til frekari skoðunar. Það, eftir að hafa varið lunganum úr sínum pólitíska ferli í að tortryggja þessa sömu embættismenn og raunar útlönd almennt; með sérstaka áherslu á Brussel. Samtímis leggur formaður Evrópuflokksins Viðreisnar áherslu á að málið verði til lykta leitt með atkvæðagreiðslu á hinu alíslenska Alþingi. Gleymdu öllu sem þú hélst að þú vissir um íslensk stjórnmál.**

**Ný nálgun**

**Útlit er fyrir að Brexitflokkur Nigels Farage verði stærstur á Evrópuþinginu öllu eftir komandi kosningar. Það veldur frjálslyndu fólki sem aðhyllist alþjóðasamstarf áhyggjum. Það gera vítaverð ummæli samflokksmanna um þolendur kynferðisofbeldis, innflytjendur, hinsegin fólk og fleiri hópa líka. Það hefur þó ekki reynst árangursríkt að úthrópa popúlista sem þessa. Ekki heldur að hella mjólkurhristingi yfir Farage eins og gerðist á þriðjudag. Slíkt er til þess fallið að herða afstöðuna eða vekja samúð með mjólkurhristingsblautum. Það þarf að taka uppgangi popúlisma alvarlega. Treysta á rökræður.**

**adalheidur@frettabladid.is**
**thorgnyr@frettabladid.is**

## Málþófið er séríslenskt



**Bryndís Haraldsdóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Lengi vel þótti það vitnisburður um elju og þrótt að vinna langa daga, en sú skoðun hefur á undanförnum árum látið undan þar sem við horfum til afkasta í stað vinnustunda. Umræðan á íslenskum vinnumarkaði snýst sífellt meira um framleiðni, þ.e. afköst á hverja vinnustund, og er framleiðniaukning ein af forsendum styttingar vinnuvikunnar. En eins og afköst geta aukist á hverja vinnustund, þá geta þau dregist saman. Því höfum við fengist að kynnast síðustu daga á Alþingi, þar sem fámennur hópur þingmanna hefur tekið afgreiðslu þingmála í gíslingu með málþófi. Það er nefnilega ekkert í þingsköpum sem bannar þingmanni að flytja sömu ræðuna tvisvar, eða í tugi skipta, sé út í það farið. Málfrelsi þingmanna er mikilvægt og er það sérstaklega varið í flestum þjóðþingum heims.

En málþóf á ekkert skylt við málfrelsi eða lýðræði, og þekkist nánast hvergi utan Íslands. Málþóf er séríslenskt fyrirbrigði. Alþingi er enginn venjulegur vinnustaður. En vinnustaður er hann engu að síður, þar sem vanda þarf mjög til verka til að tryggja góða lagasetningu. Þegar andstæð sjónarmið hafa komið fram í þingsal er nauðsynlegt að leiða mál til lykta, ýmist með málamiðlunum eða með atkvæðagreiðslum þar sem hreinn meirihluti ræður. Hvort sem þingmenn verða undir eða yfir í einstaka málum er óumdeilt að þetta er skilvirk og sanngjörn aðferð til að komast að niðurstöðu. Daga og nætur eru þingfundirnir undirlagðir af ræðum þingmanna úr einum þingflokki þar sem hver þingmaðurinn fer í ræðustól á fætur öðrum og samflokksþingmennirnir tínast í andsvör við þann fyrri. Að ógleymdu hólinu hvers til annars, það er gott að fá klapp á bakið. Þrátt fyrir að túlka megi þingsköp, sem skapa rammann um hvernig þinghaldi skuli háttað, með þeim hætti að þingmönnum sé frjálst að halda uppi umræðu endalaust, þá er þar kveðið skýrt á um að andsvör séu aðeins heimiluð með leyfi forseta. Það er einnig að finna heimild í 71. gr. þingskapalaga til þess að takmarka umræður.

Ég tel rétt og eðlilegt að þingheimur hugi að þessum heimildum til framtíðar. Núverandi fyrirkomulag, þar sem fámennur hópur stjórnarandstæðinga getur tekið þingið í gíslingu, gengur ekki til framtíðar.

**Ég tel rétt og eðlilegt að þingheimur hugi að þessum heimildum til framtíðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Bylmingshögg?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Það hefur verið lyginni líkast að fylgjast með þróun stjórnmála í Bandaríkjunum og Bretlandi undangengin ár. Trump forseti er kapítuli út af fyrir sig. Hann ber það utan á sér að hann er gangster eins og margir virtir og verðlaunaðir höfundar hafa vitnað um enda eru nú í gangi um 20 opinberar rannsóknir vestra á meintum lögbrotum hans fyrr og nú. Trump er samt ekki dæmi um hálfgildingsfasista sem var kjörinn til valda gegn ráðandi öflum eins og sumir kjósa helzt að lýsa honum. Sú lýsing á ekki við því Repúblikanaflokkurinn studdi Trump til valda og styður hann enn. Jan-Werner Müller, þýzkur prófessor í stjórnmálafræði í Princeton-háskóla, lýsir málinu vel í nýlegri bók og greinum.

## Brexit

Svipað á við um Bretland. Sigur Brexit-sinna í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2016 um útgöngu Breta úr ESB var ekki dæmi um þjóðrembla sem höfðu sitt fram gegn ráðandi öflum. Sú lýsing á ekki við um Bretland þar eð Brexit-sinnar höfðu sigur með stuðningi áhrifaríkra forustumanna í Íhaldsflokknum. Þar á meðal er Boris Johnson fv. utanríkisráðherra sem stefnir nú að því að verða forsætisráðherra. Þjóðremblar eða hálfgildingsfasistar hafa hvergi komizt til valda á eigin spýtur í okkar heimshluta síðustu ár heldur aðeins með öflugum stuðningi úr röðum þeirra sem uppreisnin beinist gegn. Heimsbyggðin horfir hissa og hrygg á þessa atburði, einnig Frakkar og Þjóðverjar. Bandaríkin og Bretland hafa trúlega aldrei áður frá lokum heimsstyrjaldarinnar 1945 notið minna álits meðal bandamanna sinna og vina.

Fræðimenn birta verk eftir verk þar sem þeir vara við uppgangi þjóðremblanna með ýmsum áherzlum, m.a. með skírskotun til áranna milli stríða, 1918-1939. Í bók sinni Hvernig lýðræði líður undir lok lýsir David Runciman prófessor í heimspeki í Cambridge-háskóla þeirri skoðun að lýðræði stafi e.t.v. meiri hætta af sinnuleysi almennings gagnvart gangsterum en af ofbeldisfullum öfgamönnum.

## Þriðji orkupakkinn og EES

Ætla mætti að Íslendingar stæðu flestir á varðbergi gegn þeim öfgum sem æða nú áfram í nálægum löndum og ógna lýðræðinu. En þá bregður svo við að hér heima hefur hópur manna bundizt samtökum um að rísa gegn staðfestingu Alþingis á nýrri reglugerð ESB um orkumál, reglugerð sem hefur verið á dagskrá árum saman án nokkurs andófs af hálfu Íslendinga og leiðir nær sjálfkrafa af veru Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Um hvað snýst málið? Reglugerðinni er ætlað að renna styrkum stoðum undir sameiginlegan evrópskan orkumarkað líkt og EES-löndin hafa komið sér upp sameiginlegum vinnumarkaði, vörumarkaði o.s.frv. Regluverkinu er m.a. ætlað að tryggja að Íslendingar selji ekki orku sína undir réttu verði, þ.e. fullu markaðsverði. Ákvæðum um útboð við orkusölu er ætlað að tryggja hag rétts eiganda orkunnar þannig honum sé greitt markaðsverð fyrir orkuna hvernig sem útboði orkuvinnslunnar er háttað.

Og hver er réttur eigandi orkunnar? Hann er og verður íslenzka þjóðin um leið og nýja stjórnarskráin frá 2011 sem 67% kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 gengur í gildi.

Það er vitaskuld hagur okkar eigendanna að fá sem hæst verð fyrir orkuna alveg eins og það er okkar hagur að fá sem hæst verð fyrir fisk og selda ferðaþjónustu. Án útboðs myndast hætta á að óprúttnir milliliðir geti komizt yfir orku á undirverði og selt hana síðan áfram í eigin gróðaskyni með gamla laginu.

## Tvískinnungur

Baráttan nú gegn þriðja orkupakkanum vekur eftirtekt m.a. fyrir það að flestir sem hana heyja hafa aldrei séð neitt athugavert við svo að segja ókeypis afhendingu aflaheimilda til útvegsmanna. Þau hafa flest horft skeytingarlaus á Alþingi færa útvegsmönnum sameignarauðlindina í sjónum á silfurfati. Og nú bjóðast þau til að bjarga þjóðinni frá því að Alþingi tefli orkunni upp í hendur útlendinga sem er fráleit ásökun. Regluverkinu er þvert á móti ætlað að forða Alþingi frá því að tefla orkunni frá réttum eiganda á undirverði. Ísland gerðist aðili að EES 1994 gagngert til að deila fullveldinu með öðrum Evrópulöndum. Það reyndist farsælt framfaraspor.

Sum þeirra sem mæla gegn þriðja orkupakkanum kysu helzt að Ísland hyrfi úr EES en það á þó ekki við um þau öll. Haraldur Ólafsson formaður Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, segir í grein hér í blaðinu: „Það er auðvitað ekki útilokað að EES hafi fært Íslendingum verðmæti sem þeir hefðu ella ekki notið og sjálfsagt að skoða það ... Það er ekki markmið Orkunnar okkar, eða annarra félaga sem undirritaður þekkir til, að segja upp EES-samningnum.“ Grein hans ber yfirskriftina „Greiðasta leiðin til að veita EES bylmingshögg“. Hana má skilja sem viðvörun um að innleiðing orkupakkans kunni að knýja á um uppsögn EES-samningsins.

Hvað skyldi annars þurfa til að greiða kristnitökunni bylmingshögg? Siðaskiptunum? Heimastjórninni? Lýðveldisstofnuninni?




# Evrópuþingskosningarnar: Stærstu lýðræðislegu alþjóðakosningar í heiminum



**Michael Mann**
sendiherra ESB á Íslandi

Í dag og næstu daga, 23.-26. maí, ganga hundruð milljóna Evrópubúa til kosninga og kjósa sér nýtt þing. Kjósendur allstaðar að úr Evrópusambandinu munu vega og meta frambjóðendur og stefnuskrár þeirra er þeir ganga að kjörborðinu og kjósa fulltrúa til að móta framtíð meginlandsins og hlutverk Evrópusambandsins í heiminum til margra ára.

Evrópusambandið er einstakt verkefni sem byggir á friðsamlegri samvinnu landa sem trúa því að sameinuð standi þau sterkari að vígi. Þegar kemur að alþjóðlegum viðskiptasamningum, baráttunni gegn loftlagsbreytingunum, og því að takast á við fólksflutninga eru ESB-löndin margfalt sterkari þegar þau deila fullveldi sínu og vinna saman.

Þessi mikla lýðræðishátíð sýnir að andstæðingar sambandsins hafa rangt fyrir sér þegar þeir halda því fram að Evrópusambandið sé ólýðræðislegt og að borgarar þess hafi engin áhrif. Evrópuþingið er kjörið í beinni kosningu. Það ræðir löggjöf ESB, breytir henni og samþykkir síðan, ásamt með ráðherraráðinu, sem skipað er lýðræðislega kjörnum ráðherrum frá aðildarlöndunum 28. Þess má geta að kosningarnar skipta líka máli fyrir Ísland. Sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu innleiðir Ísland lög sem samþykkt eru á Evrópuþinginu.

### ESB vinsælla en áður

Nú í aðdraganda kosninganna 2019 eru margir sem vilja grafa undan því sem Evrópusambandið hefur áorkað til þessa og jafnvel eyðileggja það. Til allrar hamingju þá eru slíkar skoðanir á öndverðum meiði við álit flestra, samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum sem sýna vaxandi stuðning við Evrópusambandið. Nýjasta Eurobarometer skoðanakönnunin sem gerð var fyrir Evrópuþingið sýndi að 62% ríkisborgara telja að Evrópusambandsaðild lands síns hafi verið til góðs, og tveir af hverjum þremur (68%) eru sannfærðir um að land þeirra hafi notið góðs af því að vera aðili að Evrópusambandinu. Þetta er besta einkunn sem ESB hefur fengið frá því 1983.

**Þegar kemur að alþjóðlegum viðskiptasamningum, baráttunni gegn loftlagsbreytingum, og því að takast á við fólksflutninga eru ESB löndin margfalt sterkari þegar þau deila fullveldi sínu og vinna saman.**



Um 66% aðspurðra myndu kjósa með því að landið þeirra yrði áfram aðili að Evrópusambandinu sem og meirihluti fólks í öllum aðildarríkjum ESB. Aðeins 17% myndu íhuga að yfirgefa Evrópusambandið, og 17% voru óákveðin. En þó svo að þessar tölur séu uppörvandi, er mikið verk óunnið.

### Kosið um árangur

Síðustu vikur hafa borgarar Evrópusambandsins kynnt sér hvernig og hvað Evrópusambandið gerir til þess að vernda þá, skapa ný tækifæri og sýna styrkleika Evrópusambandsins út á við. Kosningabaráttan hefur vakið athygli á þeim árangri sem næst á degi hverjum, í málefnum eins og baráttunni gegn hryðjuverkum, gegn undirboði á vörum og þjónustu, og í baráttunni fyrir því að netrisar sæti ábyrgð og virði persónuverndarlög.

Á tímum fjölmargra áskorana hafa stofnanir Evrópusambandsins unnið hörðum höndum að því að tryggja góða þátttöku í kosningunum í ár. Það er mikilvægara en nokkru sinni áður að úrslitin endurspegli skoðanir sem flestra Evrópubúa.

Sterkt, lýðræðislegt Evrópusamband er okkur öllum í hag. Evrópsku þingkosningarnar eru lykillinn að því að tryggja að sú verði raunin.

# Stækkum þar sem allt er að stækka!



**Áslaug Hulda Jónsdóttir,**
formaður bæjarráðs Garðabæjar og skólanefndar FG

Garðabær er að stækka. Kópavogur er að stækka. Hafnarfjörður er að stækka. Mikil uppbygging og fjölgun íbúa hefur verið hjá þessum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og framundan er enn frekari uppbygging í Garðabæ. Framhaldsskólarnir á þessu svæði stækka samt ekki neitt. Og rætt er um að stýra aukinni umferð á álagstímum frá miðbænum. Ungt fólk er hvatt til þess að velja sér list- og verknám og eftirspurn eftir námi í list- og verknámi eykst. Samt eykst framboð á list- og verknámi ekki neitt.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var byggður fyrir 500 nemendur en hýsir nú 700. Skólinn er með vinsælli framhaldsskólum landsins. Vinsældir FG liggja ekki síst í því fjölbreytta námsvali sem þar er í boði. Auk hefðbundinna bóknámsbrauta býður skólinn upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut og hönnunar- og markaðsbraut. Vinsældir listnáms hafa stóraukist og í dag er listnámsbrautin stærsta og eftirsóttasta braut skólans. En þar liggur líka vandinn. Húsnæðið er of lítið og þó kennarar vinni afrek á hverjum degi þarf skólinn verulega á stækkun að halda.

### Við erum klár!

Þetta er ekki nýtt vandamál, það hefur bara stækkað. Hér er þó allt klárt, teikningar að viðbyggingu eru til en árið 2007 var sett á laggirnar bygginganefnd sem undirbjó að reisa viðbygginu við skólann. Ekkert hefur þó gerst og það er svo langt síðan að börn sem voru þriggja ára árið sem bygginganefndin tók til starfa fara í framhaldsskóla á næsta ári. Það er því galið að dusta ekki rykið af þessum teikningum og láta hendur standa fram úr ermum.

Ekki stendur á bæjaryfirvöldum í Garðabæ og ekki heldur stjórnendum og starfsfólki Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Við bíðum eftir yfirvöldum menntamála.

**Ungt fólk er hvatt til þess að velja sér list- og verknám og eftirspurn eftir námi í list- og verknámi eykst. Samt eykst framboð á list- og verknámi ekki neitt.**

# Skjátími er ekki bara skjátími



**Salvör Nordal**
umboðsmaður barna.

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um notkun barna á skjátækjum. Embætti umboðsmanns barna hefur ítrekað fengið fyrirspurnir um skjánotkun barna og mögulegar takmarkanir á henni en ákall hefur verið frá fagfólki og foreldrum um setningu viðmiða um skjánotkun og skjátíma barna.

Á læknadögum 2018 var skjánotkun barna og unglinga meðal umfjöllunarefna en umboðsmaður barna tók þátt í þeirri umræðu. Samkvæmt lögum um umboðsmann barna er honum ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna. Eftir læknadaga kallaði umboðsmaður barna saman ýmsa sérfræðinga með það að markmiði að mynda faghóp um setningu viðmiða um skjánotkun barna. Mikill áhugi var innan hópsins sem fundaði reglulega á starfstímanum og var það niðurstaða hópsins að miða ekki við tímatakmarkanir á skjánotkun enda sýna rannsóknir að það sem gert er í skjátækjum skiptir meira máli en tímalengdin. Líkt og fullorðnir nota börn skjátæki sín á margvíslegan og uppbyggilegan hátt eins og til að semja tónlist, búa til stuttmyndir, eiga í samskiptum við vini og félaga, sækja sér fræðslu um eigin réttindi og ýmiss konar upplýsingar fyrir nám og daglegt líf.

Viðmiðin voru kynnt í síðasta mánuði og taka þau mið af mismunandi aldursskeiðum barna. Viðmiðin má finna á heimasíðunni www.heilsuvera.is og á heimasíðu umboðsmanns barna, www.barn.is, en að þeim standa Embætti landlæknis, umboðsmaður barna, Barnaheill, Heilsugæslan, Heimili og skóli og SAFT.

Í umræddum viðmiðum er byggt á nýjustu rannsóknum og ályktunum sérfræðinga á þessu sviði. Áhersla er lögð á að skjátími bitni ekki á grunnþörfum barna eins og heilbrigðu líferni, samveru við foreldra, nægum svefni og félagslegum samskiptum. Þá er mælt með því að foreldrar og börn setji sér eigin reglur um skjátíma á heimilum. Foreldrar eru fyrirmyndir og því afar mikilvægt að þeir hugi jafnframt að eigin skjánotkun.

**Líkt og fullorðnir nota börn skjátæki sín á margvíslegan og uppbyggilegan hátt eins og til að semja tónlist, búa til stuttmyndir, eiga í samskiptum við vini og félaga, sækja sér fræðslu um eigin réttindi og ýmiss konar upplýsingar fyrir nám og daglegt líf.**



Bandarísku barnalæknasamtökin hafa gefið út stefnuyfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að börn taki þátt í tómstundum og hreyfingu, fái nægan svefn og að foreldrar og börn fái fræðslu um skjánotkun. Þá voru nýlega sett fram viðmið í Bretlandi um skjánotkun barna og unglinga af „The Royal College of Paediatrics and Child Health“, sem sér um þjálfun sérfræðinga í barnalækningum, án viðmiða um tímalengd skjánotkunar, en ekki er talið fullsannað að mikil notkun skjátækja sé börnum skaðleg. Þess í stað var farin sú leið að aðstoða fjölskyldur við að móta sér eigin reglur um skjánotkun með áherslu á grunnþarfir barna eins og svefn, næringu og samverustundir fjölskyldu.

Umboðsmaður barna bindur vonir við að umrædd skjáviðmið nýtist sem flestum foreldrum við að eiga samtal við börn um uppbyggilega notkun skjátækja á heimilum.




# Tíska

FIMMTUDAGUR 23. MAÍ 2019




Listakonan Agnes Marinósdóttir hefur margt á prjónunum. Gaf nýlega út lag á Spotify. Hannar boli, peysur og töskur og var að gefa út litabók. FRETTABLADID/ERNIR

# Ef ég fæ hugmynd framkvæmi ég hana

Agnes Marinósdóttir er fjölhæf listakona. Hún hefur hannað töskur og föt, samið tónlist og málað myndir svo eitthvað sé nefnt. Agnes gaf nýlega út lag sem má finna á Spotify. Litabók eftir hana er á leið í sölu á næstu dögum. →2



**Sólveig Adora Hansdóttir starfar sem fatahönnuður í London. Hún segir aðkallandi að efla vitund neytenda um mengandi fataiðnaðinn og framleiðsluaðferðir hraðtískurisanna sem ráða orðið ríkjum á íslenskum fatamarkaði.**

→4

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga

THE SUSHI CORNER
Osushi
Tryggvagötu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Eftir að hafa unnið sem stjórnandi hjá H&M ákvað Agnes að einbeita sér að sinni eigin hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Agnes lærði vöruhönnun í Iðnskólanum og tískumarkaðsfræði í Barcelona. Hún hefur hannað vörur undir merkjunum Aggystar og Agnes Mar.

„Ég hef hannað töskur undir merkinu Aggystar. Ég prentaði myndir af Íslandi í neonlitum á fartölvutöskur og buddur. Töskurnar voru aðallega hugsaðar fyrir ferðamannamarkaðinn. En svo hannaði ég bakpoka úr pallíettum og satíni undir Agnes Mar-merkinu mínu. Ég er mest í að gera vörur sem skera sig svolítið úr. Þetta eru ekki beint „mainstream“ vörur,“ segir Agnes, sem hefur líka hannað leðurhanska og leðuralpahúfur svo dæmi séu nefnd.

Það nýjasta úr smiðju Agnesar er litabók sem er væntanleg til sölu hjá Amazon í næstu viku. „Bókin er innblásin af því þegar ég bjó í Barcelona. Þetta eru eins konar „sugar skulls“ í bland við eitthvað íslenskt. Ég er til dæmis með þjóðarblómið okkar holtasóley, víkingahjálm og ægishjálm á hauskúpunum,“ segir Agnes. Hún tekur fram að litabókin sé ekki hugsuð sérstaklega fyrir börn heldur alla aldurshópa.

„Ég er búin að leggja mikla vinnu í bókina og er mjög stolt af henni. Ég er að bíða eftir fyrstu prufunni frá Amazon áður en ég gef samþykki mitt. Bókin fer svo bara í sölu í næstu viku. Ég er líka að tala við íslenska útgefendur upp á að selja hana hér heima. En annars er hægt að kaupa hana á Amazon og fá hana senda til Íslands.“

Agnes segist hafa haft áhuga á hönnun alla tíð og byrjað að teikna þegar hún var barn. Hönnunin hefur þó alltaf verið aukavinna þar sem Agnes var í fullri vinnu sem deildarstjóri hjá H&M á Íslandi og þar áður bjó hún úti og var í háskólanámi.

„Ég hef verið að taka hönnunina með í skorpum. Þetta hefur eiginlega bara verið aukavinna með lífinu og öllu sem því fylgir. En núna er ég bara að einbeita mér að hönnuninni.“

Agnes lærði, eins og áður segir, tískumarkaðsfræði í Barcelona. Hún segist hafa valið það nám til að blanda saman skapandi námi og fræðilegu.

„Ég er með svona 50/50 heila. Maður getur ekki lært neitt hér heima sem er bæði skapandi og akademískt. Ef þú ferð í markaðsfræði þá er það bara markaðsfræði með áherslu á viðskipti. Mig langaði í nám sem væri skapandi líka. Þetta var fullkomið að því leyti,“ segir Agnes.

„Svo kom ég heim og fékk vinnu hjá H&M. Ég var með fyrstu stjórnendunum fyrir H&M Ísland. Það var mjög gaman. Ég þurfti að fara í þriggja mánaða þjálfun til útlanda, en það sem var mest spennandi við þetta var að við vorum að standsetja fyrir einn stærsta tískumógúl í heimi, á Íslandi. Það var gaman að vera með í því frá byrjun. Það var margt sem kom mér á óvart og margt sem ég lærði, þetta var góð reynsla. En ég ákvað svo að snúa mér eingöngu að mér og minni hönnun. Tíminn er bara núna.“

Agnes segist vera með aðra bók í bígerð. „Hún er hugsuð fyrir börn, en ég vil ekki segja of mikið frá henni eins og er. Ég er líka að hanna listaverk sem heitir Bleeding Currency. Það eru hettupeysur og bolir með mynd af blæðandi krónu. Það verk er ádeila á græðgi almennt og bullandi neyslu. Bolirnir og peysurnar munu einnig fást á Amazon en bara í Bandaríkjunum og Bretlandi. Svo þar verður fólk með blæðandi krónur á sér,“ segir Agnes hlæjandi og bætir við að hún vonist til að hægt verði að selja fötin á Íslandi líka.

En Agnes gerir fleira en að hanna föt og litabækur. Hún hefur samið tónlist og tók meðal annars þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra. Hún samdi lagið Svaka stuð með frænda sínum og ákvað að syngja það sjálf í keppninni. Með henni voru söngkonurnar Stefanía Svavarsdóttir og Regína Lilja Magnúsdóttir. „Ég er mjög mikill Eurovision-nörd,“ segir Agnes. „Ég tróð mér eiginlega inn í atriðið mitt. Ég er ekki söngkona en ég ákvað að þarna væri eina tækifæri mitt til að vera uppi á sviði í glimmergalla og ég gerði það, ég er rosalega stolt af mér.“

Lagið er núna komið inn á Spotify í upprunalegri útgáfu þar sem Agnes syngur lagið sjálf. Þá er Agnes líka nýbúin að gefa annað lag út á Spotify sem heitir Walking on Lava sem hefur fengið ágætis viðtökur, sérstaklega í Bandaríkjunum.

„Ég hef ekkert sérstaklega verið að reyna að koma tónlistinni minni á framfæri. Tónlist er eina listformið sem ég er svolítið feimin við. Ég hef verið að semja tónlist í mörg ár, en alltaf verið svona skápasemjari. Ég hef aldrei haft trú á að það sem ég sem sé nógu gott, en samt kem ég því í framkvæmd,“ segir Agnes sem sannarlega situr ekki auðum höndum.

Hún segir að þegar hún fái hugmynd þá framkvæmi hún hana. Hún lætur ekkert stoppa sig. Spurð að því hvort það sé eitthvert listform sem hún hefur ekki spreytt sig á svarar hún hlæjandi: „Skóhönnun, en ætli það verði ekki bara næst.“




Í litabókinni má finna holtasóley, víkingahjálm og ægishjálm á hauskúpum



Mynd úr nýútkominni litabók.



Verkið Bleeding currrency er ádeila á græðgi og bullandi neyslu.






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


hōgl
hjá
Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Slæm samviska hraðtískurisanna

## Sólveig Adora Hansdóttir, fatahönnuður í London, segir aðkallandi að efla vitund neytenda um framleiðsluaðferðir hraðtískurisanna sem verða æ stórtækari á íslenskum fatamarkaði.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Hraðtískurisar, eins og H&M, Zara og Topshop, ýta undir óhóflega ofneyslu á tískuvarningi sem ætti hreint ekki að vera eins og hver önnur neysluvara sé litið til mannréttinda og umhverfissjónarmiða," segir Sólveig Adora sem vill vekja neytendur til vitundar og umhugsunar um meðvituð fatakaup.

„Það vita til dæmis ekki allir að hraðtískurisinn H&M á einnig hraðtískukeðjurnar Cos, Monki og Weekday sem opna verslanir á Íslandi á næstu dögum, og verslanakeðjuna & Other Stories sem er vinsæl hjá Íslendingum á ferðalögum í útlöndum," segir Sólveig.

> Fylgir því góð samviska að kaupa sér ódýr föt þegar það er jafn dýru verði keypt?

Hún segir siðferðisþröskuldinn lágan við fjöldaframleiðslu hraðtískurisanna.

„Fyrir utan þá staðreynd að hraðtískukeðjur stela hugmyndum annarra hönnuða og gera úr þeim ódýrar eftirlíkingar, vanvirða þær mannréttindi og dýravernd. Þess vegna styðja neytendur ómeðvitað slæmt viðskiptasiðferði þegar þeir versla í þessum búðum."

Sólveig segir þó ekki við neytendur eina að sakast.



**Sólveig Adora Hansdóttir fatahönnuður.** MYND/ÞORVALDUR HAFSTEINSSON

„Það er strembið að vera neytandi þegar ógjörningur er að komast að sannleikanum á bak við framleiðsluhættina, því allt er svo falið. Mitt ráð væri að fara aldrei aftur inn í hraðtískuverslun en þá að muna hvað felst í lága verðinu og lélegu gæðunum. Það eitt er stórt skref í rétta átt. Það býr ótrúlegur kraftur í fjöldanum og því fleiri sem sniðganga hraðtískurisana, því sterkari verða skilaboðin. Því þarf að gera neytendum ljóst að þeir eiga kröfu um gegnsætt ferli. Það kæra sig fæstir um að kaupa vörur sem unnar voru í barnaþrælkun eða með aðferðum sem valda óafturkræfri mengun fyrir náttúruna, en hendur neytenda eru bundnar þegar skortir gegnsæjar heimildir um framleiðsluferlið og hvort ódýrt vinnuafl var notað til að búa til flíkina."

### Verð sem stenst ekki skoðun

Sólveig starfar í hringiðu tískubransans í heimsborginni Lundúnum og hefur meðal annars unnið fyrir tískuhönnuðina Calvin Klein, Rihard Malone og Hillier Bartley.

„Sem hönnuður þarf ég að gera mínar eigin rannsóknir til að tryggja gott framleiðsluferli og efnanotkun þar sem hvorki eiturefni né barnaþrælkun koma við sögu. Öll þurfum við að hugsa fatakaup upp á nýtt og líta á þau sem fjárfestingu í vönduðum efnum sem endast í stað þess að kaupa lélegar vörur á spottprís. Auðvitað þykir flestum kostur að geta keypt tískufatnað fyrir lítið fé en fylgir því góð samviska þegar upp er staðið og það er svona dýru verði keypt?" spyr Sólveig.

Hún veltir fyrir sér hvernig bolur úr verslun tískurisanna geti kostað aðeins 795 krónur.

„Sú verðlagning stenst auðvitað enga skoðun þegar horft er til efnisnotkunar, vinnu og flutnings. Skýringin er einfaldlega „made by children for children" eins og sagt er í þessum bransa og ég vil að fólk sé meðvitað um þann veruleika. Í mínum huga eru mannréttindi og jörðin mun meira virði en bolur sem kostar 795 krónur. Við þurfum að hætta fatasóun og einnota hugsunarhætti. Spörum frekar ögn lengur og kaupum vandaðan, endingargóðan fatnað þar sem hvorki hefur verið unninn skaði á náttúrunni né vinnuafl verið misnotað í framleiðsluferlinu."

### Stjórnvöld setji skýrar reglur

Fataiðnaðurinn er annar mest mengandi iðnaður heims.

„Ekki síst vegna þess hversu mikið af fatnaði fer í landfyllingar og brennslu. Auk þess þarf mikið vatn til að lita einn bol og við litunina eru notuð eitruð efni sem fara út í jarðveginn og aftur inn í líkamann þegar við borðum mat úr sama jarðvegi," útskýrir Sólveig sem vill sjá stjórnvöld setja strangari lög og reglur þegar kemur að fataframleiðslu.

„Rétt eins og gert hefur verið með banni á plastpokum er hægt að banna eitraða fataliti og flíkur sem eru seldar á verðlagi sem stenst ekki skoðun sé horft til lágmarkstekna. Þá þarf að sýna fram á hvar og hvernig varan var framleidd. Neytendur verða að hafa gegnsæi til að geta keypt skaðlausan fatnað með góðri samvisku; ellegar versla þeir áfram í blindni. Þetta geta hraðtískukeðjurnar sjálfar lagað, hönnuðir og stjórnvöld með strangara regluverki og sé hraðtískukeðjum hleypt inn í landið ætti að gera skýlausa kröfu um að allt í framleiðsluferlinu sé löglegt."

## Hvað getum við gert? Hvað ætti að forðast?

Hér gefur Sólveig heilræði og upplýsingar um fataiðnaðinn sem er annar mest mengandi iðnaður heims vegna óhóflegrar neyslu á ódýrum fatnaði sem fer fljótt í ruslið og endar í urðun.

**Hvað ætti að hafa í huga?**

- Er notast við lífræna bómull? Það eru mörg vandamál tengd við bómullarframleiðslu, þar á meðal barnaþrælkun og víðtæk notkun á eitruðum varnarefnum (e. pesticides). 100% lífræn bómull er málið!
- Fairtrade, hver gerði fötin mín? Margar stórkeðjur treysta á ólaunað eða mjög lágt launað vinnuafl sem vinnur langan vinnudag í hræðilegum aðstæðum. Gott dæmi er Rana Plaza, fataverksmiðja á Indlandi, sem hrundi árið 2010 með þeim afleiðingum að 1.100 manns létu lífið. Þar voru framleidd föt fyrir Primark, Mango, El Corte Ingles og Benetton sem allt eru hraðtískurisar. Hvernig gæti bolur annars verið á 795 krónur ef ekki er eitthvað gruggugt á bak við framleiðsluna á honum? Með því að kaupa vörur sem eru „fairtrade", hvort sem það er fatnaður eða matur, er tryggt að manneskjan sem gerði vöruna fái borgað fyrir hana og um leið sniðgengur þú þrælahald.
- Forðastu að kaupa leður og feldi. Yfir ein milljón dýra er drepin á ári hverju til þess eins að komast yfir feld þeirra eða skinn. Þetta er ekki bara spurning um hræðilega meðferð á dýrum heldur hefur þetta slæm áhrif á umhverfið og dýralíf yfirhöfuð.
- Eru eitruð efni notuð við framleiðsluna? Í ódýrri fataframleiðslu, eins og hjá hraðtískurisum, er auðvitað notast við ódýr efni í framleiðslu, hvort sem það er skordýraeitur, litarefni eða annars konar varnaefni. Þau eru virkilega skaðleg umhverfinu þar sem þeim eru skolað út í jarðveginn en þau eru einnig mjög skaðleg fyrir notendur flíkanna.
- Forðist að kaupa flíkur úr efninu viscose. Viscose er hálfgerviefni sem hefur verið vinsælt í fataframleiðslu hjá hraðtískurisum síðustu ár. Framleiðsla á viscose-efni veldur mikilli vatnsmengun sem hefur orsakað mikinn umhverfisskaða og mannréttindaskaða.
- Forðist að kaupa flíkur úr pólýester. Við framleiðslu á pólýester er notað gríðarlegt magn jarðolíu. Pólýester er því plastefni, það er mest notaða efnið í fataframleiðslu og hefur beina tengingu við mengun sjávar.

**Hvað getum við gert núna?**

- Notaðu fötin sem þú átt! Ekki henda þeim eftir stutta notkun. Fatnaður er fjárfesting en ekki neysluvara.
- Þú ert meira virði en að kaupa ódýra draslflík sem endist stutt og verður fljótt bæði ljót og slitin. Vandaðu valið á því sem þú kaupir í fataskápinn og ekki fylgja trendum. Skapaðu heldur þinn persónulega fatastíl.
- Kauptu notuð föt eða fatnað frá hönnuðum sem þú treystir og veist hvaðan fatnaðurinn kemur.
- Ef þú þarft að losa þig við föt, farðu þá með þau í endurvinnslu, gefðu flíkina áfram eða gerðu eitthvað nýtt úr henni.
- Það sterkasta sem þú getur gert sem neytandi er að kaupa minna, vanda valið, eiga lengur og endurnýta.


SÍÐBUXUR, KVARTBUXUR, STUTTBUXUR OG LEGGINGS
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


Stretch og háar í mittið
Verð 12.900 kr.
- stærð 34 - 54
- 10 litir
- 7/8 sídd
- teygja í mitti og smellur neðst á skálmum
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
Rolf PRIMA
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
WWW.TRI.IS
STAGES CYCLING
FULCRUM
CUBE FERÐAHJÓL
CUBE STEREO
CUBE AIM “27.5
CUBE ATTAIN
CUBE RAFMAGNSHJÓL
ParkTool
ParkTool
CUBE FJALLAHJÓL
TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Túrban frá Gucci vekur reiði

Tískumerkið Gucci hefur hlotið mikla gagnrýni vegna sölu á túrbönum, en túrban er heilagur höfuðbúnaður í trúarbrögðum sikha. Þetta kemur fram í frétt á vef The Guardian.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Höfuðbúnaðurinn sem Gucci selur fangaði athygli gagnrýnenda þegar netverslun Nordstrom auglýsti höfuðbúnaðinn frá Gucci á 790 evrur eða rúmar 100.000 krónur. Í kjölfarið tístu samtök sikha á Twitter að túrbaninn væri ekki bara fylgihlutur, heldur heilagt trúartákn.

Nordstrom hefur beðist afsökunar opinberlega á Twitter, og höfuðbúnaðurinn merktur sem uppseldur á síðu þeirra. Nafn vörunnar sem var áður „Indy Full Turban“ eða indverskur túrban er nú „Full Head Wrap“.

Þrýst er á Gucci að tískumerkið sendi frá sér afsökunarbeiðni, en ekkert hefur borið á svörum.

Á meðan Gucci er ekki eina tískumerkið sem selur túrbana og Nordstrom ekki eina fatabúðin, þá útskýrir Sukhjeevan Singh, talsmaður Sikha-ráðsins í Bretlandi, að ástæða þess að Gucci hafi vakið meiri reiði en önnur merki sé vegna þess hve mikið höfuðbúnaðurinn sem Gucci selur líkist túrbönum sem sikhar nota hversdags.

**» Singh segir að þetta sé verulega móðgandi og mikil vanvirðing því að túrbaninn sé heiðurstákn í trúarbrögðum sikha. Gucci-túrbaninn sé eins og skopstæling.**

Singh segir að þetta sé verulega móðgandi og mikil vanvirðing því að túrbaninn sé heiðurstákn í trúarbrögðum sikha. Gucci-túrbaninn sé eins og skopstæling. Singh staðhæfir jafnframt að trúarbrögðin séu mjög opin og vanalega hafi túlkun einstaklinga og tískumerkja, sem standa utan trúarbragðanna, á túrbönum ekki vakið mikla reiði og gagnrýni. Það sé vegna þess að yfirleitt hefur höfuðbúnaðurinn þá ekki verið nákvæmlega eins, heldur hafi efninu verið vafið öðruvísi um höfuðið.

Innleiðing túrbansins í heim lúxustískumerkja, hófst árið 1955 þegar Christian Dior sýndi túrban í fatalínu sinni. Á næstu áratugum mátti sjá tískufyrirmyndir á borð við Margréti Bretaprinsessu, Elizabeth Taylor og Joan Collins með túrban, þrátt fyrir að það væri ekki fyrr en árið 1989 sem sikhar máttu samkvæmt lögum bera túrban á vinnustöðum í Bretlandi.

Á seinni árum hafa stjörnurnar Rihanna, Sarah Jessica Parker og Kate Moss til dæmis vakið athygli fyrir að bera túrban. Í nóvember 2017 bar fyrirsætan Adwoa Aboah túrban eftir hönnuðinn Marc Jacobs, á forsíðu British Vogue.

Singh vonar og er bjartsýnn á að tískumerkið hafi ekki ætlað sér að móðga sikha, og vonast eftir afsökunarbeiðni, enda hafi Gucci áður sagt að merkið ætli að taka tillit til menningareinkenna ólíkra þjóða í framtíðinni. „Ég vona að þau endurtaki þau orð og að þau nái líka yfir virðingu gagnvart mismunandi trúarbrögðum,“ segir Singh.



Fyrirsætan Adwoa Aboah með túrban á höfðinu. NORDICPHOTOS/GETTY




Fyrirsæta í peysu og túrban frá tískurisanum Gucci. NORDIC PHOTO/GETTY


SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464


Flott sumarföt
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




































B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

Höfum fengið á lager meira af góðu **SOFIE** og **EMMU** buxunum frá **BRANDTEX**, ásamt NOOS buxunum, **VICTORIU**, **MADELAINE**

Frábært úrval af **drögtum frá SHARE**

**BRANDTEX**
2. hæð í Kringlunni

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN

# Töfrandi útgeislun með magadansi

Magadansmeyjar sýna listir sínar í Tjarnabíói, sunnudaginn 26. maí. Markmið sýningarinnar er að sameina dansara og styrkja dansflóruna á Íslandi.



Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is


Uppskeruhátíð magadansmeyja, 1001 nótt dansveisla, verður haldin í Tjarnarbíói, sunnudaginn 26. maí kl. 16.00. Þarna sameinast fjölbreyttir hópar sem dansa magadans á höfuðborgarsvæðinu, ásamt skemmtilegum gestaatriðum úr öðrum dansstílum eins og til dæmis bollywood, salsa og jallabina.

Þær Jóhanna Jónasdóttir, Kristína Berman og Margrét Erla Maack standa á bak við sýninguna, en þær tvær fyrrnefndu eru saman í magadanshópnum Ilmur af Arabíu, sem Jóhanna stofnaði árið 2009.

### Kvenlegt heilbrigði

Jóhanna lýsir magadansi sem listrænum tjáningarmáta og einnig sem mikilli líkamsrækt. „Í grunninn þá eru þetta æfingar sem ýta undir kvenlegt heilbrigði og búningarnir sem við sýnum í draga fram þennan kynþokka hjá konum sem fólk tengir oft við magadans. Ein aðalástæðan fyrir því að konur halda oft mjög lengi áfram að dansa magadans eftir að þær byrja, er að dansinn styrkir þær og veitir þeim aukið sjálfstraust til að vera öruggar um eigin kvenlegu fegurð og kynþokka.“

### Fallegir búningar sem fanga augað

Eitt af því sem einkennir magadansinn er litríkur og fallegur klæðnaður dansaranna. „Þetta er náttúrulega bara stórkostleg glimmergleði og búningarnir draga fram allt það fallega í konum í öllum stærðum og gerðum.“

Jóhanna segir að til að byrja með séu konur stundum óöruggar með að sýna bert hold í magadansinum. „Maður þarf aðeins að þora að bera á sér magann og leyfa öxlum og handleggjum að vera svolítið berum, en það er alveg ótrúlegt frelsi sem felst í því að finna að það er fullkomlega allt í lagi. Allar erum við bara eins og við erum og það er þessi innri útgeislun sem er númer eitt, tvö og þrjú.“

Það getur verið erfitt að finna þessa búninga hér á landi en Jóhanna reynir að nýta tækifærið þegar hún er erlendis að kaupa þá þar, en hún hefur farið til Tyrklands og fann fallega búninga og búnað þar. Einnig er auðvelt að finna ýmsan búnað eins og slæður, búninga og magadansbelti á netinu, og nýtir Jóhanna það sér óspart.

Nú verður sýningin sett upp í þriðja sinn, með sömu hugsjón og áður, að færa fólk nær hvert öðru, auka samvinnu danshópa á Íslandi og að styrkja dansflóruna.

„Hugmyndin kviknaði fyrir þremur árum, um að efna til sameiginlegrar dansveislu þeirra hópa sem æfa víðsvegar um höfuðborgarsvæðið, hver í sínu horni, og búa til meiri samkennd í dansarasamfélaginu. Okkur langaði að gefa öllum tækifæri til að koma saman og sýna hver fyrir aðra, þá gætu allir séð hvað hinir væru að gera og í leiðinni byggjum við til sameiginlegan vettvang þar sem við gætum sýnt dansinn og komið þessu stórkostlega fyrirbæri sem magadansinn er á framfæri,“ segir Jóhanna Jónas, leikkona og magadanskennari.



Josy Zareen hefur kennt magadans á Íslandi um árabil en hún mun koma fram á sýningunni.

Hægt er að kaupa miða á 1001 Nótt Dansveislu á tix.is



Litríkur og fallegur klæðnaður er stór partur af magadansi. MYNDIR/ESTER EYJÓLFSDÓTTIR



Eitt af markmiðum sýningarinnar er að færa fólk nær hvert öðru og auka samvinnu danshópa.


VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um vörubíla og vinnuvélar kemur út 28. maí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




GIORGIO ARMANI DAGAR

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 23. - 26. MAÍ

Glæsilegt GIORGIO ARMANI handklæði er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir GA vörur fyrir 8.900 kr. eða meira.

20% AFSLÁTTUR AF GIORGO ARMANI ILMUM

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA Land Cruiser 150GX 33" breyttur. Árgerð 2018, ekinn 46 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.137402.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

### Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
**UTANBORÐSMÓTORAR**




| | |
|---|---|
| **Léttir** | **Kraftmiklir** |
| **Fyrirferðalitlir** | **Sparneytnir** |
| **Hljóðlátir** | **3,5-250 hö** |

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

### Hjólbarðar



4 stk Michelin dekk og original Porche Cayenne felgur 255-55-18 nánast nýtt. Uppl. í s: 892 4288

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

### Til sölu



mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ar beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www. myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16,**
**Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Stúdíó íbúð til leigu svæði 105. Laus strax. Uppl. 860-0360

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir múrurum og verkamönnum til starfa, íslenskukunnátta skilyrði, framtíðarstarf, góð laun í boði og fríðindi. Uppl í síma 897-2681

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**




**Honda Civic Prestige**
Nýskráður 3/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, leðurinnrétting, sóllúga, sýningarbíll frá umboðinu.
Ásett kr. 3.990.000
**Tilboð kr. 3.490.000**
Afborgun kr. 45.356 á mánuði



**Honda HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 48 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**
Afborgun kr. 34.996 á mánuði



**Honda CR-V Executive dísil**
Nýskráður 7/2018, ekinn 8 þús.km., dísel, 9 gíra sjálfskipting, leðurinnrétting, glerþak, dráttarkrókur.
**Verð kr. 5.790.000**
Afborgun kr. 75.142 á mánuði




**Honda CR-V Lifestyle Plus 2WD**
Nýskráður 5/2019, ekinn 1 þús.km., dísel, beinskiptur, leðurinnrétting, vindskeið.
Ásett kr. 5.190.000
**Tilboð kr. 3.990.000**
Afborgun kr. 51.831 á mánuði



**Honda Civic Sedan 1.5 Turbo**
Nýskráður 10/2017, ekinn 14 þús.km., bensín, beinskiptur, 182 hestöfl.
**Verð kr. 3.190.000**
Afborgun kr. 41.471 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gunnlaugur Hilmarsson
lögg. fasteignasali

**Akurbraut 42, 260 Njarðvík**




Mjög fallegt og nýuppgert 5 herbergja einbýlishús, 158,8m2 og þar af 53,1m2 bílskúr, á góðum stað við Akurbraut í Reykjanesbæ. Húsið er á 800m2 eignarlóð. Stutt er í skóla, leikskóla og verslun.

**Afhending við kaupsamning.**

**Sjá nánar í sölulýsingu: https://fastko.is/soluskra/eign/443299**

**Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson löggildur fasteignasali og viðskiptafræðingur í síma 777 56 56, gunnlaugur@fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá - Frítt söluverðmat**

**EIGNAMIÐLUN**
**GRENSÁSVEGUR 11** **SÍMI 588 9090**

**ESPIGERÐI 4, 108 REYKJAVÍK**




67,9 fm.tveggja herbergja íbúð á fjórðu hæð. Svalir og gott útsýni til austurs. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi. Innifalið í leigu er hússjóður og hiti. Greitt er fyrir vatn og rafmagn sér. **V. 190 þús.**
**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

1. **Breyting á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Vatnsleysa land B L188581.**
   Kynnt er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem lóðin Vatnsleysa land B L188581, sem nú er skilgreind sem frístundalóð, verður breytt í landbúnaðarland og fyrirhugað er að stofna lögbýli. Lóðin er innan frístundasvæðis F67. Lóðin er rétt rúmir 2 ha að stærð en áætlað er að hún verði sameinuð aðliggjandi 4ra ha landbúnaðarspildu.

*Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:*

2. **Aðalskipulagsbreyting, Lindarbraut 8 L167841 (Ösp), breytt landnotkun á lóð.**
   Breyting á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, fellst í að landnotkun lóðarinnar við Lindarbraut 8 á Laugarvatni verði breytt úr íbúðabyggð í samfélagsþjónustu. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður gerð samsvarandi breyting á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis á Laugarvatni vegna Lindarbrautar 8.

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:*

3. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, Grafarbakki II spilda 1.**
   Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhuguð er breyting á nýtingu lóðarinnar Grafarbakki II spildu 1 í Hrunamannahreppi. Breytingin felur í sér að norðurhluti lóðarinnar, um 2,6 ha, verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en lóðin er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

4. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, ný íbúðarsvæði á Flúðum. Sandskarð, Hrafnkelsstaðir og Garðastígur.**
   Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhugað er að um 4 ha landbúnaðarlandi innan þéttbýlisins á Flúðum yrði breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð. Um er að ræða þrjú svæði, 1,3 ha svæði Sandskarðs, sem liggur að íbúðarbyggðinni IB3 við Vesturbrún, um 2,5 ha svæði úr landi Hrafnkelsstaða 2 og um 1 ha svæði við Garðastíg.

**Deiliskipulagsmál**

*Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

5. **Lýsing deiliskipulags. Einiholt 3, Skógarholt í Bláskógabyggð. Lögbýli og skógræktarbýli.**
   Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og bílskúrs, skemmu/hesthúss, skemmu, geymslu/gróðurhúsi og tveimur gestahúsum á afmörkuðum lóðum. Alls er gert ráð fyrir að byggingarmagn geti orðið allt að 790 m2.
6. **Lýsing deiliskipulags. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum frá Haki að Leirum.**
   Svæðið sem deiliskipulagið nær til er vestan megin í þjóðgarðinum og nær svæðið yfir meginaðkomusvæði ferðamanna, þinghelgina og þjónustusvæði frá Haki að Leirum. Skipulagssvæðið er 4,2 km2. Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna er þörf á að bæta aðstöðu ferðamanna á Þingvöllum. Í deiliskipulagi verður nýrri þjónustumiðstöð fundinn staður og útfært hvernig flæði ferðmanna um þjóðgarðinn er best háttað til framtíðar. Stefna Þingvallanefndar um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038 er höfð að leiðarljósi í vinnu við deiliskipulag en skv. henni er mikilvægt að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta.

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

7. **Deiliskipulag, Þingvellir, Bratti í Botnsúlum í Bláskógabyggð.**
   Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bratta í Súlnadal í Botnssúlum. Á staðnum var lítill skáli sem hefur verið fjarlægður. Til stendur að reisa nýjan skála allt að 80m2 að stærð fyrir allt að 30 manns í gistingu. Ekki er vegur að staðnum og ekki heimilt að aka að skálanum. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

8. **Deiliskipulag, Svartárbotnar (Gíslaskáli), afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.**
   Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Svartárbotna (Gíslaskála) á Kili í Bláskógabyggð. Á staðnum er rekin þjónusta við ferðamenn þar er einnig gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Í Gíslaskála er gistipláss fyrir 45-50 manns. Til stendur að stækka skálann fyrir allt að 70 manns í gistingu. Einnig stendur til að bæta aðstöðu fyrir hesta. Aðkoma er af Kjalvegi. Á svæðinu er núverandi 270 m2 svefn-skáli, 96 m2 hesthús og 20 m2 starfsmannahús. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

9. **Deiliskipulag, Geldingafell, framafréttur í Bláskógabyggð.**
   Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til skálasvæðis í Geldingafelli á Kili vestan við Bláfell. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélsleðaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Geldingafell er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem skálasvæði.

10. **Deiliskipulag, Árbúðir, afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.**
    Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Árbúða sem eru við Svartá, skammt norðan við Hvítá á Kili, og er aðkoma af Kjalvegi. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gisti- og þjónustu, starfsfólk, salernis-aðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Árbúðir eru í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem hálendismiðstöð.

11. **Deiliskipulag, Skálpanes, framafréttur í Bláskógabyggð.**
    Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Skálpaness sem er við Langjökul, nokkuð vestan Geldingafells. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Á svæðinu eru alls 2 byggingar, fyrir ferðaþjónustu og starfsfólk. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 2ha. Skálpanes er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

12. **Deiliskipulag, Fremstaver, framafréttur í Bláskógabyggð.**
    Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Fremstavers sem er sunnan við Bláfell, vestan Hvítár. Aðkoma er af Kjalvegi. Nokkur gróður er umhverfis húsið og einnig hafa verið útbúin áningarhólf fyrir hesta. Á svæðinu eru alls 3 byggingar, ýmist fyrir ferðaþjónustu, salernishús og hesthús. Gistipláss er fyrir 30 manns. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns og bæta aðstöðu reiðhópa. Stærð svæðis er um 2 ha. Fremstaver er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

13. **Deiliskipulag fyrir Kjarnholt Ferðaþjónustu, frístundabyggð og íbúðarhús.**
Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð auk gisti- og ferðaþjónustu. Um er að ræða 20 ha svæði á jörðinni Kjarnholt í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum undir þjónustu og gistihús, einni lóð undir íbúðarhús, 11 lóðum undir frístundabyggð og 14 lóðum undir smáhýsi.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

14. **Deiliskipulag nýs lögbýlis. Hrafnshagi úr landi Arabæjar í Flóahreppi.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir nýbýlið Hrafnshaga úr landi Arabæjar í Flóahreppi. Landspildan er 45,3 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að á 16.898 m2 byggingarreit innan spildunnar verði heimilt að byggja íbúðarhús, hesthús og reiðhöll.

15. **Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á Holtslóð í landi Neðra-Dals í Bláskógabyggð.**
    Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundabyggð á Holtslóð í landi Neðra-Dals. Gert er ráð fyrir að fjölga lóðum úr 33 í 40 auk þess sem heiti og afmörkun nokkurra núverandi lóða breytist. Einnig er ráðgert að stærð aukahúsa stækki úr 25 m2 í 40 m2 svo fremi að nýtingarhlutfall lóða 0,03 sé virt.

16. **Deiliskipulagsbreyting. Stekkjarlundur frístundabyggð í Bláskógabyggð. .**
    Breytingin fellst í að afmarkaðir eru byggingarreitir fyrir lóðir við Asparstekk 2, 4, 6, 1, 3 og 5a, Birkistekk 1, 3 og 5, Arnarstekk 2, 4, 6, 8 og 10, Lóustekk 1, 3, 5, 7 og 9. Þá er gerð breyting á skilmálum og greinargerð er varðar gr. 3.10. Frárennsli, gr. 4.6. Gróður, gr. 5.2 Stærð húsa, gr. 5.6 Hæð sökkla og gr. 5.11 Fornleifar.

17. **Deiliskipulagsbreyting. Brúarhvammur lóð 1 í Bláskógabyggð. ..**
    Breytingartillagan nær til lóðanna Brúarhvammur 1, lnr. 167225 og lóð 2, lnr. 174434. Breytingin á lóð 1 snýst um að stækka byggingarreit og auka byggingarmagn, þ.e. aukið byggingarmang úr 40-80 m2 hús í allt að 140 m2 sumarhús. Einnig er aukin hámarkshæð húss úr 5,5 m í 6,0 m. Ekki er gerð breyting á lóð 2 að öðru leyti en aðkoma er breytt. Umferðaréttur að lóð 1 er um lóð 2.

18. **Deiliskipulagsbreyting. Áshildarvegur oddatölunúmer 1-45 í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. .**
    Breytingin felur í sér að hluta byggðarinnar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarhúsalóðir. Breytingin nær til vestasta hluta svæðisins og tekur til oddatölunúmera lóða 1-45. Lóðirnar sem um ræðir voru 20, en fækkar í 18 vegna innbyrðis breytinga og sameiningu fáeinna lóða. Deiliskipulagsbreytingin er i samræmi við nýsamþykkta breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og einnig í samræmi við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem er í skipulagsferli.

19. **Deiliskipulagsbreyting. Austurey 1 og 3 í Bláskógabyggð. Eyrargata 9og skilmálabreyting frístundasvæða.**
    Deiliskipulagstillagan felur í sér skilmálabreytingu heildar svæðisins varðandi heildarnýtingarhlutfall lóðar sem breytist í 0,03. Heimilt er að reisa eitt frístundahús og eitt smáhýsi/aukahús. Jafnframt að lóðin Eyrargata 9 er stækkuð úr 5444 m2 í 7179 m2. Samhliða er gert ráð fyrir 5 m belti fyrir göngustíg milli lóðanna Eyrargötu 7 og 9 í framhaldi af aðkomuvegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillögur nr. 1-2 og 5-13 eru í kynningu frá 22. maí til 12. júní 2019 en tillögur nr. 3-4 og 14-19 eru í auglýsingu frá 22. maí til 5. júlí 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1-2 og 5-13 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 12. júní 2019 en 5. júlí. 2019 fyrir tillögur nr. 3-4 og 14-19. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Rúnar Guðmundsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***

## Fasteignir




Glæsilegt sérbýli á
**Seltjarnarnesi**

Rúmlega 350 fm sérbýli með aukaíbúð
Vandað og vel byggt hús
Stórbrotið útsýni
Skjólgóðir pallar

Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason**, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**Leita að eign í 201 Kópavogi!**

**Húsgerð:** Raðhús, parhús, hæð eða íbúð
**Séróskir:** Sérinngangur, 3-4 svefnherb og bílskúr
**Afhending:** Í boði er rúmur afhendingartími henti það seljanda
**Greiðslur:** Traustur kaupandi, sterkar greiðslur. Bindandi tilboð án fyrirvara

**Viltu stækka eða minnka við þig innan hverfis?**
Á bakskrá góðar eignir í hverfinu, aðilar í sömu hugleiðingum!

-hafðu samband og fáðu allar upplýsingar!
**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Ægisgata 5
101 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð íbúð á 3. hæð auk stæðis í bílageymslu í húsi byggðu 2005 við Ægisgötu 5
2ja herbergja
65,8 fm
Lyftuhús
Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins

Nánari upplýsingar veitir:
**Gunnar S. Jónsson**, lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð :
**43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Þjónusta


**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**



**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

**Þú finnur draumastarfið á**
**Job.is**



Kennsla
Heilbrigðisþjónusta

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**
**Job.is**


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

E.K. VERKTAKAR
Hellu & Lóðarlausnir

**Gröfum fyrir sólpöllum, gerum jarðvegsskipti í bílaplönum og lóðum, gröfum fyrir drenlögnum og skólpi.**

**Norðlingabraut 4, 110 rvk | S: 788-8400**

**Bónstöð Garðabæjar**

Bjóðum uppá tjöruhreinsun og sápuþvott, alþrif og mössun smáviðgerðir eins og bremsur, ljós o.fl.

Komdu með bílinn eða við sækjum og skilum honum fyrir þig.Snögg og góð þjónusta.
Opið alla daga frá 8 til 18

● Lyngás 11, 210 Garðabæ ● Sími: 7688000



**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Hús íslenskunnar er ónefni íslenskunnar



**Hallgrímur J. Ámundason**
íslenskufræðingur

Verðandi hús á Melunum vestur í bæ sem hýsa á Árnastofnun og íslenskudeild Háskóla Íslands, þar sem handritin skulu geymd í skjóli fyrir flugvélum og skinnblaðamaurum, ásamt ýmsum öðrum heimildum og gagnasöfnum um íslenskt mál og menningu, er í umræðum iðulega kallað Hús íslenskunnar. Byggingu hússins ber sannarlega að fagna enda hafa framkvæmdir dregist úr hömlu. Gapandi grunnurinn hefur hlegið að vinum íslenskrar tungu og menningar allt of lengi. Um nafnið á húsinu hef ég hins vegar nokkrar efasemdir og þykir það raunar ekki sæma starfseminni sem þar á að fara fram og dýrgripunum sem þar verða varðveittir.

Um húsanöfn á Íslandi er það að segja að þau hafa löngum bara heitið sömu nöfnum og jarðirnar sem þær stóðu á, hvort sem um er að ræða Böggvisstaði nyrðra eða Seljaland fyrir sunnan. Í þéttbýli Íslands fengu seinna meir mörg hús annars konar nöfn. Oftast voru þau kennd við eigendur sína eða fólkið sem reisti þau. Stundum var það nafn viðkomandi en stundum atvinnugrein. Þannig voru í Reykjavík til hús með nöfnum eins og Eirnýjarbær eða Sívertsenshús og Læknishús og Vaktarabær. Dæmin eru óteljandi.

Í einstaka tilfellum reyndu menn að vera formlegir og kölluðu hús sín nöfnum eins og Hús Bernhöfts bakara eða Hús Guðnýjar Möllers en þau urðu aldrei kölluð annað en Bernhöftshús eða Guðnýjar Möllers-hús. Sama með Hús Eimskipafélagsins eða Hús Mjólkurfélags Reykjavíkur. Auðvitað voru þau bara kölluð Eimskipafélagshúsið eða Mjólkurfélagshúsið. Það er nefnilega fullkomlega augljós og eðlileg hefð um það í íslensku máli hvernig samsett orð eru mynduð, hvort sem þau eru samnöfn eða sérnöfn. Þannig er orðið húsbíll myndað úr orðunum hús og bíll. Húsbíll er bíll sem er líka hús. Aftari eða aftasti liður samsetningarinnar segir mest til um hvernig fyrirbæri er um að ræða. Þarna er um bíl að ræða en ekki bara hvernig bíl sem er heldur sérstakan bíl sem er næstum því eins og hús. Húsbíll.

Ekki hvarflar að nokkrum manni með sæmilega máltilfinningu að kalla þetta fyrirbæri bíl hússins eða hús bílsins. Það er spurning hvort það mundi yfirleitt skiljast. Óþarfi er það að minnsta kosti enda höfum við tiltæka miklu eðlilegri og nærtækari aðferð. Húsbíll.

Á Háskólasvæðinu hefur lengi verið til siðs að nefna hús eftir lærdómssetrum víða um land eða öðrum örnefnum sem tengjast starfseminni. Dæmi um þetta eru Lögberg, Oddi og Askja. Gamli- og Nýi-Garður eru kenndir við samskonar hús í Kaupmannahöfn, Árnagarður við Árna Magnússon, Íþróttahúsið við íþróttir. Aðalbygging Háskóla Íslands heitir svo, ja hvað heitir hún eiginlega? Hún er að minnsta kosti ávallt kölluð bara Aðalbyggingin. Nýrri nöfn á svæðinu eru Gimli og Háskólatorg. Takið eftir að það síðarnefnda heitir Háskólatorg en ekki Torg háskólans. Hlaða bókarinnar er svo á næsta leiti, nei djók. Bókhlaðan. Nema hvað!

Í íslenskum samsetningum er það síðasti liðurinn sem segir um hvers konar fyrirbæri er að ræða. Í nafninu Austurbær er um bæ að ræða, í Austurkot er átt við kot, í Barónsfjósi fjós, í Hólavallaskóla skóla, í Íslandsbanka banka, í Landakotskirkju kirkju, í Ráðherrabústaðnum bústað og svo mætti lengi telja. Kot austursins eða Banki Íslands eða Bústaður ráðherrans hljómar ekki rétt, ekki er alveg laust við að nokkurrar tilgerðar og upphafningar gæti í slíkum samsetningum, enda hafa þær lítt verið brúkaðar í íslensku. Skemmst er að minnast Húss verslunarinnar. Nafnið virðist sett saman að erlendri fyrirmynd: House of Commerce, House of Fraser, House of the Rising Sun. Í Húsi verslunarinnar er þó afar lítið um verslanir. Það er óskandi að það verði ekki að áhrínisorðum fyrir Hús íslenskunnar, að þar verði hlutur tungu og menningar fyrir borð borinn!

Nei, hér þarf sannarlega að gera betur og vanda sig meira áður en skringilyrði festist á húsinu. Ef til vill er ástæða til að efna til nafnasamkeppni, kannski skipa nefnd. Að minnsta kosti verður að gera betur hér, heiður Árnastofnunar og íslenskudeildar er í húfi.

Sá siður á háskólasvæðinu og raunar miklu víðar, að leita fanga í íslenskum örnefnum, er gæðasiður. Heitin á Odda, Öskju og Lögbergi eru framúrskarandi. Þau vísa til Odda á Rangárvöllum þar sem Sæmundur fróði bjó í fyrndinni og Snorri Sturluson litlu síðar, Öskju sem hýsir jarðvísindi og náttúrufræði – nafnið er í senn örnefni og heiti á sérstöku fyrirbæri í jarðmyndunum – og Lögbergs sem er sögufrægur staður á Þingvöllum og vísar með beinum hætti til fræðanna sem þar eru stunduð.

Nú vill svo til að á sama stað og reisa skal hús utan um og yfir íslensk fræði, á Skildinganesmelunum fornu, sjálfum Melunum, þar sem Melavöllurinn stóð forðum daga og Bókhlaðan rís eins og virki upp úr síkinu – þar er þegar til staðar örnefni sem á heimtingu á að vera haldið meir á loft. Því hvað er íslenskara en melurinn? Grýttur jarðvegur með stakri lágplöntu sem ýkir mikilvægi sitt á berangrinum. Þannig er líka íslensk tunga á alheimsmelnum, smátunga fámennrar þjóðar en með víða skírskotun í bókmenntum, sögu og máli. Melarnir eru fornt heiti á svæðinu sem lýsir því hvernig það leit út lengst af. Nú er að vísu búið að græða það upp að mestu. Heitið hefur líka víðari skírskotun því vítt og breitt um landið hafa staðið bæir með þessu nafni, Melur eða Melar. Melar í Melasveit heitir gamalt höfuðból í Borgarfirði sem hefur ýmsar tengingar við íslensk fræði. Til dæmis er Melabók Landnámu kennd við staðinn. Melur í Miðfirði, sem seinna var farið að kalla Melstað, er ekki síður tengdur lærdómi. Þar sat Arngrímur lærði á síðari hluta 16. aldar og fyrri hluta þeirrar 17. Viðurnefni sitt hlaut Arngrímur ekki út í bláinn, hann var einn lærðasti maður síns tíma, koma að söfnun handrita, rétt eins og Árni Magnússon, og skrifaður fyrstur manna samfellda sögu Íslands (Crymogæa), var rektor í Hólaskóla, þýðandi, kennari og skáld. Svo skemmtilega vill til að húsið sem reisa á yfir íslensk fræði stendur við götu sem kenna á við þennan mann. Þessi heita lumma selur sig því alveg sjálf. Hús íslenskra fræða stendur við Arngrímsgötu og skal heita Melur.

Auk þess legg ég til að kaffistofa hússins verði nefnd Meldögg.

**Ef til vill er ástæða til að efna til nafnasamkeppni, kannski skipa nefnd. Að minnsta kosti verður að gera betur hér, heiður Árnastofnunar og íslenskudeildar er í húfi.**

# Húsi (holu) íslenskra fræða frestað aftur



**Alexandra Ýr van Erven**
stúdentaráðsliði Röskvu og oddviti hugvísinda í Röskvu

Hús íslenskra fræða mætti með sanni kalla eina vanræktustu framkvæmd síðari tíma en rúm tíu ár eru síðan niðurstöður úr samkeppni um bygginguna voru kynntar almenningi. Síðan hefur þó ekki meira áorkast en galtómur og gróðurvaxinn grunnur hússins sem hefur gengið undir mörgum skrautlegum viðurnefnum síðastliðin ár. Í dag liggja engin áform fyrir um bygginguna og í nýútgefinni fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til verkefnisins.

Þessar óútskýrðu tafir verða að teljast mikil vonbrigði, einkum vegna þess að í fjármálaáætlun síðustu ára var áætlað að framkvæmdir myndu einmitt hefjast í ár. Í fjármálaáætlun 2019-2023 sem gefin var út í fyrra segir meðal annars í kaflanum um háskólastigið: „Þá eru áformaðar byggingarframkvæmdir við Hús íslenskunnar sem lokið verður við á tímabilinu.“ Í fjármálaáætlun 2018-2022 kom þar að auki fram að téðar framkvæmdir væru í raun stærsta verkefni háskólastigsins og að húsið yrði reist fyrir árið 2021: „Stærsta einstaka verkefnið innan málefnasviðsins [háskólastigsins] eru áformaðar byggingarframkvæmdir við Hús íslenskra fræða á árunum 2017–2021.“ Þá er tekið fram að áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar sé 3,7 milljarðar króna á árunum 2017–2021 en nú þegar hafa 600 milljónir króna farið í hönnun og fyrra útboð verkefnisins. Fjármagnið er þó ekki rekjanlegt í núverandi áætlun. Horfið hefur verið frá þessum fyrirheitum og nú virðast engin skýr áform liggja fyrir um framkvæmdina en núverandi áætlanir ríkisstjórnar verða að teljast nokkuð óljósar samkvæmt því sem kemur fram í nýútgefinni fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.

Húsi íslenskra fræða bregður aðeins fyrir í tveimur málsgreinum í núverandi áætlun sem í raun stangast hvor á við aðra. Annars vegar segir: „Þá hefur fjárveitingum vegna Húss íslenskunnar verið hliðrað til frá fjármálaáætlun 2020-2024 vegna fyrirsjáanlegra tafa“ en þrátt fyrir það er ekki ljóst hvað veldur þessum töfum. Hins vegar segir: „Búið er að bjóða út framkvæmdir á Húsi íslenskunnar og er stefnt að því að húsið rísi á tímabili fjármálaáætlunar.“ Þessi mótsögn sýnir ef til vill einna best stefnuleysi eða jafnvel óákveðni stjórnvalda varðandi framkvæmdina. Öllum tilboðum sem bárust í fyrrgreindu útboði var hafnað í febrúar síðastliðnum á þeim forsendum að þau færu fram úr kostnaðaráætlun. Það má því velta fyrir sér hvort verkkaupandinn, mennta- og menningarmálaráðuneytið, hafi hreinlega gleymt því að þau höfðu ekki samþykkt neitt tilboð þegar seinni setningin var skrifuð. Þessi vinnubrögð verða að teljast heldur klúðursleg þegar um er að ræða verkefni af þessari stærðargráðu. Ráðuneytið hafði sett þann fyrirvara í útboðsgögn að tilboðum sem færu fram úr kostnaðaráætlun yrði hafnað. Hins vegar má setja spurningarmerki við það verklag að áætlunin hafi ekki verið birt mögulegum verktökum fyrir fram og því voru öll tilboð unnin í ákveðinni blindni. Eftir stendur því holan við Arngrímsgötu 5 og engin áform liggja fyrir um að byggt verði í henni.

Í umræðum um fjármálaáætlun á þingi þann 27. mars síðastliðinn var Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra spurð um tímalínu fyrir Hús íslenskra fræða og svaraði svo: „Mér finnst ábyrgt á þessum tímapunkti að fara betur yfir stöðu mála og taka svo ákvörðun, ég er hins vegar á því að ef það er samdráttur í hagkerfinu þá séu það ekki endilega skilaboð um það að við ættum algjörlega að draga saman seglin.“ Það eru vissulega gleðifregnir að Lilja Dögg vilji ekki draga saman seglin en svar hennar er að öðru leyti nokkuð innihaldslítið, sem er áhyggjuefni. Verkefnið var skilgreint sem stærsta verkefni háskólastigsins en af svarinu að dæma virðast ekki liggja fyrir ítarlegri áform en þau að athuga þurfi stöðuna. Hvað felst í því að athuga stöðuna er síðan annað mál en ljóst er að þessi svör eru ansi þreytandi og satt að segja ófullnægjandi þegar um tíu ára gamalt verkefni er að ræða. Endurteknar tafir á byggingunni verða að teljast fremur kaldhæðnislegar í ljósi þess hve mikilvægt er að efla stöðu íslenskunnar nú á dögum, en eins og gefur að skilja er fyrrnefnd hola hvorki hvetjandi fyrir fræðimenn né námsmenn sem fást við íslensk fræði. Óvissa um þessar framkvæmdir er bagaleg og ásýnd háskólasvæðisins bíður auk þess hnekki ef reitur húsnæðisins verður áfram í því standi sem hann er í dag.

Staðan er sú að samkvæmt núverandi áætlun er ekki gert ráð fyrir því að neinu fé verði úthlutað til Húss íslenskra fræða á árunum 2020-2024. Því spyr undirrituð hvenær megi búast við tímalínu sem staðið verður við eða eru áform ríkisstjórnar þau að holan fái að safna gróðri í 10 ár í viðbót?



FRETTABLADID/STEFÁN

**Óvissa um þessar framkvæmdir er bagaleg og ásýnd háskólasvæðisins bíður auk þess hnekki.**

# SAMSUNG
# QLED 2019
## LÍNAN ER KOMIN Í HÚS




PQI3100 Sýnir alla liti 100% Ambient mode
Quantum Dot Supreme UHD Dimming QHDR

Verð frá
**194.900 kr**

49" 55" 65"




PQI3300 QHDR 1000 Ambient mode Quantum Dot
Full Array Local Dimming Sýnir alla liti 100%

Verð frá
**249.900 kr**

55" 65" 75" 82"




PQI3800 AMBIENT MODE No-Gap Wallmount Compatible
One Connect Box Direct Full Array Plus QHDR 1500 Q Wide Angle

Verð frá
**389.900 kr**

55" 65"




No-Gap Wallmount Compatible Direct Full Array Elite QHDR 2000
One Connect Box AMBIENT MODE Ultimate Black Elite PQI4000
Q Wide Angle

Verð frá
**399.900 kr**

55" 65" 75"




# SAMSUNG
## QLED 2018
## KAUPAUKI

**ÞÚ KAUPIR 65" SJÓNVARP OG FÆRÐ 50" SJÓNVARP FRÍTT MEÐ**
***499.900 KR. VERÐ ÁÐUR 689.900 KR.***

ORMSSON

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

SAMSUNG SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 | SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18

samsungsetrid

## Ungir Selfyssingar rotuðu stórveldið úr Hafnarfirði




Selfoss sýndi allar sínar bestu hliðar og gekk frá Haukum í 35-25 sigri sem tryggði Selfossi fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í gær. Haukar réðu ekkert við öfluga sókn Selfyssinga leidda af Elvari Erni í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Reimaði á sig markaskóna eftir ferð til Egyptalands

**Lilja Dögg Valþórsdóttir, leikmaður KR í Pepsi Max deild kvenna, kom nánast með ferðatöskuna í leikinn gegn ÍBV þar sem hún skoraði nokkrum klukkustundum eftir að hafa komið heim frá Egyptalandi.**

**FÓTBOLTI** „Ég bað um skiptingu þegar skammt var eftir. Þá var líkaminn orðinn svolítið þreyttur – trúlega eftir flugin þrjú á sunnudaginn,“ segir Lilja Dögg Valþórsdóttir en hún skoraði fyrra mark KR í Pepsi Max deild kvenna í 2-1 sigri liðsins á ÍBV.

Lilja var í ævintýraferð með systur sinni í Egyptalandi og lenti á sunnudeginum á Klakanum. Náði einni æfingu og reimaði á sig markaskóna á þriðjudegi í fyrsta sigri KR í deildinni.

„Egyptaland er ótrúlega merkilegt land og við vorum að skoða og fræðast um allar þessar fornminjar sem eru þarna. Það er ótrúlegt að standa við hlið eða inni í píramídunum og sjá alla þessa sögu. Maður verður einhvern veginn svo agnarsmár á þessum stað,“ segir hún.

Lilja er elsti leikmaður deildarinnar, fædd árið 1982, og er því 37 ára gömul. Hún hefur spilað 240 leiki á sínum ferli og skorað 13 mörk en líkt og tölfræðin sýnir þá spilar hún í vörninni.

„Það er ennþá ótrúlega gaman að vakna og bíða eftir að komast á æfingu. Líkaminn er í fínu standi og ég hef verið heppin með meiðsli á undirbúningstímabilinu. Ég gat því æft af fullum krafti í vetur og komið vel undirbúin inn í Íslandsmótið.

Á meðan líkaminn leyfir og mér finnst þetta ennþá jafn gaman þá er ég ekkert að fara að hætta. En ég mæli ekkert endilega með ferðalagi til Egyptalands svona á miðju tímabili en þetta var einfaldlega þannig ferð að ég gat ekki sleppt henni.

Systir mín náði að plata mig með og ég sé alls ekki eftir því.

Næst er það Breiðablik í deildinni og það var lífsnauðsynlegt að fá okkar fyrstu stig með þessum sigri á ÍBV. Við stefnum á að byggja ofan á hann,“ segir Lilja.

benediktboas@frettabladid.is




Lilja Valþórsdóttir í vinnu sinni hjá Marpól Hreinlætisvörum í Kópavogi rétt áður en hún skundaði á æfingu með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Mynd af þeim systrum, Lilju og Köru Rós fyrir framan píramídana í Giza, sem eru sennilega þeir þekktustu af píramídunum í Egyptalandi.

## Dybala á förum

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður og bróðir Paulo Dybala, Gustavo Dybala, segir að bróðir hans muni að öllum líkindum yfirgefa Juventus í sumar. Dybala spilaði 28 leiki í vetur og skoraði aðeins fimm mörk og lagði upp fjögur. Hlutverk hans hefur breyst mikið síðan sjálfur Cristiando Ronaldo mætti á svæðið.

„Það er líklegt að hann fari. Hann þarf á breytingu að halda. Ég get ekki sagt hvert en auðvitað er staða hans þannig að hann þarf breytingu. Hann verður ekki sá eini sem fer frá Juventus í sumar,“ sagði bróðirinn en Dybala hefur verið orðaður við Manchester United.

Ítalski miðillinn Tuttosport greindi frá því í gær að Manchester-liðið hefði fundað með fjölskyldunni undanfarinn mánuð. Dybala er metinn á um 100 milljónir punda. **– bb**




**Cristiano Ronaldo hefur breytt landslaginu í Tórínó.**

## Ellefu teknir fastir í Georgíu

**FÓTBOLTI** Georgíska lögreglan staðfesti í gær að hún hefði handtekið ellefu knattspyrnumenn vegna gruns um að hafa hagrætt úrslitum. Þann 19. maí tapaði Wit Georgia 2:0 gegn Batumi's Dinamo í deildinni sem vakti töluverða athygli austan tjalds. Fóru margir strax að tala um að þar hefði úrslitum verið hagrætt þó að Batumi sé í toppbaráttunni en Wit við botninn.

Mörkin sem Wit fékk á sig þóttu einfaldlega of einföld til að þau gætu staðist. Eru leikmennirnir sagðir hafa grætt vel á því hvernig leikurinn fór og hvenær mörkin komu. Leikmennirnir gætu átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsisvist verði þeir fundnir sekir. **– bb**



**Sir Alex Ferguson snýr aftur í stúkuna á Old Trafford í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá sigrinum.**

## Vantar bara Giggs og Neville

**FÓTBOLTI** Manchester United spilar á sunnudag góðgerðarleik gegn Bayern München í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá sigrinum ótrúlega í Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Flestar af goðsögnum félaganna munu mæta en landsliðsþjálfararnir Ryan Giggs og Phil Neville komast ekki vegna starfa sinna.

Sir Alex Ferguson mun stýra liðinu ásamt sínum hundtrygga aðstoðarmanni Steve McLaren og Bryan Robson verður þjálfari. Gary Neville, David Beckham, Paul Scholes og Nicky Butt, Peter Schmeichel, Dennis Irwin og Jaap Stam hafa allir boðað þátttöku sína.

Hjá Bayern má finna nöfn eins og Sammy Kuffour, Markus Babbel, Christian Nerlinger, Lothar Matthäus og Stefan Effenberg. **– bb**




Elvar örn jónsson var verðskuldað valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar eftir síðasta leik sinn í Selfosstreyjunni í bili en hann leikur með danska félaginu skjern á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skrifuðu sig í sögubækurnar

Ungt lið Selfyssinga vann fyrsta meistaratitil félagsins í gær með tíu marka sigri á Haukum. Haukar lentu undir snemma leiks og fundu enga leið til að stöðva sjóðheita Selfyssinga sem börðust eins og ljón á báðum endum vallarins í gærkvöld.







## Skoðun dagsins:

# [ Það er alltaf sól fyrir norðan ]

Ef þig vantar óumdeildari skoðun
geturðu fengið eina hjá okkur



Er kominn tími til að fara með
**ferðavagninn í skoðun?**

**Lengri opnunartími í Hádegismóum 8** í dag
fimmtudaginn 23. maí – **opið til kl. 20**




Frumherji

Sími 570 9090 • www.frumherji.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
23. MAÍ 2019 FIMMTUDAGUR



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur S. Magnússon**
viðskiptafræðingur,
Æsufelli 2, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 4. maí.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

**María Sigríður Ágústsdóttir**
**Margrét Haraldsdóttir** **Conny Larsson**
**Ágúst Haraldsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Anna María, Hannes Axel,**
**María Sigríður, Margrét Lóa**
**Edda María**

---



**Arinbjörn Kristjánsson**
(Böddi á Bakka)

vélatæknifræðingur,
Háahvammi 10, Hafnarfirði,

lést 20. maí sl.
Bálför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Birthe Kristjánsson**
**Marion E. Arinbjarnardóttir**
**Kristrún E. Arinbjarnardóttir** **Heimir Jónasson**
**Þórunn Arinbjarnardóttir** **Hilmar Þór Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**Aron Davíð Jóhannsson**
sjómaður,
Hólabraut 6, Reykjanesbæ,

lést sunnudaginn 12. maí.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Jóhann Ingi Grétarsson** **Margrét Ingiþórsdóttir**
**Heiða Ósk og Aron Burkni**
**Sólný Sif Jóhannsdóttir** **Sigurður Smári Hansson**
**Laufey Jóhannesdóttir**
**Sigurveig Sigurjónsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður R. H. Sigfúsdóttir Halldórs**

sem lést miðvikudaginn 8. maí, á Hjallatúni, Vík í Mýrdal, verður jarðsungin frá Víkurkirkju laugardaginn 25. maí kl. 13.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hollvinasjóð Hjallatúns, 0317-26-300530, kt. 430206-1410.

**Jóhannes St. Brandsson**
**Sigfús Jóhannesson** **Theresa A. O´Brien**
**Guðrún Jóhannesdóttir** **Þ. Daði Halldórsson**
**Stefán H. Jóhannesson** **Árný Lúthersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug R. Líndal Karlsdóttir**
(Gógó)
Hringbraut 2b, Hafnarfirði,

lést 15. maí. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Kristín Líndal Hafsteinsd.** **Hörður Oddgeirsson**
**Karlotta Líndal Hafsteinsd.** **Sigurður Friðfinnsson**
**Guðmundur Örn Jónsson**
**Guðbjörg Líndal Jónsd.** **Hallgrímur Atlason**
**Grétar Jónsson** **Þorlaug Steingrímsdóttir**
**Rúnar Haraldur Jónsson**

---



Arnþór fjallar um þróun Reykjavíkurflugvallar og langvinnar deilur um staðsetningu hans í fyrirlestri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vagga flugs í Vatnsmýri

**Í tilefni af aldarafmæli flugs á Íslandi heldur Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur erindi um sögu Reykjavíkurflugvallar í dag í fyrirlestrasal Hótels Reykjavík Natura.**

Brátt verða hundrað ár liðin frá því flugvél hóf sig fyrst á loft á Íslandi. Vagga flugsins stóð í Vatnsmýrinni og í dag, klukkan 17.30, verður Arnþór Gunnarsson, sagnfræðingur og höfundur bókarinnar Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi, með fyrirlestur um flugvallargerðina á árum seinni heimsstyrjaldar. Fyrirlesturinn er á Hótel Reykjavík Natura, við flugvöllinn og er öllum opinn. En hvernig skyldi Arnþóri hafa gengið að finna heimildir um þessa miklu framkvæmd? „Auðvitað þarf maður alltaf að grafa en ég bjó að því þegar ég byrjaði á þessu verkefni að hafa skrifað BA-ritgerð í sagnfræði 1990 um samskipti bæjaryfirvalda í Reykjavík og herstjórnarinnar bresku á árunum 1940 og 1941. Þar spilaði Reykjavíkurflugvöllur stóra rullu því hann var stærsta einstaka framkvæmdin hjá Bretum.“

Það voru Íslendingar sem hófu flugstarfsemi í Vatnsmýrinni, að sögn Arnþórs. „Þeir gerðu grasflugbrautir í upphafi og sumarið 1940, rétt fyrir hernám, lögðu þeir bráðabirgðaflugbraut á mel frá Öskjuhlíðinni vestur á Mela. Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti flugvöll í Vatnsmýrinni í mars 1940. En það samþykki miðaðist örugglega við þær fyrirætlanir sem íslenskir flugrekendur og áhugamenn höfðu og þær voru minni í sniðum en sá flugvöllur sem Bretar gerðu síðan. Flugvöllur er ekki það sama og flugvöllur, frekar en bíll og bíll!“

**Þegar fyrstu flugbrautirnar voru gerðar brúuðu menn skurðina með hlerum til að ná þeirri flugbrautarlengd sem þurfti fyrir þær vélar sem þá voru til staðar.**

Fyrir voru tún í Vatnsmýrinni og því hafði hún verið ræst að hluta. „Það voru nokkur býli á þessu svæði, þannig að landið var nýtt til búskapar. Þegar fyrstu flugbrautirnar voru gerðar brúuðu menn skurðina með hlerum til að ná þeirri flugbrautarlengd sem þurfti fyrir þær vélar sem þá voru til staðar. Þessar brýr sjást á loftmyndum frá stríðsárunum. En Bretar þurftu að þurrka mýrina meira upp og svo Íslendingar enn frekar eftir stríð, þegar stærri og þyngri flugvélar voru komnar, meðal annars til millilandaflugs. Þá voru líka komnar öflugri vélar til skurðgraftar, allt svoleiðis kom með hernum, einkum þeim ameríska.“

En býst Arnþór við rifrildi um hvort völlurinn eigi að fara eða vera, eftir sinn fyrirlestur? „Ekki svo ég viti. Það stendur allt sem ég segi. En deilur um hvar flugvöllurinn ætti að vera hófust um miðjan 4. áratuginn þegar flugmálaráðuneyti ríkisins var stofnað og Agnar Kofoed Hansen varð flugmálastjóri. Þá strax voru skiptar skoðanir um hvort völlurinn ætti að vera í Vatnsmýrinni eða í Kringlumýrinni, vegna þess að byggðin var þegar nálægt og menn voru meðvitaðir um að hún mundi vaxa. En í Vatnsmýrinni er hann enn og það er magnað að umræðan um staðsetningu hans skuli hafa verið í gangi allan þennan tíma.“ **gun@frettabladid.is**

---



**Magnús Helgi Ólafsson**
sjúkraþjálfari og vinnuvistfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans 20. maí 2019. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 27. maí nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hildur Bergþórsdóttir**
**Ólafur Magnússon** **Sæbjörg I. Richardsdóttir**
**Lára Magnúsdóttir** **Tim Miller**
**Rúnar Þór Magnússon** **Gerda Klotz**
**Kristinn Þeyr Magnússon**

---



Elsku hjartans vinurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**Guðmundur Örn Njálsson**
vélstjóri,
Fossatúni 4, Akureyri,

er látinn.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. maí kl. 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu Akureyrar, Krabbameinsfélag Akureyrar og Ljósið.

**Guðrún Birna Jóhannsdóttir**
**Dagný, Sigríður Ásta, Anný Rós,**
**Sjöfn og Katrín Lind Guðmundsdætur**
**tengdasynir og afabörn.**



# Ekki vera gagnslaus

## Þú þarft meira en orðin tóm

Þú getur talað eins og þú vilt, en þegar upp er staðið gerir síminn þinn takmarkað gagn án gagnamagns.

**5 GB + Ótakmarkaðar mínútur og SMS = 2.990** kr. á mánuði

Ef þú ert í *Heima* færðu **50 GB fyrir sama verð.**

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 3 ↓ |
| Ísafjörður | 5 | 3 ↖ |
| Akureyri | 9 | 2 ← |
| Egilsstaðir | 6 | 6 ↙ |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 3 ↑ |
| Hveravellir | 7 | 5 ↓ |

Norðaustan eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað að mestu og súld á köflum, en heldur bjartara og stöku síðdegisskúrir suðvestantil á landinu. Léttir heldur til norðanlands og dregur úr úrkomu, en áfram síðdegisskúrir syðra. Hiti frá 4 stigum á norðausturhorninu, upp í 14 stig á Vesturlandi.

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 4 | 3 ↙ |
| Akureyri | 7 | 4 ↓ |
| Egilsstaðir | 7 | 4 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 3 ↙ |
| Hveravellir | 5 | 2 ↘ |

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 1 ↓ |
| Ísafjörður | 5 | 4 ← |
| Akureyri | 3 | 1 ↙ |
| Egilsstaðir | 4 | 2 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 3 ↖ |
| Hveravellir | 8 | 2 ↙ |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fiflast
5. rótleysi
6. í röð
8. ljósbrjótur
10. frá
11. tvennd
12. fjöl
13. sónn
15. innsigli
17. skína.

**LÓÐRÉTT**
1. planta
2. svörður
3. flumbrugangur
4. stundir
7. vinnuvél
9. hindra
12. vogur
14. skjón
16. hvort.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** atast, **5.** los, **6.** íj, **8.** prisma, **10.** af, **11.** par, **12.** borð, **13.** ómur, **15.** signet, **17.** stafa.
**LÓÐRÉTT: 1.** alparós, **2.** torf, **3.** asi, **4.** tímar, **7.** jarðýta, **9.** sporna, **12.** bugt, **14.** mis, **16.** ef.

## Skák Gunnar Björnsson

Beliavsky átti leik gegn Seirawan í Brussel árið 1988.

**1...Bf3! 2. gxf3 0-1.** Það styttist óðfluga í Íslandsmótið í skák sem hefst í Hofi á Akureyri á laugardaginn. Stórmeistararnir Hannes Hlífar Stefánsson, Héðinn Steingrímsson, Bragi Þorfinnsson, Þröstur Þórhallsson og Helgi Áss Grétarsson, sem hefur titil að verja, eru meðal keppenda.

**www.skak.is:** Grand Prix-mót í Moskvu.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


VORSPRENGJA
Lenovo
Lenovo IdeaPad 330
verð 64.900 kr.
Lenovo Yoga 530
verð frá 124.900 kr.
Lenovo Yoga 730
verð frá 159.900 kr.
Lenovo IdeaPad S530
verð 119.900 kr.
netverslun.is
Borgartúni 37, 105 Reykjavík • 516 1000
.origo.

FRÉTTABLAÐIÐ MENNING



Gítarleikarinn Reynir Hauksson og söngvarinn Jacób de Carmen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tónlist hins vinnandi manns

**Reynir Hauksson er í hópi spænskra listamanna sem verða með flamenco-sýningu í Salnum. Halda einnig masterclass.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Flamenco-sýning verður í Salnum Kópavogi laugardaginn 25. maí og sunnudaginn 26. maí, klukkan 21. Fram koma dansarar, söngvarar og hljóðfæraleikarar frá Granada. Hópurinn verður einnig með masterclass í Salnum á laugardag klukkan 15. Einn Íslendingur er í hópnum, gítarleikarinn Reynir Hauksson.

**Tóntegundir og ákefð**

Reynir er spurður hvenær hann hafi fengið áhuga á flamenco. „Ég held að ég hafi haft þennan áhuga alla mína ævi. Allir þeir þættir sem ég kann svo vel við í tónlist eru til staðar í flamenco, þessir forvitnilegu ryþmar og tóntegundir og ákefðin í flutningnum. Þetta er það sem hrífur mig við flamenco. Þegar ég bjó í Noregi kynntist ég spænskri konu og um leið opnuðust dyrnar að Spáni. Ég flutti til Granada og er búinn að vera þar í þrjú ár.“

Flytjendurnir sem koma fram í Salnum eru Reynir sem leikur á gítar eins og Jorge el Pisao, söngvarinn Jacób de Carmen og dansararnir Irene la Serranilla og Paco Fernández. „Þau hafa starfað lengi saman en ég er búinn að vera þarna skemur og flest eru þau fædd og uppalin í Granada,“ segir Reynir. „Ég kynntist Jacób fyrir ári, hann kom með mér til Íslands í fyrra og við settum upp sýningar víða um land. Þegar ég var að undirbúa sýningu fyrir næsta hóp á Íslandi mælti Jacób með þessum listamönnum. Við Jacób vinnum töluvert saman á Spáni, ég spila mikið undir hjá honum og eins spila ég undir í dansakademíu sem kvendansarinn, Irene, er með úti á Spáni.“

**Masterclass í Salnum**

Jacób er spurður hvernig honum finnist Íslendingar hafa tekið flamenco. „Miðað við viðbrögðin á sýningunum í fyrra finnst mér Íslendingar vera mjög hrifnir af flamenco og bera jafn mikla virðingu fyrir þessu listformi og gert er á Spáni, ef ekki meiri. Íslendingar eiga klassíska tónlistarmenn og djassista á heimsmælikvarða en flamencotónlist er ekki mikið flutt hér. Flamenco gæti blómstrað á Íslandi ef viðburðum eins og þeim sem við flytjum verður haldið áfram, í kjölfarið gæti orðið meiri vitneskja um flamenco,“ segir hann og bætir við: „Flamenco kemur frá Andalúsíu. Þetta er tónlist hins vinnandi manns, fólks sem í sínu daglega amstri klappar taktinn, syngur og dansar.“

Hópurinn verður með masterclass í Salnum á laugardag klukkan 15. „Við munum tala um flamenco, sögu þess og hvaðan það kemur, ryþmana sem eru mjög forvitnilegir og hvernig þeir eru taldir. Þarna mun fólk líka geta fengið danskennslu, gítarkennslu og söngkennslu,“ segir Reynir.

Kristinn R. Ólafsson verður kynnir á tónleikunum í Salnum á laugardags- og sunnudagskvöld. „Ég hafði samband við hann á Facebook og hann sagði mér að fyrir tilviljun væri hann að koma viku seinna til Granada. Við mæltum okkur mót, ég spilaði fyrir hann og við spjölluðum saman. Hann tók vel í að vera kynnir og fannst skemmtilegt að ég væri að koma með flamenco til Íslands,“ segir Reynir.



Irene la Serranilla er annar af tveimur dönsurum sýningarinnar.

# Heimsfrumsýning á íslenska dans- og tónverkinu Aiõn

Dans- og tónverkið Aiõn eftir Ernu Ómarsdóttur danshöfund og Önnu Thorvaldsdóttur tónskáld verður heimsfrumsýnt á Point-tónlistarhátíðinni í Gautaborg á morgun, 24. maí. Dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar renna saman í eitt í túlkun þess.

Aiõn er mikið ástríðuverkefni þeirra Ernu og Önnu og er innblásið af abstrakt hugsun um tímann og ferðalag milli vídda. Þær stöllur bjóða áhorfendum upp á töfrandi heim þar sem tónlist og dans mætast á óvanalegan hátt.

Dansflokkurinn hefur fengið til liðs við sig búningahönnuðinn Agnieszka Baranowska og kvikmyndagerðarmennina Pierre-Alain Giraud og Valdimar Jóhannsson. Vídeóverki, sem þeir Pierre-Alain og Valdimar hafa búið til fyrir Aiõn, verður varpað á veggi tónlistarhússins meðan flutningur dans- og tónverksins fer fram.



Hluti af dansflokknum spókar sig á götum Gautaborgar milli æfinga. MYND/ÍD

Aiõn er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar. Íslendingar fá tækifæri til að upplifa það 1. apríl 2020 þegar Íslenski dansflokkurinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja verkið í Eldborg í Hörpu. (Þetta er ekki aprílgabb!)
– gun



Á æfingu á Aiõn. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




**739kr.**

**BOLOGNA**
EKTA ÍTALSKUR ÍS
FRÁ REMA 1000 MIKIÐ ÚRVAL
750ml

REMA 1000




**169kr.**

**REMA 1000 ÞYKKNI**
SÓLBERJA, JARÐABERJA, SÍTRÓNU, YLLIBLÓMA
1L
SUMARDRYKKUR BARA BÆTA VIÐ VATNI, SÓDAVATNI
EÐA EITTHVAÐ ANNAÐ...






**391kr.**

**VÍNBER GRÆN**
500g




**121kr.**

**HAMBORGARABRAUÐ**
MYLLAN
115g

**677kr.**

**BORGARAR 2 X 100g**
CLASSIC,CHILI-PIPAR,BEIKON
NORÐLENSKA




SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**




SUPER 1
**FAXAFENI 14**




SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**

## OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

# Skemmtileg áskorun fyrir Ævar Þór

**Ævar Þór Benediktsson sendir frá sér tvær nýjar bækur í flokki léttlestrarbóka. Fimmta og síðasta bókin í Bernskubrekum Ævars vísindamanns kemur út í byrjun júní.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



„Mér finnst afar ánægjulegt að hafa tekist að búa til bækur sem virka fyrir þennan lesendahóp,“ segir Ævar Þór Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Draugagangur og Piparkökuhúsið eru tvær nýjar bækur eftir Ævar Þór Benediktsson. Þetta eru þriðja og fjórða bókin í flokki léttlestrarbóka eftir hann en áður hafa komið út Búkolla og Börn Loka. Sjálfur kallar höfundurinn þessar bækur afleggjara úr Þín eigin-bókaflokki sínum. Í Draugagangi spinnur hann þráð úr bók sinni Þín eigin hrollvekja og Piparkökuhúsið er spuni úr Þínu eigin ævintýri og eins og þar ræður lesandinn framvindunni. Meira en 10 mismunandi endar eru í hverri bók og eru þær ríkulega myndskreyttar af Evönu Kisu.




**ÞAÐ AÐ SKRIFA STUTTAN EN ÁHUGAVERÐAN TEXTA ER SENNILEGA ÞAÐ ERFIÐASTA SEM ÉG HEF GERT Á RITVELLINUM.**

## Bækur fyrir alla

„Þessar bækur eru hugsaðar fyrir þá krakka sem vilja léttari texta en er í Þínum eigin-bókaflokknum. Þetta geta verið krakkar sem eru að byrja að lesa, eru að byrja að læra íslensku eða einfaldlega krakkar sem vilja einfaldari texta og fleiri myndir. Ég veit til dæmis af krökkum í sjöunda, áttunda og níunda bekk sem hafa verið að sækja í þessar bækur frekar en hinar lengri sem ég hef verið að skrifa. Það má eiginlega bara segja að þetta eru bækur fyrir alla,“ segir Ævar Þór.

Hann segir ekki ákveðið hversu margar bækur verði í þessum bókaflokki. „Mig langar að gera sem flestar. Næstu tvær yrðu þá úr Þínu eigin tímaferðalagi sem kom út fyrir síðustu jól og úr Þínum eigin tölvuleik sem er væntanleg um næstu jól. Ég var búinn að ganga með þá hugmynd í nokkur ár að búa til litla afleggjara úr Þín eigin bókunum og viðtökurnar við fyrstu tveimur bókunum voru framar öllum vonum. Þess vegna held ég áfram. Það að skrifa stuttan en áhugaverðan texta er sennilega það erfiðasta sem ég hef gert á ritvellinum. Ég hef mjög gaman af að flækja hlutina og nota mörg og erfið orð en þarna er það ekki í boði. Það hefur verið skemmtileg áskorun að semja áhugaverðan en knappan texta.“

## Fyllt upp í gat

Spurður um viðtökur segir Ævar Þór: „Ég hef heyrt í mörgum krökkum sem eru mjög kátir með þetta en ég heyri jafnvel í fleiri foreldrum og kennurum sem eru afar ánægðir með þessar bækur vegna þess að þær fylla upp í gat fyrir krakka sem eru búnir að lesa auðveldustu lestrarbækurnar en hafa ekki enn náð valdi á bókum sem geyma meiri texta. Mér finnst afar ánægjulegt að hafa tekist að búa til bækur sem virka fyrir þennan lesendahóp.“

Í byrjun júní er svo væntanleg ný bók eftir Ævar Þór sem var skrifuð samhliða hinu vel heppnaða lestrarátaki hans. Hún heitir Óvænt endalok og er fimmta og síðasta bókin í Bernskubrekum Ævars vísindamanns. Í þeirri bók eru sex krakkar sem tóku þátt í lestrarátakinu orðnar að persónum og sömuleiðis tveir foreldrar og fjórir skólar koma við sögu.

Ertu að tengja?



Hleðsla rafbíla – hvað ber að hafa í huga

Fáið löggiltan rafverktaka til að yfirfara og aðlaga raflögnina áður en rafbíll er hlaðinn í fyrsta sinn.

- Hver tengistaður má einungis hlaða einn rafbíl í einu
- Hver tengistaður skal varinn með yfirstraumvarnarbúnaði sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Hver tengistaður skal varinn með bilunarstraumsrofa (lekastraumsrofa) sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Bilunarstraumsrofinn ætti að vera af gerð B – þó má nota gerð A sé jafnframt notuð viðbótarvörn
- Mannvirkjastofnun mælir með að ekki séu notaðir hefðbundnir heimilistenglar til hleðslu rafbíla
- Mannvirkjastofnun mælir með að til heimahleðslu rafbíla séu notaðar þar til gerðar hleðslustöðvar eða iðnaðartenglar
- Stranglega er bannað að nota framlengingarsnúru, fjöltengi eða önnur „millistykki“ við hleðslu rafbíla
- Hleðslustrengir mega ekki liggja þar sem þeir geta orðið fyrir hnjaski, t.d. yfir vegi, gangstéttar eða stíga
- Ekki nota hleðslusnúru eða annan búnað sem hefur skemmst



Mannvirkjastofnun

Eftirréttir




# Sumar ostakaka

*Gæddu þér á ljúffengri ostaköku í sumar með fersku sítrónubragði. Fæst í næstu verslun.*

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23.05 | Kl 19:00 | U | Fim 30.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 07.06 | Kl 19:00 | U | Sun 16.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Lau 25.05 | Kl 13:00 | U | Sun 02.06 | Kl 19:00 | U | Mán 10.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |
| Sun 26.05 | Kl 19:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | Ö | Fim 13.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |
| Mið 29.05 | Kl 19:00 | U | Fim 06.06 | Kl 19:00 | Ö | Fös 14.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 24.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | UL |



### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 07.07 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 06.07 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | L |



### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 26.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim. 06.06 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Sýningin sem klikkar
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 25.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 01.06 | Kl. 20:00 | Ö |

## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 26.05 | kl. 16:00 | Ö | Sun 2.6 | kl. 16:00 | Au | Lau 8.6 | kl. 16:00 | Au |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fös 31.05 | kl. 19:30 | Ö |



### Loddarinn
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23.05 | kl. 19:30 | Ö | Fös 24.05 | kl. 19:30 | Ö | Mið 29.05 | kl. 19:30 | Ö |



### Súper
Kassinn

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24.05 | kl. 19:30 | Ö |




### Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | | Lau 28.09 | kl. 19:30 | |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | | Lau 05.10 | kl. 19:30 | |




### Hárið
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 14/6 | kl. 19:30 | U | Lau 15/6 | 19:30 | |

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á frettabladid.is/lifid




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. MAÍ 2019

### Skemmtistund

**Hvað?** Indversk skemmtistund
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Vesturgata 7, Reykjavík
Unnur Guðjónsdóttir skemmtir eldri borgurum á indverskan máta, sýnir skyggnur og dans í klukkutíma. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

**Hvað?** Prjónastund
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Prjónað verður í Gym og tonic salnum. Kvöldið er opið fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna og gaman væri að sjá sem flesta. Heklarar eru að sjálfsögðu velkomnir líka. Hvetjum alla til að koma með eigið garn og prjóna. Jón Elísson píanóleikari mun leika fagra tóna fyrir þátttakendur á húspíanóið.

### Orðsins list

**Hvað?** Málstofan The Politics of White
**Hvenær?** 11.00-12.30
**Hvar?** Oddi, stofa 101
Alþjóðleg ráðstefna norræna samstarfsnetsins NORA í kynja- og jafnréttisfræðum. Hún ber yfirskriftina Border Regimes, Territorial Discourses and Feminist Politics.

**Hvað?** Doktorsvörn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hátíðasalur Háskóla Íslands
Árdís Kristín Ingvarsdóttir ver doktorsritgerð sína, Karlmennskumótun á landamærum: Tengsl sjálfsverundar við manngildistefnur, réttsýni og hreyfanleika (Border masculinities: Emergent subjectivities through humanity, morality and mobility). Vörnin er öllum opin.

**Hvað?** Fyrirlestur um sögu Reykjavíkurflugvallar
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Hótel Reykjavík Natura – Fyrirlestrasalur (áður Hótel Loftleiðir)
Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur, og höfundur bókarinnar Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi, flytur fyrirlesturinn sem er öllum opinn.

### Tónleikar

**Hvað?** Djasssveitin Mantra
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Þekktir djassstandardar og frumsamið efni í bland við framandi möntrur verða á tónleikunum sem taka um hálfa klukkustund og eru hluti af hádegistónleikaröðinni Á ljúfum nótum. Sveitin er skipuð Aroni Steini Ásbjarnarsyni, Erni Ými Arasyni, Gísla Gamm og Gunnari Gunnarssyni. Aðgangseyrir er 1.500 kr. (Ekki er tekið við greiðslukortum).



Mantra kemur fram á hádegistónleikum í Fríkirkjunni.



Kristín Stefáns syngur lög Noruh Jones í Bæjarbíói í kvöld.

**Hvað?** Raflost opnun og lokasýning Raflosta
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Opnunarhátíð Raflost raflistahátíðarinnar. Nemendur Listaháskólans kynna afrakstur úr námskeiðinu Raflosti.

**Hvað?** Dúettinn Reg & Andreas
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10, Reykjavík
Kanadíski söngvarinn Reg Downey og danski píanistinn og söngvarinn Andreas Flensted-Jensen hafa víða heillað fólk með smitandi húmor og lífsþorsta, meðal annars í Noregi, Færeyjum, Kanada, Englandi og Danmörku.

**Hvað?** Lög Noruh Jones
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði
Kristín Stefánsdóttir, söngkona og tannlæknir, syngur lög Noruh Jones í útsetningu Hlyns Þórs Agnarssonar. Alls tólf manns flytja tónlistina.

**Hvað?** Raftónleikar á Raflosti
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Raftónleikar með Kurt Uenala og Halldóri Eldjárn.

**Hvað?** Óskalög frá ýmsum tímum
**Hvenær?** 21.00-23.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a
Söngkonurnar Þórunn Erna Clausen og Soffía Karls, ásamt Pálma Sigurhjartar píanóleikara og Pétri Valgarð Péturssyni gítarleikara flytja 1. hluta eigin óskalaga og áheyrenda frá hinum ýmsu tímum og deila sögunum bak við lögin. Gestasöngvari er Karl Friðrik Hjaltason.




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| The Wild Pear Tree (ENG SUB) | 17:30 | Lords of Chaos (ICE SUB) | 20:00 |
| Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) | 17:45 | The House That Jack Built (ICE SUB) | 21:00 |
| Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) | 18:00 | BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) | 22:20 |



# NÝÚTSKRIFAÐIR & VEISLURNAR



Kaldal - Svart og hvítt
Verð: 12.999.-

Sapiens
**TILBOÐSVERÐ: 1.999.-**
Verð áður: 2.799.-

Arkitektúr á Íslandi
Verð: 4.999.-

## ALLAR GINGKO KUBBAKLUKKUR



30% AFSLÁTTUR

**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 4.899.-**
Verð áður frá: 6.999.-



Battles That Changed the World
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.999.-

Sturlunga saga (3 bindi)
Verð: 3.999.-

Epic Drives of the World
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-



VITRA Toolbox
Verð: 5.400.-

vitra.



NÝ VARA

Ferðahátalari bluetooth
Verð: 11.999.-



30% AFSLÁTTUR

Skipulagstaska
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-



LUND london

Skittle Bottle hita- og kælibrúsi (500 ml)
Verð: 4.999.-

## Pelikan PENNAR



*fást aðeins í verslun okkar í Hallarmúla

25% AFSLÁTTUR

Pelikan

## ALLAR travelite CABIN FERÐATÖSKUR



30% AFSLÁTTUR

## ALLAR GABOL CLOUD FERÐATÖSKUR



30% AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 27. maí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

evapolar



Þín eigin skrifborðskæling!

Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.

Verð aðeins kr. 24.900 m.vsk.

Kælitækni







KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Landinn 2010-2011**
**14.05 HM í íshokkí**
**16.55 Í garðinum með Gurrý** Í þessum fyrsta þætti er farið í heimsókn til hjóna í Garðabæ, þeirra Steinunnar Gísladóttur og Jóns Magnúsar Vilhelmssonar. Þar eru þau frumbýlingar og hafa snyrt garð sinn og gróður allan ákaflega fallega. Gurrý sýnir hvernig planta eigi í hengikörfur. Að síðustu hreinsar Gurrý mosa sem gægist upp á milli hellna í garðinum og hugar að kartöfluútsæðinu.
**17.25 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands** Í þriðja þætti er farið á slóðir Íslandskaupmanna í Kristjánshöfn og við Norðurbryggju. Sumir þeirra voru vellauðugir og valdamiklir menn, aðrir eiga ættboga á Íslandi. Egill og Guðjón rifja upp siglingar Gullfoss til Kaupmannahafnar og skoða byggingar sem tengjast dönskum óvinum Jóns Arasonar.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Sebastian og villtustu dýr Afríku**
**18.39 Sögur - Stuttmyndir Súrubaunirnar**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin**
**20.00 Sælkeraferðir Ricks Stein - Bordeaux** Ferða- og matreiðsluþættir frá BBC þar sem sjónvarpskokkurinn Rick Stein kynnist matarmenningu nokkurra evrópskra borga. Hann heimsækir eina borg í hverjum þætti og fer meðal annars til Reykjavíkur.
**21.05 Klofningur** Leikin þáttaröð frá BBC um skilnaðarlögfræðing sem ákveður að yfirgefa fjölskyldufyrirtækið sem móðir hennar rekur og ganga til liðs við aðra lögfræðistofu. Í kjölfarið kemur hún öllum samböndum sínum í uppnám.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Skammhlaup** Önnur þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta. Lögreglumaðurinn James reynir enn að leysa ráðgátuna um hvernig og hvers vegna hinir dauðu risu upp á sama tíma og ný ógn steðjar að bænum. Aðalhlutverk. James Hayes, Genevieve O'Reilly og Emma Booth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Spilaborg**
**00.10 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.55 PGA-Championship**
**13.55 PGA-Highlights**
**14.50 Golfing World**
**15.40 Champions Tour Highlights**
**16.35 La Reserva de Sotogrande Invitational**
**19.35 Inside the PGA Tour**
**20.00 Charles Schwab Challenge** Bein útsending frá Charles Schwab Challenge á PGA-mótaröðinni.
**23.00 Golfing World**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Younger**
**14.10 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Kids Are Alright**
**20.10 Lambið og miðin**
**20.45 9-1-1**
**21.35 The Resident**
**22.20 FEUD**
**23.15 The Tonight Show**
**00.00 The Late Late Show**
**00.45 NCIS**
**01.30 NCIS. Los Angeles**
**02.15 Law and Order. Special Victims Unit**
**03.00 Yellowstone**
**03.45 Pose**
**04.45 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal**
**19.27 Sinfóníutónleikar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25 The Fits**
**13.40 The Choice**
**15.30 Experimenter**
**17.10 The Fits**
**18.25 The Choice**
**20.20 Experimenter**
**22.00 Fathers & Daughters**
**23.55 99 Homes**
**01.45 Sister Mary Explains It All**
**03.05 Fathers & Daughters**

### STÖÐ 2

NÁNAR
**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Anger Management**
**10.00 Two and a Half Men**
**10.20 Lögreglan**
**10.50 Ísskápastríð**
**11.25 Heimsókn**
**11.50 Satt eða logið**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Leave No Trace**
**14.45 Robo-Dog**
**16.15 Friends**
**16.35 Stelpurnar** Allir fyndnustu brandararnir úr fjórðu þáttaröðinni af Stelpunum eru hér samankomnir í einum þætti.
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.45 NCIS**
**20.30 Whiskey Cavalier**
**21.15 The Blacklist**
**22.00 Barry**
**22.30 Lethal Weapon**
**23.15 Real Time With Bill Maher**
**00.15 Shetland**
**01.15 Flóridafanginn**
**02.00 Killing Eve**
**02.45 High Maintenance**
**03.15 Friends**
**03.40 How to Talk to Girls at Parties**

### STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Mindy Project**
**21.15 Supergirl**
**22.00 Arrow**
**22.45 Stelpurnar**
**23.10 First Dates**
**23.55 The Simpsons**
**00.20 Bob's Burgers**
**00.45 The Last Man on Earth**
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Manchester United - Cardiff**
**08.40 Messan**
**09.45 Þór/KA - Breiðablik**
**11.25 Sassuolo - Roma**
**13.05 Napoli - Inter**
**14.45 Ítölsku mörkin**
**15.15 Manchester City - Watford**
**17.00 Ensku bikarmörkin**
**17.30 Premier League World**
**18.00 Úrvalsdeildin í pílukasti** Bein útsending frá Úrvalsdeildinni í pílukasti.
**21.30 Pepsi Max Mörk kvenna**
**22.35 UFC Greatest Fights**
**23.05 Njarðvík - Keflavík**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**10.20 Lazio - Bologna**
**12.00 Real Madrid - Real Betis**
**13.40 Eibar - Barcelona**
**15.20 Getafe - Villarreal**
**17.00 Spænsku mörkin**
**17.30 Haukar - Selfoss. Leikur 3**
**19.05 Njarðvík - Keflavík** Bein útsending frá leik í Inkasso deildinni.
**21.10 Úrslitaleikur kvenna. Lyon - Barcelona**
**22.55 Chelsea - Manchester City**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

bauhaus.is

# BAUHAUS®



**Jarðaberjaplanta**
Í 9,5 cm potti. Fæst í fleiri tegundum.

**295,-**



**Bláberjarunni**
Vaccinium corymbosum.
Í 17 cm potti.

**2.495,-**




**4.995,-**




**1.895,-**

Gardol STANDARD



Stunguskófla

Steypuskófla

Sandskófla

STYKKJAVERÐ

**5.995,-**

## Sumarvörur á enn betra verði í Garðalandi



**54.995,-**

AL-KO

**Bensínsláttuorf**
- BC 4125 II-S.
- Comfort. 32,6 cc.
- Tvígengis ótor.
- Sláttubreidd þráður: 41 cm.
- Sláttubreidd hnífur: 25 cm.
- Þyngd: 7,8 kg.



**39.995,-**

Hurricane

**Bensínsláttuvél**
- DYM1653F.
- 98,5 cc. DG350.
- 50 l. safnskúffa.
- Sláttubreidd: 41 cm.
- Sláttuhæð: 25-75 mm.
- Þyngd: 25,2 kg.



WORX

NÝTT Í BAUHAUS

**Sláttuvélaróbot**
- M700.
- Li-ion rafhlaða.
- Hámarks halli á grasflöt 35%.
- Sláttuhæð hám. 60 mm.
- Sláttubreidd 18 cm.
- Slær allt að 700 m² grasflöt.

**119.995,-**



WORX

NÝTT Í BAUHAUS

**Sláttuvélaróbot**
- Landreid 1500.
- Li-ion rafhlaða.
- Hámarks halli á grasflöt 35%.
- Sláttuhæð hám. 60 mm.
- Sláttubreidd 18 cm.
- Slær allt að 1500 m² grasflöt.

**189.995,-**

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Stjörnufans á frumsýningu Once Upon a Time in Hollywood

Nýjasta mynd Quentins Tarantino var frumsýnd í fyrradag í Cannes. Hún hefur fengið einstaklega góða dóma.

Rauði dregillinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes í Suður-Frakklandi var stjörnum prýddur á þriðjudaginn þegar nýjasta kvikmynd Quentins Tarantino var frumsýnd. Með helstu hlutverk fara Leonardo DiCaprio, Brad Pitt, Margot Robbie og Dakota Fanning, en þau létu sig ekki vanta á sýninguna. Leikarinn Luke Perry fór með hlutverk í myndinni, sem var sú síðasta sem hann lék í áður hann lést úr hjartaáfalli fyrir rúmum tveimur mánuðum aðeins 52 ára gamall. Once upon a time in Hollywood hefur fengið gífurlega góða dóma og því eflaust spenningur meðal forfallinna Tarantino-aðdáenda fyrir því í að hún verði sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum. Íslendingar þurfa þó að bíða örlítið lengur, því að sýningardagur er settur 7. ágúst.
**steingerdur@frettabladid.is**



Margot Robbie sá til þess að hún fengi rós í hnappagatið, sama hvernig myndinni yrði tekið. NORDICPHOTOS/GETTY



Þessi hattur mætti með leikkonunni Elle Fanning, en sú síðarnefnda hefur þótt skara fram úr í klæðaburði á hátíðinni.



Fyrirsætan Camila Morrone er kærasta Leonardos DiCaprio og nær helmingi yngri en hann.



Leonardo DiCaprio bauð kærustunni en nennti ekki að standa við hliðina á henni.



Fyrirsætan Winnie Harlow sá til þess að það væri ekki bara einn rauður dregill þetta kvöldið.



Fyrirsætan Hanna Cross mætti með syni Victoriu Beckham á frumsýninguna.

# Nökkvi Fjalar kveður Áttuna

Mér þykir svo vænt um það sem ég skapa að ég myndi aldrei taka þetta skref nema að ég vissi að merkið væri í góðum höndum,“ segir Nökkvi Fjalar Orrason en hann hefur ákveðið að stíga til hliðar úr daglegum rekstri Áttunnar.

Hann segir ekkert hafa komið upp á og að hann og Egill Ploder séu góðir vinir. „Ástæðan fyrir því að ég er að færa mig úr daglegum rekstri á Áttunni, sem ég hef unnið lengi að, er sú að á næstunni er ég að fara út í nýtt og spennandi verkefni. Ég vil meina að það sé eitt af því stærsta hingað til. Þetta verkefni er skörun á þeirri starfsemi sem ég er nú þegar með í gangi,“ segir hann.

Áttan verður nú í höndunum á Arnari Þór Ólafssyni, Agli Ploder og Orra Einarssyni. Nökkvi segist vera mjög stoltur af stefnu fyrirtækisins og að þessar áherslubreytingar hafi gefið merkinu nýtt og ferskt líf. „Við

**VIÐ HÖFUM UNDIRBÚIÐ ÞETTA SKREF HJÁ MÉR Í LANGAN TÍMA OG ERU KOMNIR STARFSMENN Í ÖLL ÞAU VERKEFNI SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ SINNA UNDANFARIÐ.**

höfum undirbúið þetta skref hjá mér í langan tíma og eru komnir starfsmenn í öll þau verkefni sem ég hef verið að sinna undanfarið.

Ég hef unnið að uppbyggingu Áttunnar frá fyrsta degi og unnið að efnissköpuninni öll fimm árin sem það hefur verið til. Fyrstu tvö árin fóru í að byggja upp merkið fyrir framan myndavélina og svo árin eftir það fyrir aftan hana,“ segir Nökkvi. **benediktboas@frettabladid.is**



Áttan í þá gömlu góðu. Nökkvi er fyrir miðju en hann er einn af stofnendum Áttunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


23. maí – 2. júní
KOMBÓ TILBOÐ
Stór bátur
+ 0,5 l Pepsi
1.090 KR.
pepsi
quiznos.is
olís
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ
LANDSBYGGÐIN:
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU · VARMAHLÍÐ
Quiznos






Ottó Tynes frumflytur plötuna Happiness hold my hand í kvöld á Hard Rock. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Hvorki að þessu fyrir athyglina né peningana

**Ottó Tynes** gaf út plötuna Happiness hold my hand á dögunum. Hann er með útgáfutónleika í kjallaranum á Hard Rock í kvöld. Staðsetningin var valin til að heiðra minningu Rósenbergkjallarans.

Heimspekikennarinn Ottó Tynes gaf út sína fyrstu og líklega síðustu sólóplötu nú á dögunum. Hún heitir Happiness hold my hand og gefur hann hana út undir listamannsnafninu Wasabi. Þótt fyrst og fremst sé um einstaklingsverkefni að ræða, þá mun Ottó hafa frábæra hljóðfæraleikara sér til halds og trausts á útgáfutónleikunum í kvöld. Þeir fara fram í kjallaranum á Hard Rock Cafe en hann segir staðsetninguna ekki vera neina tilviljun.

„Tónlistin er svolítið í anda bresku popp-rokk-sveita tíunda áratugarins. Akkúrat þannig tónlist var spiluð í Rósenbergkjallaranum sáluga. Hann sem var staðsettur einmitt þar sem Hard Rock kjallarinn er núna, áður en staðurinn brann til kaldra kola.“




### Flestar helgar í Rósenbergkjallaranum

Ottó fannst því tilvalið að halda útgáfutónleikana á stað þar sem breska nýbylgjutónlistin blómstraði fyrir aldarfjórðungi.

„Þetta var náttúrulega einn vinsælasti skemmtistaður þessa tíma. Ætli maður hafi ekki eytt flestum helgum á sínum tíma í Rósenbergkjallaranum. Við komumst ekki nær því að vera þar í dag en akkúrat á tónleikunum hjá mér,“ segir hann hlæjandi.

Hann segir nafnið á sólósveitinni einnig hafa skírskotun í popp-rokk tíunda áratugarins.

„Já, þá var vinsælt að bönd væru nefnd einföldum, stuttum og grípandi nöfnum sem gleymdust ekki auðveldlega. Oasis, Pulp, Blur. Svo mér fannst Wasabi alveg liggja við. Mér fannst þetta vera smá í anda þessara nafna.“

### Plata frekar en sportbíll

Ottó hefur lengi verið viðloðandi tónlistarbransann og meðlimur í fjölda íslenskra hljómsveita. Þeirra á meðal eru Ottó og nashyrningarnir og Geirfuglarnir. Hann hafði þó lengi dreymt um að láta verða af því að gera sólóplötu.

„Það er nú alveg hægt að tengja þessa löngun mína til að gera plötuna við gamla góða gráa fiðringinn,“ segir Ottó gamansamur og heldur áfram: „Sumir fá sér rándýran sportbíl en mig langaði bara að gera plötu. Svo ég ákvað að slá til og láta drauminn rætast. Það tókst með dyggum stuðningi fólks á Karolina Fund. Þannig að ég hlakka mikið til að spila fyrir þá sem hjálpuðu mér að láta þetta gerast.“

Ottó viðurkennir þó að það sé ekkert spaug að gefa út plötu. Það sé gífurlega kostnaðarsamt og hann hafi því auðvitað þurft að bera hluta þungans af því sjálfur. Hann er þó stoltur af útkomunni.

„Ég er hvorki að þessu fyrir athyglina, né peningana. Er það ekki bara flott fyrirsögn?“ svarar Ottó hlæjandi.

### Þakklátur þeim sem lögðu söfnuninni lið

Á plötunni eru níu lög og Ottó stefnir á að taka þau öll í kvöld.

„Svo er annar helmingur vestfirska dúósins Between the Mountains, hún Katla Vigdís, að hita upp fyrir mig. Hún er einmitt dóttir hans Venna sem spilar með mér á bassa.“

Það eru nánast allar líkur á því að þetta verði einu tónleikar Wasabi að sögn Ottós.

„Þetta verður bara í þetta eina skiptið þannig, það er núna eða aldrei að sjá mig flytja plötuna. Svo tekur bara næsta verkefni við. En mig langaði að halda eina tónleika allavega, svona til að þakka þeim sem lögðu mér lið í söfnuninni. Það þurfa helst samt svona 20-30 manns að mæta í viðbót til að ég geti borgað salinn, svo endilega allir að mæta svo ég komi út á sléttu,“ segir hann kíminn að lokum.

Tónleikarnir fara fram líkt og áður segir í kjallara Hard Rock Cafe við Lækjargötu. Húsið er opnað klukkan 21.00 og fljótandi veigar eru í boði fyrir þá fyrstu á svæðið. Miðaverðið er 3.000 krónur, en þeir eru til sölu á tix.is og við innganginn.

Happiness hold my hand er aðgengileg á Spotify.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO



# GARÐ-PARTÝ!

Skoðaðu tilboðin á byko.is



20%

TRAVELQ PORTABLE GAS GRILL

**Tilboðsverð**

## Ferðagasgrill

TRAVELQ 2B. Tveir ryðfríir hringbrennarar, glerjað pottjárn í grillfletinum og grillflötur upp á einn fjórða úr fermetra sjá til þess að þú ferð létt með að grilla hamborgara fyrir alla á tjaldstæðinu!

NAPOLEON

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2

**35.996**

506600010

Almennt verð: 44.995

Broil King Great Barbecues Every Time



**Tilboðsverð**

## Gasgrill

GEM 320, eldunarsvæði: 2774 cm2. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar.

20%

Kílóvött 6,9 | Brennarar 3

**39.996**

50657519

Almennt verð: 49.995



INFRARED SIZZLE ZONE

25%

ROGUE

Kílóvött 10,8 | Brennarar 2+1

**Tilboðsverð**

Yfirbreiðsla: 11.995
506661365

## Gasgrill

ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

**78.746**

506600037

Almennt verð: 104.995

NAPOLEON

BOSCH



**Tilboðsverð**

## Rafmagns-sláttuorf

Sláttuorf ART 24, 400W sláttuorf, 24 cm sláttubreidd.

**11.996**

74890325

Almennt verð: 14.995



**Tilboðsverð**

## Stjúpur

10 stk. Ýmsir litir

**995**

55092000

Almennt verð: 1.495

BOSCH



**Tilboðsverð**

## Rafmagnssláttuvél

Þægileg rafmagnssláttuvél sem hentar vel í minni garða.

**15.196**

74891130

Almennt verð: 18.995



**25% afsláttur** af öllu SONAX



Frábært verð!

## Blákorn

Góður alhliða áburður sem hentar vel í öll blómabeð, fyrir matjurtir og skrautrunna og tré. Inniheldur öll helstu næringar- og snefilefni.

5kg.

**1.595**

55095007



**25% afsláttur** af öllum áltröppum og -stigum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl. Tilboð gilda til 29. maí, eða á meðan birgðir endast.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur



# Væntingar um veður

Í gærmorgun gladdist ég innilega við að sjá glitrandi geisla sólarinnar. Sólin fangaði einhverja nýja óþekkta tilfinningu og sem kona á fimmtugsaldri vil ég skilja tilfinningar mínar. Eftir dálitla íhugun með sólgleraugu á nefinu, klædd rauðri sumarkápu fann ég að það sem gladdi mest var að sólin birtist alveg óvænt.

Það hafði verið þungt högg að lesa þriggja mánaða veðurspá sem boðaði blautt sumar. Á íslensku þýðir það loforð um rigningu í 90 daga. Þær væntingar hafa auðvitað áhrif á lífsgæði lítillar þjóðar. Mætti kannski hlífa okkur og vinna með þá hugmynd að banna veðurspá svona langt fram í tímann í upphafi sumars? Hugmyndafræðin er skyld þeirri að það geti verið glannalegt að birta skoðanakannanir síðustu daga fyrir kosningar vegna þess að það mótar hegðun kjósenda að vita hvernig fer. Trúir fólk því líka ekki að það hafi haft áhrif í Júróvisjón að veðbankar höfðu krýnt Holland sigurvegara löngu fyrir keppni?

Stundum má satt nefnilega kyrrt liggja. Vond veðurspá er breyta um hamingju þjóðar og um hvernig einkaneysla þróast. Grillmatur og garðhúsgögn hætta að seljast og menn mála ekki húsið í rigningu. Hjólin seljast illa sem heggur í bíllausan lífsstíl. Við keyrum óhamingjusöm um í rigningu og borðum óhollan mat úr bílalúgum. Þeir sem geta sækja sólina út og neyslan fer með þeim. Og til hvers að líma fólk við samningaborðið hjá ríkissáttasemjara um betri lífskjör ef veðurfræðin stígur svo á svið og sviptir fólk trú á betri tíð og blóm í haga – og hrekur okkur jafnvel úr landi? Nú þegar samdráttur er í fyrsta sinn frá 2010 þurfum við á öllum okkar bestu mönnum að halda, líka veðurfræðingum. Væntingarnar eru nefnilega lykillinn.







